

Gnúi og Steinunn
VINSÆLDIR
HOSSA HOSSA
KOMU EKKI Á
ÓVART ▶32

Birgir Snæbjörn Birgisson
LJÓSKUR DRAGA ÚR
HEILASTARFSEMI ▶20

BAMBO
 Nature

FSC Dermatologically tested

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
 27. september 2014
 227. tölublað 14. árgangur
 Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðastöðunni Laugavegurinn 2014



MISSTUM HANA INN Í HEIM EITURLYFJA

Ung móðir svipti sig lífi á Vogu fyrir tveimur vikum eftir langa og erfiða baráttu við vímuefnafíkn. Móðir hennar og amma, þær **Helena Rós Sigmarsdóttir** og **Ástríður Grímsdóttir**, ræða úrræðaleyfi ungra fíkla, eldri karlmenn sem nýta sér ástand þeirra og segja sögu Ástríðar Ránar. ▶22



HERBJÖRG ER ÍSLAND
 Guðrún S. Gísladóttir fer með hlutverk Herbjargar Maríu í verkinu Konan við 1000*. ▶28

UPPGANGUR ÖFGAFLOKKA Í EVRÓPU ▶30

Anna Þórunn Þórunn
 gagnrýnir leikritið **Ævintýri í Latabæ**.

SOLLA STIRÐA Í UPPÁHALDI
 ▶44

FÓLK
VETRARUNDIRBÚNINGUR
FERÐIR
atvinna

SONOS FÁÐU PRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Sjónvarpsmiðstöðin
 RAFTÆKJAVERSLUN • SIÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Hefur þú smakkað **GREEN APPLE?**

AMINO ENERGY

TRUE STRENGTH | **ON**

Opið allan sólarhringinn
 í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

GLEÐIFRÉTTIN

Fundaði með leikskólastrákum

Sjö strákar úr leikskólanum Laufásborg funduðu með Degi B. Eggertsyni borgarstjóra í vikunni til að ræða hvað þeir gætu gert vegna rusls og hundaskíts á götum Reykjavíkur. Félagarnir fengu fund með Degi eftir að þeir skrifuðu honum bréf um hve leiðinlegt þeim þætti að sjá rusl á götunum og stíga í hundaskít. Dagur samdi við drengina að þeir skyldu ræða vandann í sameiningu við foreldrana, hundaeigendur og borgarbúa.



FIMM Í FRÉTTUM SAMKEPPNISMÁL OG SÍMHLERANIR



Egill Sigurðsson, formaður stjórnar Mjólkursamsölunnar, telur eðlilegt að fyrirtæki utan MS borgi hærra verð fyrir mjólkina en aðrir.



Hrönn Marínósdóttir, stjórnandi RIFF, Alþjóðlegar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, tók á móti nokkrum fremstu leikstjórum heims.



Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir stofnanir sem eiga að skera niður verða að fá heimild til að segja upp fólki.



Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, telur mikilvægt að fyrirtæki sem stunda rekstur í Leifsstöð séu íslensk.



→ **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** hyggst fela nefndum að skoða hvort sérstakur saksóknari hafi farið að lögum og reglum við framkvæmd símhlerana.

VIKAN 21.9.→27.9.2014

SUNNUDAGUR Öflugur skjálfti í Bárðarbungu



Skjálfti upp á 5,5 stig varð við Bárðarbungu. Samkvæmt jarðfræðingi var skjálftinn einn sá stærsti sem hefur orðið í hrinunni.

MÁNUDAGUR Sögð hafa beitt ofbeldi Leikskólastjóri á heilsuleikskólanum Kærabæ á Kirkjubæjarklaustri er sagður hafa bundið barn í refsingarskyni þegar það átti erfitt með sitja kyrrt í matmálstíma. Leikskólustjórinn vísar ásökunum á bug.

PRÍÐJUDAGUR Læknaskortur viðvarandi Landlæknir segir áhyggjuefni að íbúum á hvern starfandi lækni skuli fara fjölgandi hér á landi. Nú eru 295 íbúar á hvern starfandi lækni en það stefnir í að þeir verði 390 eftir áratug.

MÍÐVIKUDAGUR Skorinn með hnífi í fangaklefa lögreglu Flytja þurfti Líberíumanninn Chaplas Menka á spítala eftir að lögreglumaður skar hann á fæti við handtöku fyrr í mánuðinum. Menka sakar lögregluna um ofbeldi og ætlað að leita réttar síns.

FIMMTUDAGUR Segir fátíðlegt að MS sé undanskilið lögum Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir að það sé að hans mati „fátíðlegt“ að Mjólkursamsalan sé undanþegin hluta samkeppnislaga. Ámælisverðast sé að stjórnvöld hafi ekkert aðhafst í þessu máli.

FÖSTUDAGUR Harka færir í kjarabaráttu lækna



„Sú staðreynd að lækna-stéttin á Íslandi er lægst launaða háskólastéttin er alls ekki uppörvandi.“

► SÍÐA 8

Arna Reynisdóttir, formaður Félags læknanema í Ungverjalandi.

Konan höfuðkúpubrotin og illa haldin eftir fallið

Lögreglan rannsakar tildrög slyss við Þríhnúka-gíg. Farið yfir verkferla og öryggi á staðnum. Ferðamennirnir í hópnum fengu áfallahjálp. Konu sem slasaðist er haldið sofandi á spítala.

SLYS Konan sem slasaðist við Þríhnúka-gíga í gær er höfuðkúpubrotin og er haldið sofandi eftir að hafa gengist undir aðgerð á Landspítalanum.

Konan, sem er leiðsögumaður á fimmtugsaldri, féll sjö metra ofan í sprungu við gönguleið á milli Þríhnjúka og Bláfjalla ásamt Bandaríkjamanni á sjötugsaldri sem var staddur þar með hópi ferðamanna. Maðurinn hlaut einnig áverka á höfði en er þó ekki talinn vera alvarlega slasaður. Honum var þó haldið undir eftirliti á sjúkrahúsi í nótt. Maðurinn var í hópnum ásamt bandarískri konu sinni.

Björn Ólafsson, framkvæmdastjóri 3H Travel sem sá um leiðsögn hópsins, segir að unnið sé að því að skoða verkferla og athuga hvort bæta þurfi öryggi á staðnum. Enn er óljóst um tildrög slyssins. „Þegar svona gerist er að sjálfsgöðu farið yfir okkar verkferla. Þarna virðist bara eiga sér stað hörmulegt slys og erfitt að átta sig á því nákvæmlega hvað gerist. Það virðist sem leiðsögumaðurinn frá okkur hafi staðið við sprunguna og verið að segja hópnum frá einhverju á meðan hópurinn var að ganga yfir brúna. Hún hafi runnið til í bleytu og misst fótanna. Af hverju maðurinn dettur er óljóst en vitni töldu að um tvö aðskilin atviki hefði verið að ræða. Það er erfitt að segja á þessari stundu þar sem hann var ekki að fullu áttaður eftir slysið og hún meðvitundarlaus. Það er verið að skoða þetta og ræða við fólkið sem var á staðnum,“ segir Björn.

Að sögn Björns voru aðstæður á svæðinu góðar þegar slysið átti sér stað. „Það er búið að rigna mikið en stígurinn er malarborinn. Aðstæður voru að öðru leyti góðar, ágætis veður, gott skyggni og allt slíkt. Að sjálfsgöðu munum við skoða hvað gæti mögulega verið gert betur, en hingað til hafa aðstæður þarna verið taldar mjög



MIKILL VIÐBÚNAÐUR Mikill viðbúnaður var á vettvangi en meðal þeirra sem komu að var Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, björgunarsveitir á svæðinu auk Landhelgisgæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

góðar og mun betri en á mörgum öðrum stöðum sem ferðamenn sækja.“

Hinun ferðamönnum í hópnum var talsvert brugðið eftir atvikið og fengu áfallahjálp.

Að sögn Árna Þórs Sigmundssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, virðist ekki sem öryggi á svæðinu sé ábótavant en lögreglan rannsakar nú tildrög slyssins.

Aðgerðir á slysstæð voru umfangsmiklar en hátt í 40 manns frá björgunarsveitum, Landhelgisgæslu, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og lögreglu tóku þátt í þeim. Auk þess flutti þýrla frá Norðurlugi björgunarfólk og búnað á staðinn.

hannarut@365.is



VAR TALIN ÖRUGG Björn Ólafsson, framkvæmdastjóri 3H Travel, segir að athugað verði hvort bæta þurfi öryggi á staðnum.

Íslandsferð virðist standast væntingar langflestra sem heimsækja landið:

Sátt við að passi kosti 6.500 kall

FERÐAÞJÓNUSTA Erlendir ferðamenn telja sanngjarn að greiða fimm til átta þúsund krónur fyrir náttúrupassa. Þegar spurt var sérstaklega um hvað mönnum þætti hagstætt verð fyrir slíkan passa var svarið um 6.500 krónur.

Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Maskína rannsóknir vann fyrir Ferðamálastofu, en sérstaklega var spurt í ljósi umræðu um mögulega fjármögnun á uppbyggingu og viðhaldi ferðamanna-staða.

Íslandsferðin stóðst væntingar 95,4 prósentu svarenda, er önnur niðurstæða könnunarinnar. Tæp 84 prósent töldu líklegt að þau myndu ferðast aftur til Íslands.

Í könnuninni er fólk beðið að meta rúmlega 20 þætti í íslenski ferðaþjónustu og gefa þeim einkunn. Hæstu meðaleinkunnina

84%

telja líklegt að þeir sæki landið aftur heim síðar.

VETRARFERÐ Menntu eru ánægðir með náttúru-tengda afþreyingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



fékk fjölbreytni í náttúrutengdri afþreyingu, almennt ástand á ferðamannastöðum hugnaðist mönnum vel. Merkingar vega og vegnum, framboð af menningar-tengdri afþreyingu og fjölbreytni veitingastaða má helst bæta að mati þeirra sem svöruðu.

Um netkönnun var að ræða þar sem netföngum var safnað með skipulögðum hætti á komu- og brottfararsvæði flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á tímabilinu október 2013 til maí 2014. Úrtakið var 4.500 manns og var svarhlutfallið 55,8 prósent.

- shá

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
BÝÐUR Á FAGNAÐARTÓNLEIKA
Í HALLGRÍMSKIRKJU SUN. 28. SEPT. KL. 17

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU VANN TIL ÞRENNRA GULLVERÐLAUNA Í KÓRAKEPPNI Á SPÁNI Í SÍÐUSTU VIKU OG HLAUT ENNFREMUR GRAND PRIX VERÐLAUN SEM BESTI KÓR KEPPINNAR.

Á EFNISSKRÁ ERU VERK ÚR SPÁNARFERÐINI, ÞAR MEÐ TALIN ÖLL KEPPNISVERKIN.

STJÓRNANDI ER HÖRÐUR ÁSKELSSON
ÓKEYPIS AÐGANGUR

STÓRSÝNING Á FJÓRHJÓLADRIFNUM BÍLUM

BL er stærsta bílaumboð landsins og af því tilefni efnum við til uppskeru-
hátíðar og stórsýningar á fjórhjóladrifnum bílum í dag milli kl. 12–16. Við
sýnum á annan tug fjórhjóladrifinna bíla í öllum stærðar- og verðflokkum.



NISSAN QASHQAI



SUBARU XV



BMW X5



SUBARU OUTBACK



FRUMSÝNING
NÝR 35'' ISUZU D-MAX



DACIA DUSTER



LAND ROVER DISCOVERY 4

Komdu í heimsókn í dag
fáðu þér léttar veitingar og
skelltu þér í reynsluakstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16

10% NÝR LÁNAMÖGULEIKI ÚTBORGUN Á NÝJUM BÍL

Er orðið þreytandi að standa straum af viðgerðarkostnaði á gamla bílnum? Kynntu þér nýja fjármögnunarleið og notaðu gamla bílinn sem innborgun inn á nýjan bíl í fullri ábyrgð.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

20.9.2013 → 26.9.2013

66

læknar hafa flutt af landi brott ár hvert frá 2009, en aðeins 28 komið til baka.

97 SKEMMTI-FERÐA-SKIP

hafa bókað komu sína næsta sumar. Farþegar skipanna verða um 100.000 á þessu ári.




300 manns gengu fylktu liði í loftslagsgöngu Reykjavíkur sem haldin var á sunndag.

10-60

PÚSUND TONN

af brennisteinsdíoxíði koma frá eldgosinu í Holuhrauni á dag. Losun allra ESB-landanna 27 er 14 þúsund tonn á dag.



700 PÚSUND KRÓNUR eru mánaðarlaun bestu leikmanna í íslenskum karla-körfubolta.

100 BYGGINGAR

hýsa Landspítalann á höfuðborgarsvæðinu – á 17 stöðum.

239

mál þar sem reynt var að tæla börn – oftast upp í bíl – komu upp frá 2011 til júníloka 2013.

8,9

milljónir króna fóru til viðhalds á forstjórabústað Orkuveitu Reykjavíkur við Þingvallavatn frá 2008. Hann verður rifinn.



Milljónir í eingreiðslur til forstjóra ríkisfyrirtækja

Forstöðumenn ríkisfyrirtækja fengu samtals rúma 31 milljón í eingreiðslu eftir að laun þeirra höfðu verið lækkuð árið 2010. Úrskurðir kjararáðs um lækkunina voru umdeildir og óskuðu stjórnir eftir lögfræðilítum.



FIARÐAÁL Flúor mælist langt undir mörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árangur í mengunarmálum:

Mun minna flúor milli ára

UMHVERFISMÁL Verulega hefur dregið úr flúormagni í heyi við Fjarðaál í Reyðarfirði. Meðaltal í heysýnum árið 2014 er 11,6 míkrogrömm af flúori í hverju gramm af heyi. Sumarið 2013 mældust gildin 24,1 míkrogrömm, og er lækkingin því 52 prósent, eins og segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Viðmiðunarmörk fyrir flúor í heyi samkvæmt vöktunaráætlun eru 40 míkrogrömm af flúori í hverju gramm af heyi.

Sýnin voru greind frá þremur stöðum í Reyðarfirði; bæjunum Sléttu og Áreyjum, en eins á túnnum hestaeigenda við álverid.

-shá

SKÓLAR

Innritun tvisvar á ári?

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti tillögu fulltrúa Samfylkingarinnar um að fela menntasviði bæjarins að skoda kosti og galla þess að innrita börn í grunnskóla og leikskóla bæjarins tvisvar á ári.

VIÐSKIPTI

Ferðakaupstefna á Íslandi

Ferðakaupstefnan Vestnorden Travel Mart verður haldin í Laugardalshöll og hefst 30. september. Yfir 600 gestir sækja kaupstefnuna; ferðabjónustuaðilar Íslands, Grænlands og Færeyja, auk kaupenda ferðabjónustu frá öllum heimshornum.

KJARAMÁL Nokkrir forstjórar og forstöðumenn ríkisstofnana fengu milljónir í eingreiðslu eftir að kjararáð hafði lækkað laun þeirra árið 2010. Launin voru lækkuð í kjölfar lagasetningar fyrrverandi ríkisstjórnar um að þau skyldu ekki vera hærri en laun forsætisráðherra.

Alls fengu ákveðnir forstjórar rúmlega 31 milljón í eingreiðslu sem er mismunur greiðslna á uppsagnartíma þess ráðningarsamnings, sem í raun var sagt upp þegar ákveðið var að lækka laun þeirra, og úrskurðar kjararáðs um lækkunina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkti mikil óvissa um það hvernig fara skyldi með launagreiðslur í kjölfar þessarar breytingar hjá fyrirtækjum í eigu ríkisins. Svo mikil að í sumum tilfellum var óskað eftir fleiri en einu lögfræðilíti. Allir þeir sem fengu slíkar eingreiðslur leituðu fyrst sérfræðilíts lögfræðinga áður en stjórnir fyrirtækjanna tóku ákvörðun.

Sem dæmi má nefna að forstjóri Landsnets hf. fékk rúmlega 8,5 milljóna eingreiðslu og forstjóri Íslandsþósts hf. fékk rúmar 5,5 milljónir. Útvarpsstjóri fékk um 4,6 milljónir, forstjóri Matis 4,1 og forstjóri RARIK ohf. fékk rúmar 3,7 milljónir.

Um aðra forstjóra giltu ekki sömu reglur, þeirra laun voru lækkuð strax og lögin tóku gildi og ekki var tekið tillit til uppsagnarfrests. Þeirra á meðal eru forstjóri Fjármálaeftirlitsins, forstjóri Landspítalans og Samkeppniseftirlitsins. Þessir aðilar öfluðu ekki lögfræðilíts. Hið



PÁVERANDI KJARARÁÐ Úrskurðir kjararáðs um hvernig skyldi fara með greiðslu á uppsagnarfresti forstöðumanna ríkisstofnana þóttu óljósir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sama gildi um framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóds en stjórn sjóðsins fékk þó lögfræðilít þar sem niðurstaðan var sú að virða bæri uppsagnarfrest framkvæmdastjórans. Stjórnin taldi sig samt sem áður bundna af úrskurði kjararáðs og fylgdi því ekki álitinu.

Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, segir málið hafa verið óhemju flókið og það hafi verið í mismunandi farvegi eftir fyrirtækjum. „Þetta var auðvitað engan veginn einfalt. Þarna var verið að reyna að finna leiðir til að allir tækju á sig lækkingu og þeir hæstlaunuðu mest,“ segir Steingrímur.

22,4 milljónir er upphæðin sem sex ríkisforstjórar fengu samtals í eingreiðslu eftir að hafa fengið lögfræðilít á ákvörðun kjararáðs.

Hann segir ráðningarsamband forstöðumanns hlutafélags í eigu ríkisins ólíkt ráðningarsambandi opinbers embættismanns við ríkið. Þannig hafi verið komist að því að lagaleg staða þeirra hafi verið slík að virða bæri uppsagnarfrest þeirra og greiða mismuninn.



SJÖFN SIGUR-GÍSLADÓTTIR forstjóri Matis, fékk 4.148.496 króna greiðslu.



INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON forstjóri Íslandsþósts hf., fékk 5.525.928 króna greiðslu.



TRYGGVI ÞÓR HARALDSSON forstjóri RARIK ohf., fékk 3.730.000 króna greiðslu.



KRISTJÁN HARALDSSON framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða, fékk 3.900.000 króna greiðslu.



BJÖRN ÓLI HAUKSSON forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf., fékk 675.825 króna greiðslu.



PÁLL MAGNÚSSON útvarpsstjóri fékk 4.635.240 króna eingreiðslu.

FRÆÐSLUFUNDUR

Staður: Grand hótél, Gullteigur
Stund: 1. október kl: 19:30

Samtök sykursjúkra, Gigtarfélagið og Samtök psoriasis og exemsjúklinga standa fyrir fræðslufundi.

Sigríður Eysteinsdóttir, næringarfræðingur, verður með fræðsluerindi um mataræði og Auður Ólafsdóttir, sjúkrahjálpari, verður með fræðsluerindi um hreyfiseðla.

19:30 Sigríður Eysteinsdóttir – „Hvað er hollt mataræði“


20:00 Hlé

20:15 Auður Ólafsdóttir – „Hreyfiseðlar, nýr valkostur í heilbrigðisþjónustu“



ALLIR VELKOMNIR

Veðurspá



VÆTA VÍÐA Í DAG og síðdegis bætir bæði í úrkomu og vind sunnan- og austanlands. Á morgun þornar og léttir heldur til um tíma en aðfaranótt mánudags vex vindur og fer að rigna sunnan og vestan til síðla nætur.

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 24°	Friedrichshafen 21°	New York 26°
Apéna 18°	Gautaborg 16°	Orlando 30°
Basel 24°	Kaupmannahöfn 16°	Ósló 19°
Berlín 17°	Las Palmas 27°	París 24°
Billund 17°	London 21°	San Francisco 21°
Frankfurt 21°	Mallorca 27°	Stokkhólmur 16°

Á MORGUN Strekkingsvindur með SA-ströndinni annars hægari.

MÁNUDAGUR Hvasst eða stormur SV-lands en annars strekkingur eða hvasst.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

VIÐBÚIN, TILBÚIN ... AYGO!

SKEMMTISÝNING ÁRSINS KL. 12 – 16 Í DAG

Aygo er þessi skemmtilegi í hópnum og geislar af þínum eigin persónuleika. Þú ræður endanlegu útliti Aygo sem er kraftmikill, sparneytinn og leikandi léttur í akstri. Aygo-margmiðlunarkerfið nær góðu sambandi við símann þinn og ríkulegur staðalbúnaður gefur tilverunni nýjan lit.

Gerðu þér glaðan Aygo í dag hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota og fáðu að reynsluaka.



**FARÐ'OG
SLEPPTU ÞÉR**



Aygo - verð frá: 1.960.000 kr.
Útborgun: 196.000 kr.*



Allt að 90% lánshlutfall og lægri vextir



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

* Miðað við 90% lánshlutfall hjá Lykli – nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

ALGJÖRT SÆLGÆTI

Ristaðar lífrænar kókosflögur eru góðar út á morgungrautinn, ofan á kökur eða bara beint upp úr pokanum.

Lífrænar vörur á góðu verði.



**HIMNESK
HOLLUSTA**

ÞAÐ ER HEILBRIGÐ SKYNSEMI

Ríkissaksóknari gagnrýnir álit vegna rannsóknar á ofbeldi í leikskólanum 101: Ekki víst að barnið sé rassskellt

BARNAVERNDARMÁL Ríkissaksóknari segir að vafi hafi leikið á því hvort sú snerting sem sést á myndbandinu sem lagt var fram vegna rannsóknar á harðræði í 101 leikskóla hafi verið rassskelling. Saksóknari hafnar þeirri túlkun umboðsmanns barna að rassskelling sé ekki ofbeldi.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari hefur sent frá sér. Hún segist líta það alvarlegum augum að umboðsmaður skuli draga þær ályktanir af afgreiðslu málsins að

börnum sé ekki veitt refsivernd gegn líkamlegri valdbeitingu.

Saksóknari gerir einnig athugasemd við fullyrðingu umboðsmanns um að það virðist hafið yfir vafa að starfsmaður hafi ítrekað notað þá aðferð að slá á rass barna í þeim tilgangi að halda uppi aga.

Í yfirlýsingunni kemur fram að þrjú vitni hafi ekki sagst hafa séð umræddan starfsmann flengja börn, aðrir þrjú hafi séð hana en ekki getað lýst því hve oft, hvaða börn né með hvaða hætti rassskellingarnar hafi átt sér stað.



RÍKISSAKSÓKNARI Sigríður Friðjónsdóttir er ósátt við umboðsmann barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HÖFUÐSTÖÐVARNAR Kaupfélag Skagfirðinga hefur aðsetur á Sauðárkróki. Umsvifin eru mikil, bæði á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs.

Milljarða hagnaður skagfirnska risans

Eigur Kaupfélags Skagfirðinga nema rúmum 22 milljörðum króna, en hagnaður félagsins nam 1,7 milljörðum króna á síðasta ári. Kaupfélagið á FISK-Seafood, sem er fimmta stærsta útgerð á Íslandi, 10 prósent í Mjólkursamsölu og fleiri eignir.

VIÐSKIPTI Kaupfélag Skagfirðinga hagnaðist um 1.700 milljónir króna eftir skatta á síðasta ári, samkvæmt ársreikningi sem birtur var fyrr í mánuðinum. Það er þó töluvert minni hagnaður en árið á undan þegar hagnaðurinn nam næstum 2.300 milljónum króna. Kaupfélagið er fyrirferðarmikið í íslensku atvinnulífi. Eignir nema 32,2 milljörðum og eigið fé nemur 22,2 milljörðum. Þau fyrirtæki sem Kaupfélagið á hlut í eru staðsett víðs vegar um landið.

Kaupfélag Skagfirðinga hefur verið nokkuð til umræðu í vikunni vegna 10 prósent hlutar sem félagið á í Mjólkursamsölu. Að auki á Kaupfélagið Vogabæ ehf., sem er móðurfélag Mjólu.


Það eru einmitt þessi eignartengsl Kaupfélagsins við Mjólkursamsölu og Mjólu sem eru aðdragandinn að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, þar sem Mjólkursamsalan var sektuð um 370 milljónir króna.

Í þeirri ákvörðun segir að samþjöppun á markaðnum og búvörulög leyfi Mjólkursamsölu og Kaupfélaginu mjög nána viðskiptalega samvinnu. Sú ákvörðun Mjólkursamsölu að selja dótturfélagi Kaupfélagsins hrámjólk á betri kjörum en Mjólkurbúinu Kú hafi hins vegar verið ólögleg, eins og rakið hefur verið í fjölmiðlum.

Kaupfélag Skagfirðinga rekur meðal annars mjólkurafurðastöð, kjötafurðastöð, Kjarnann þjónustuverkstæði, dagvöru- og ferðamannaverzlun í Skagafirði og verslunina Eyri, eftir því sem fram kemur á vefsíðu fyrirtækisins.

Verðmætasta eign félagsins er 100 prósent hlutur í útgerð-

HLUTFALL STÆRSTU ÚTGERÐANNA AF KVÓTA



Áhrifamaður í Framsóknarflokknum



**ÞÓRÓLFUR
GÍSLASON**

Þórólfur Gíslason er kaupfélagsstjóri í Skagafirði. Hann er sextíu og tveggja ára gamall og hefur gegnt starfi kaupfélagsstjóra í 26 ár. Hann tók við starfinu af Ólafi Friðrikssyni sem hafði verið kaupfélagsstjóri í sex ár þar áður.

Auk þess að gegna starfi kaupfélagsstjóra er Þórólfur stjórnarformaður FISK-Seafood og varaformaður stjórnar Mjólkursamsölu. Þórólfur er áhrifamaður innan Framsóknarflokksins, en um hann er meðal annars fjallað í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð. Þar segir að Þórólfur hafi árið 2006 sóst fast eftir því að verða formaður stjórnar Íbúðalánasjóðs. Hann hafði ekki erindi sem erfiði í þeim efnum.

arfélaginu FISK-Seafood á Sauðárkróki. Það er fimmta stærsta útgerðarfélag á landinu, en bókfært virði þeirrar félagsins nemur tæplega 16,5 milljörðum króna. Hagnaður þess nam 1,3 milljörðum króna á síðasta ári. Útgerðarfélagin FISK-Seafood og Samherji keyptu saman

70 prósent hlut í Olúfélagi Íslands árið 2012 og á FISK helming þess hlutar.

Þá á Kaupfélagið hlut í Föðurböndunni ehf. í Reykjavík sem nemur tæpum 970 milljónum króna. Aðrar eignir eru fjölmargar en minni.

jonhakon@frettabladid.is

TAX FREE

DAGAR

AFNEMUM
VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM
HERRAFATNAÐI
25.-28. SEPTEMBER



koma
svo!

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Um 200 læknanemar og sérnámslækningar ætla ekki að koma til starfa

Læknanemar á lokaári og sérnámslækningar í útlöndum ætla ekki að ráða sig til starfa á Íslandi næsta sumar nema laun lækna verði hækkuð verulega. Heilbrigðisráðherra segir málið alvarlegt. Hann segir að það verði að ganga frá nýjum samningum við lækna á næstu dögum.

HEILBRIGÐISMÁL Lækningar hafa verið samningslausir í átta mánuði og nú er þolinmæði þeirra á þrotum. Hátt í 200 læknanemar og sérnámslækningar í útlöndum segjast ekki ætla að starfa á Íslandi næsta sumar verði ekki skrifað undir nýjan kjarasamning við þá á næstunni.

Þeir segja að fáar stéttir háskólamenntaðra manna séu með jafn léleg laun og þeir. Grunnlaun kandídatar að loknu sex ára námi eru nú 343 þúsund krónur á mánuði.

„Það eru margir sem halda að almennir lækningar séu hálaunafólk en svo er ekki. Þeir almennu lækningar sem starfa á vöktum fá vaktalag og það hækkar launin talsvert en það eru ekkert allir sem vilja vinna á vöktum eða geta unnið á vöktum. Þess vegna förum við fram á verulega hækkun grunnlauna,“ segir Ragnhildur Hauksdóttir, formaður Félags læknanema.

Hún segir að aðstæður sem aðstoðarlækningar búi við séu ekki sérlega góðar. „Vinnuálag og sú ábyrgð sem þeir bera er mikil,“ segir Ragnhildur.

„Aðstæðurnar eru ekkert sérlega góðar eins og á Landspítalanum. Það er þó búið að bæta margt á einu ári eins og á lyflækningasviðinu þar sem ástandið var afleitt. Það er þó margt sem má bæta á spítalanum en það verður ekki ekki gert á einni nóttu,“ segir hún og bætir við að það séu launin fyrst og fremst sem lækna-kandídatar séu óánægðir með.

42 verðandi lækna-kandídatar á lokaári hafa tilkynnt að þeir ætli ekki að sækja um eða ráða sig í stöðu aðstoðarlækna

Verður að semja við lækna strax



„Ég deili áhyggjum lækna-stéttarinnar af samkeppnishæfni íslenska heilbrigðiskerfisins við heilbrigðisþjónustu til dæmis á Norðurlöndunum. Við verðum að taka mjög alvarlega þau skilaboð sem lækna-stéttin er að færa okkur,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

Ráðherra segir að kjarasamningsgerð við lækna sé ekki á borði heilbrigðisráðuneytisins, hún sé á ábyrgð fjármálaráðuneytisins.

„Kjaradeila lækna hefur dregist um of á langinn. Það þarf að ná samningum við þá á næstu dögum,“ segir Kristján og bætir við að það sé hagsmunamál þjóðfélagsins alls að fá niðurstöðu í deiluna.

„Það væri mjög alvarlegt fyrir almenning og heilbrigðisþjónustuna í landinu ef læknanemar og almennir lækningar kæmu ekki til starfa næsta sumar. Ég vona að til þess þurfi ekki að koma,“ segir Kristján.

eða aðra sambærilega stöðu á Íslandi frá og með 1. júní 2015 hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Auk þeirra hafa læknanemar sem eru komnir jafn langt í námi í Ungverjalandi, Slóvakíu og á Norðurlöndunum og víðar lýst því sama yfir. Þessa dagana er verið að safna undirskriftum frá nemum á fjórða og fimmta ári um að þeir komi að óbreyttu ekki til starfa næsta sumar í heilbrigðiskerfinu. Til þessa hafa fjórða og fimmta árs læknanemar fengið tímabundið læknaeyfi til að starfa á sumrin.

Arna Reynisdóttir er formaður Félags læknanema í Ungverjalandi. Hún segir að þótt flesta læknanema dreymi um að koma heim sjái fæstir það sem raunhæfan kost.

„Margir fara heim til Íslands og taka kandídatnámið þar, í því felst gífurleg reynsla. En fólk hefur ekki hug á að starfa á Íslandi til lengri tíma,“ segir Arna.

Hún segir að læknanemar séu óánægðir með þau launakjör sem bjóðast.


„Sú staðreynd að lækna-stéttin á Íslandi er lægst launaða háskólastéttin er alls ekki uppörvandi. Sorglegast þykir okkur þó að bág kjör og niðurskurður í heilbrigðiskerfinu er vandamál sem hefur viðgengist í fjöldamörg ár og ekkert virðist ætla að breytast. Okkur er ekki gefin nein von um að ástandið muni fara batnandi,“ segir Arna.

Sérnámslækningar erlendis eru sömuleiðis afar óánægðir með kjör sín. Um eitt hundruð þeirra hafa lýst því yfir að þeir ætli ekki að snúa aftur til Íslands úr sérnámi eða séu að íhuga að skipta um starfsvettvang ef ekki verður gerð meiriháttar leiðrétting á kjörum strax. Í yfirlýsingu til heilbrigðisráðherra minna þeir á að uppsagnarfrestur hjá almennum læknum sé einn mánuður og því sé mikilvægt að bregðast hratt við.

johanna@frettabladid.is



SAMNINGSLAUSIR Hátt í 200 sérnámslækningar sem eru í námi erlendis og læknanemar á Íslandi ætla ekki að ráða sig til starfa hér á landi næsta sumar nema samið verði við lækna. NORDICPHOTOS/GETTY



wisefish
sjávarútvegslausnir



Wise
- snjallar lausnir



Við vonumst til að sjá þig á IceFish sjávarútvegssýningunni í Fífunni, Kópavogi, dagana 25.-27. september.

Þar munum við kynna nýjustu útgáfu af WiseFish sjávarútvegslausnum, vottaða af Microsoft fyrir Dynamics NAV, ásamt greiningartólum Wise.

Líttu við á bás **G19** fyrir kynningu á okkar lausnum.



Microsoft Partner
2014 Partner of the Year Winner
Iceland

Microsoft Dynamics™ NAV

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

Wise

Wise lausnir ehf.
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is



545 3200



wise.is



sala@wise.is

OPIÐ Í DAG
FRÁ KL. 12-16



Hyundai Santa Fe
Sparneytinn lúxusjeppi
Verð frá: 7.150.000 kr.
Eyðsla frá 6,7 l/100 km*

Nú fáanlegur í sjö manna útgáfu

Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram hefur komið í bílblaði Fréttablaðsins rataði Hyundai nýlega í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bílanáði sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.

10%

ÚTBORGUN INN Á NÝJAN HYUNDAI

Kynnið ykkur nýja lánamöguleika
hjá sölumönnum Hyundai.



Hyundai i10
Eyðsla frá 4,7 l/100 km*
Verð frá kr. 1.990.000

10% útborgun frá 199.000 kr.



Hyundai i20
Eyðsla frá 3,8 l/100 km*
Verð frá kr. 2.390.000

10% útborgun frá 239.000 kr.



Hyundai ix20
Eyðsla frá 4,5 l/100 km*
Verð frá kr. 3.790.000

10% útborgun frá 379.000 kr.



Hyundai i30
Eyðsla frá 4,1 l/100 km*
Verð frá kr. 2.990.000

10% útborgun frá 299.000 kr.



Hyundai ix35
Eyðsla frá 5,3 l/100 km*
Verð frá kr. 4.490.000

10% útborgun frá 449.000 kr.

Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupþúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

Hef flutt mig um set

Býð alla gamla og nýja viðskiptavinum velkomna

Skala Lág múla 5
s. 553 1033 • gsm. 868 3913



Bogga



Sandra Gunnarsdóttir tannlæknir

Ég hef hafið störf á tannlæknastofunni Krýnu ehf að Grensásvegi 48 í Reykjavík. Tímappantánir eru í síma 553-4530 eða á heimasíðu Krýnu: www.krynu.is

Athugið lengri opnunartíma:
Mánudaga 8-18
Miðvikudaga 8-20
Fimmtudaga 8-20

Aðgengi fyrir fatlaða



Hægt verður að sjá yfir hundrað bíómyndir á kvikmyndahátíðinni næstu daga: RIFF sýning fyrir eldri borgara

SAMFÉLAGSMÁL Land ho!, opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar RIFF var sýnd í félagsaðstöðu eldri borgara við Gjábakka í Kópavogi í gær.

„Þetta er liður í að færa kvikmyndir nær fólki sem að öðrum kosti hefði ekki jafn mikil tækni á að fara í bíó,“ segir Valur Grettisson, upplýsinga-fulltrúi RIFF, um sýninguna.

„Þetta er hugljúf kvikmynd um tvo bandaríska eldri borgara sem reykja gras og fara á fylleri í Reykjavík. Svo fara þeir gullna hringinn og reyna við stelpur,“ segir Valur.

RIFF hófst á fimmtudaginn og mun standa fram til 5. október. Yfir hundrað kvikmyndir verða sýndar á hátíðinni.



SÝNING Eldri borgarar horfðu á opnunarkvikmynd RIFF í Kópavoginum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bárðarbunga gæti tæmt sig á sólarhring

Stærsta mögulega sprengigosið í Bárðarbungu myndi aldrei standa nema í einn til tvo sólarhringa. Þótt það virðist ólíklegt verður að reikna með því versta, segir eldfjallafræðingur. Fólk á ekki að vera í hættu, enda er fjallið langt frá byggðu bóli.

NÁTTÚRA Bárðarbunga gæti tæmt kvikuhólfu undir fjallinu á einum til tveimur sólarhringum, ef til stórs sprengigoss kæmi. Askur sem félli við slíkan atburð yrði til vandræða í allt að tvö ár eftir að gosi lyki.

Þetta kom fram í máli Ármanns Höskuldssonar eldfjallafræðings á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um síðustu helgi, en þar spurðu fundarmenn Ármann hvað myndi gerast ef allt færi á versta veg.

„Stærsta, og versta, eldgosið sem þarna getur komið upp verður búið á örskömmum tíma. Hérna er ég að tala um risastórt gos, en kosturinn er að fjallið er langt inni í landi og langt frá öllum. Með þessu kæmu verstu flóðin sem búið er að teikna upp í þessari sviðsmynd og Jökulsá myndi fjórutiufalda vatnsmagn sitt með tilheyrandi tjóni á mannvirkjum,“ segir Ármann en bætir við að, þó að það sé eins og öfugmælavísa, þá sé slíkt gos ekki svo slæmt þrátt fyrir allt. „Það verður auðvitað skelfilegt myrkur, en á undanförunum árum hefur fólk á Suðurlandi upplifað þetta sama. Þetta verður ekkert mikið öðruvísi því byggð ból eru það langt frá fjallinu.“

Ármann segist ekki að ástæðulausu hafa gert grein fyrir því á fundinum hvers Bárðarbunga er megnug, og allir þurfi að hafa þetta hugfast, ekki síst þeir sem telja sig eiga erindi að gosstöðvunum. „Menn verða að vera undir þetta búnir – þetta verður hryllilegt á meðan á því stendur en kosturinn er kannski að þurfa ekki að hafa þetta hangandi yfir sér í áratug.“



SPRENGIGOS Ármann nefnir, með fyrirvörum, eldgosið í Pinatubo á Filippseyjum árið 1991, til að gefa hugmynd um risagos í Bárðarbungu.

NORDICPHOTOS/AFP

Spurður nánar um hvernig eldgos af þessari stærðargráðu gæti litið út, þá segir Ármann að gosmökkurinn færi í allt að 30 kílómetra hæð, enda væri fjallið að ryðja frá sér gríðarlegu magni af gosefnum á skömmum tíma; allt að milljarði tonna. En þó að Bárðarbunga myndi ryðja úr sér á sólarhring eða tveimur, þá þýðir það hins vegar ekki að þá væri umbrotunum fyrir norðan jökullinn endilega lokið. „Þessi kvika sem er að koma upp fyrir norðan jökulsporðinn er að koma dýpra að, meira og minna. Sprengigos í Bárðarbungu kæmi úr grynnra kvikuhólfi. Það versta myndi klára sig, en svo gætu menn haft hraungos sullandi í einhvern tíma sem skapa enga meiri hættu en er frá gasinu sem kemur upp núna,“ segir Ármann.

svavar@frettabladid.is



„Það verður auðvitað skelfilegt myrkur, en á undanförunum árum hefur fólk á Suðurlandi upplifað þetta sama. Þetta verður ekkert mikið öðruvísi því byggð ból eru það langt frá fjallinu.“

Ármann Höskuldsson
eldfjallafræðingur.

Ertu til?



Við leitum að sjálfbodaliðum til starfa í fatabúðum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu. Búðirnar eru fjórar:

- Laugavegi 12
- Laugavegi 116
- Mjódd
- Strandgötu 24, Hafnarfirði

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir að hafa samband við Rauða krossinn í Kópavogi í síma 554 6626 eða með tölvupósti á sandra@redcross.is



• Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • www.raudikrossinn.is/kopavogur

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



LUXOR LEGGUR KRABBAMEINSFÉLAGINU LIÐ

í október og lýsir bæinn bleikan í samstarfi við fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Nánari upplýsingar á www.luxor.is og í síma 515 4660



Stórhundakynning um helgina

FRÁ 13:00 TIL 17:00

KYNNIÐ YKKUR TEGUNDIRNAR ★
SPJALLIÐ VIÐ REYNDA HUNDAEIGENDUR
DÝRALÆKNIR ★ FÓÐURKYNNINGAR ★
HEIÐRÚN KLARA HUNDAÞJÁLFARI ★
SNYRTISTOFAN HUNDAVINIR ★ LUKKUPOTTAR

20% TIL 50%
AF ÖLLUM DÝRAVÖRUM

★ SLEÐAFERÐIR MEÐ ELDURÍS HUNDUNUM FRÁ KL 14-16

ARION
Friends
ROYAL CANIN



PRO PLAN

NJÓTUM HAUSTSINS!

3 STK ERIKUR / CALLUNUR 1.280KR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HAUSTLAUKUM

15 - 40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRILLUM OG AUKAHLUTUM
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SERÍUM

WEBER ★ OUTDOOR CHEF
THE BIG GREEN EGG ★ RÖSLE

ÍS
150KR
CROISSANT OG
KAFFI Á 490KR



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á

Ofurefli á markaði nýtur verndar þingmanna:

Á meðan syngur lóan dirrindí

Okkur kann að þykja eðlilegt að Alþingi setji lög af sem mestri sanngirni og gæti að því að frelsi eins verði ekki til þess að sá geti traðkað á öðrum, með stöð í lögum. Alþingi brást þegar það heimilaði mjólkurframleiðendum að hafa tvöfalt verð í gangi, lægra fyrir eigin fyrirtæki og hærra fyrir aðra.

Með því gerist það að færri geta keppt við risann á markaðnum og það kann að hafa dregið úr framboði, nýjungum og vali okkar neytenda. Tilgangur laganna var eflaust sá að tryggja sem mesta og besta stöðu risans á markaðnum. Þótt fullrytt sé, án þess að nokkur rökstuðningur sé til staðar, að neytendur hafi hagnast um tvo milljarða á hverju ári vegna laganna, verður að taka þeim tölum með fyrirvara og það miklum. Það er ekkert sem segir að svo sé. Ekkert rennir stöðum undir að þær fullryðingar séu réttar.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Séu tveir milljarðarnir niðurstaða úr reikningsdæmi er nánast víst að ekki var tekið tillit til áhrifa þess að fyrirtæki gáfust upp vegna laganna, að önnur urðu ekki til þeirra vegna og svo framvegis. Slíkt var örugglega ekki með í þeim útreikningum. Sennilegast var einungis stuðst við það sem hentaði. Og þá hverjum?

Tíu ár eru frá því að lögin voru samþykkt og það eru þrjú ár frá því að mikill meirihluti Alþingis hafnaði að afnema undanþáguna frá samkeppnislögum. Þótt augu margra þingmanna hafi opnast og þeir telji brýnt að huga að breytingum er það samt svo að á meðal þingmanna eru margir sem taka hagsmuni mjólkurframleiðenda fram yfir hagsmuni annarra. Í Fréttablaðinu í gær var viðtal við Jón Gunnarsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins og formann atvinnuveganefndar Alþingis. Hann sagði þar: „Það er einföld aðgerð að taka einn þátt út úr þessu og ákveðið ábyrgðarleysi af þinginu ef það vill nálgast málið með þeim hætti að taka bara einkaleyfisþáttinn út úr þessu. Við þurfum að skoða heildarmyndina.“

Jón hitti naglann á höfuðið. Jón kann að verjast. „Við þurfum að skoða heildarmyndina.“ Lesist: Við verðum að svæfa málið hið fyrsta. Fáar aðferðir eru betur til þess fallnar en segjast vilja og telja nauðsynlegt að skoða heildarmyndina. Vilhjálmur frá Skáholti kunni að koma orðum að þessum hugsunum, hann sagði á góðum stað: „Gæta verður heildarhagsins“ og aðeins síðar á sama stað: „Lóan syngur dirrindí.“ Það er einmitt það. Margir kætast við þegar Jón Gunnarsson og aðrir varðmenn segjast gæta heildarhagsins og ef lóan syngur dirrindí, rétt á meðan.

Lítið fyrirtæki á Bolungarvík framleiðir mjólkurvörur og þarf að glíma við ofureflið. Ekki bara að risinn hafi tekið upp á að framleiða vörur í samkeppni við litla fyrirtækið. Nei, að auki þarf Arna litla á Bolungarvík að borga fjórtán prósentum meira fyrir mjólkina en fyrirtæki innan samsteypunnar. Og þykir það ekki svo mikið vegna þess að tekist hefur að lækka verðið úr tuttugu prósentu yfirverði í fjórtán prósent.

Á meðan er það viðhorf uppi, að fyrst verði að gæta heildarhagsins, áður en sérreittindin verða stöðvuð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SÖNGVAKEPPNIN 2015 VILTU VINNA MILLJÓN?

RÚV auglýsir eftir lögum til þátttöku í Söngvakeppninni 2015.

Verðlaunafé: 1.000.000 kr.

Framlögum skal hláðið upp rafrænt á heimasíðu keppninnar, www.ruv.is/songvakeppnin.

Þar má einnig finna nánari upplýsingar og reglur keppninnar.

Skilafrestur rennur út mánudaginn 20. október 2014 kl. 11:59.

TAKTU ÞÁTT!

EUROVISION
SONG CONTEST
VIENNA 2015

RÚV

SPOTTIÐ



MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

Sagði svo, spurði svo ...

Alþingismanni er heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður en hann varð þingmaður. Sama gildir um ráðherra.

Þetta eru reglurnar sem gilda um lögheimili pólitíkusa, engar aðrar. Það er því ekki rétt, sem stundum heyrir, að þingmenn séu „undanþegnir“ lögum um lögheimili. Lögin segja að ef einhver býr á Húsavík og nær kjöri á þing þá megi hann áfram hafa lögheimili á Húsavík þrátt fyrir að hann þurfi að flytjast



Fyrir seinustu kosningar flutti Sigmundur Davíð lögheimili sitt á bóndabæ fyrir austan.

Það vakti auðvitað talsverða athygli og háð. Líkt og í sambærilegum tilfellum fóru margir að velja fyrir sér hvort

til Reykjavíkur. En Reykjavíkingur sem kemst á þing má ekki flytja lögheimilið hvert sem honum sýnist. Ekki samkvæmt lögum.

hann fengi þá einhverja styrki sem þessu tengdust. Sigmundur sagðist ekki ætla taka við slíku og er engin ástæða til rengja það.

En þótt það sé vissulega jákvætt að þingmaður sem býr í borg þiggi ekki styrki til að ferðast til hennar þá er það kannski ekki aðalatriðið í þessu máli. Aðalmálið er hvort þetta sé yfirhöfuð löglegt. Miðað við lagabókstafinn verður ekki séð að svo sé. Ekki nema að stjórnmalamaðurinn hafi búið fyrir austan áður en hann varð þingmaður.

blekkingar. Ætlanir stjórnmalamannsins sem lýgur til um búsetu sína eru svipaðar og konunnar sem tekur af sér hringinn til að sníkja drykk: Markmiðið er að fá betri meðferð. Nafn stjórnmalamanns mun þannig standa á opinberum tilkynningum sem fara í fjölmiðla ásamt heimilisfangi sem heimamenn þekkja. Það er ekki einu sinni víst að allir átti sig á því að þetta sé bara djök. Það lúlesa ekki allir suðvestlenska eineltisfjölmiðla.

Daðrað við héraðið

Reyndar verð ég að taka fram að það kemur mér í raun minna en ekkert við hvar hinn eða þessi stjórnmalamaður lúlar á nóttunni. Það er þegar búið að fara heim til stjórnmalamanna og þvinga þá til afsagnar. Vonandi að menn fari að taka þessa hluti alvarlega áður en eitthvað verra gerist. En þetta mál snýst ekki um það heldur um það hvort það sé í lagi að menn villi um fyrir fólki.

Í einum Dr. Phil-þætti var talað

við gifta konu sem tók alltaf af sér hringinn þegar hún fór á barinn. Henni þótti þetta ekkert tiltökumál, hún ætlaði ekki að slumma upp í einhverja gaura eða neitt svoléiðis. Hún gerði þetta bara til að fá daður og drykki. Doktorinn benti henni á að það skipti engu máli hvort hún gerði það einungis jákvæðu athyglinnar vegna eða hvort hún ætlaði sér að þigga byggðastyrkinn alla leið. Hún laug til um hver hún væri til að græða á því. Blekkingar eru

Pingmaður Múmíndals

Við borgarþingmenn látum stundum eins og Alþingi sé landsbyggðarsamkoma. Reyndin er auðvitað önnur. Jafnvel í landsbyggðarkjördæmunum er stór hluti þingmanna annað hvort sýndarlandsbyggðarmenn eða gamlir landsbyggðarmenn. Og þeir sem enn sannarlega bursta í sér tennurnar utan borgarmarkanna stóran hluta ársins munu allir þurfa að hætta því ef þeir vilja ná árangri í stjórnálum. Sem er, ef menn setja sig í spor fólks frá þessum stöðum, dálítið sorglegt.

Ég hef verið lesa bækurnar um Múmínálfa. Ein persónan

í bókunum, Snúður, þessi með græna hattinn og þælingarnar, er svolítið eins og þingmaður utan af landi. Hann samsamar sig við Múmínálfa, er samt ekki mikið þar. Hann er með fullt af rosalega djúpum hugmyndum en kemur ekki miklu í verk. Hann dvelur í dalnum yfir sumartímann en þegar vetra tekur fer hann „suður“ til að þæla í hlutum þar.

Til gamans þá er persóna Snúðs raunar byggð á finnskum þingmanni, Atos Wirtenen, vini Tove Jansson, höfundar Múmínálfabókanna. Það má því segja að í henni kristallist hugmyndir íbúa landsbyggðarinnar um

þingmenn sína. Þá þeirra sem þó hafa einhver tengsl við byggðirnar sem þeir eru fulltrúar fyrir. Hvað þá hina.

Málsvörn þeirra þingmanna sem skrá lögheimili sitt jafnvel enn verr en lög þó heimila þeim er væntanlega sú að talsverð hefð sé fyrir slíku. Það er rétt hjá þeim. Sömuleiðis er kannski ólíklegt að Reykjavík fari að kæra lögheimilisskráningu ráðherra og þingmanna svo að líklegt er að menn fái að komast upp með þetta. Það breytir því ekki að þetta er asnalegt og óheildarlegt. Og stundum beinlínis ólöglegt líka.

70%

90%

40%

50%

80%

40%

60%

80%



RISA LAGERSALA

40-90% afsláttur af öllum vörum

Barnarúmföt verð frá 990 kr. **70%** Rúmföt, stærð 140x200, 100% bómull verð frá 4.990 kr. Rúmföt - sýnishorn og/eða lítillaga gölluð rúmföt, verð frá 1.990 kr. Púðar, verð frá 1.990 kr. Handklæði, stærð 70x140 verð 1.590 kr. **60%** Barnaföt með 70% afslætti; peysur 750 kr. Dúkar verð frá 990 kr. **80%** Stærri rúmföt, 200x200 & 220x220 verð frá 3.990 - 5.990 kr. Kertastjakar og önnur smávara með allt að 80% afslætti. Snyrtiveski frá 490 kr stykkið. Púðaver verð frá 390 kr, allt að 70-90% afsláttur. Svuntur verð frá 490-990 kr. **50%**

OPIÐ REYKJAVÍK laugardag & sunnudag 11-17.
AKUREYRI laugardag 10-17 & sunnudag 13-17.

Laugavegi 178 & Glerártorgi Akureyri

LUKKULEIKUR Þeir sem koma á lagersölu geta tekið þátt í lukkuleik og unnið einn af 10 frábærum vinningum.

Lagersalan er aðeins opin þessa **2 daga**
laugardag & sunnudag, 27.- 28. september.

Lin
DESIGN

NÝJAR LÍNUR HJÁ BÍLABÚÐ BENNA



ÞÉR ER BODIÐ UM HELGINA

VIÐ FRUMSÝNUM ÞÝSKU GÆÐABÍLANA FRÁ OPEL

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Komdu á Tangarhöfðann í nýjan og glæsilegan sýningarsal Opel.
Við tökum vel á móti þér laugardag og sunnudag kl. 12-16.

Bílabúð Benna Tangarhöfða 8 s. 590 2000 benni.is opel.is



Komdu og skoðaðu bílana sem hafa farið sigurför um Evrópu. Opel var einn af þremur mest seldu bílategundum Evrópu á síðasta ári. Engin furða, því Opel er byggður á þýsku hugviti sem þú getur treyst. Komdu og mátaðu þig við þinn Opel. Það verða blöðrur og ís fyrir krakkana og léttar veitingar á boðstólum.

Komdu til okkar og reynsluaktu nýjum Opel.

OPEL FJÁRMÖGNUN 5,95%

BETRI KJÖR TIL ÁRAMÓTA

Um er að ræða óverðtryggt lán til 5 ára, í íslenskum krónum, með aðeins 5,95% föstum vöxtum og miðað við 40% útborgun. Einnig bjóðum við lengri lánstíma og lægri útborgun á frábærum kjörum.

Kannaðu málið hjá okkur.



Wir leben Autos.

Meðeigandi óskast: Þekkt fyrirtæki í dieselvarahlutum og viðgerðum

Meðeigandi/meðeigendur óskast að rótgrónu fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu varahluta og viðgerðum á dieselvéllum, aðallega í bátum og skipum. Fyrirtækið gengur mjög vel en núverandi eigandi vill vegna aldurs draga úr vinnuálagi og hætta á næstu árum.

Hér er gott tækifæri fyrir duglega og samvirkusama menn sem hafa reynslu af viðgerðum dieselvéla, hafa löngun til að starfa sjálfstætt og eignast eigin rekstur.

Áhugasamir hafi samband við Jens Ingólfsson, jens@kontakt.is, símar 414 1200 og 820 8658.

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

globalM&A Iceland



Eru Íslendingar kaldlynd og sjálfhverf þjóð?

Í marsmánuði árið 2013 samþykkti Alþingi Íslendinga að auka framlag okkar til þróunarástoðar. Allur þingheimur, hver og einn einasti þingmaður þáverandi stjórnar og stjórnarandstöðu, samþykkti það einum rómi. Allir, utan Vigdís Hauksdóttir sem gagnrýndi áformin hart, kölluðu þau gæluverkefni stjórnarflokkanna, og að þróunarástoð væri ekki réttlætunleg „þegar Íslendingar sjálfir svelta“.

Barátta gegn fátækt gæluverkefni? Sameinuðu þjóðirnar hafa sett það markmið að betur stæðar þjóðir verji hið minnsta 0,7 prósentum af vergri þjóðarframleiðslu til þróunarástoðar; leggi fram fjármuni og þekkingu til að bæta sam-

félag þróunarríkja, og vinna bug á fátækt. Þetta er því barátta gegn fátækt og fyrir betri heimi. Gæluverkefni, segir Vigdís. Í marsmánuði árið 2013 stóð hún ein við þennan hæpna málstað sinn, þessa baráttu sína við að draga verulega úr þróunarástoð Íslendinga. Ekki einu sinni flokksystkin hennar tóku undir með henni – fyrr en þau settust sjálf í ríkisstjórn.

Því Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn höfðu ekki fyrr sest að völdum en þeir afturkölluðu fyrirhugaða hækkun, og skáru framlagið að auki niður um 700 milljónir – framlag okkar þar með komið niður í 0,21 prósent. Allt samkvæmt stefnu hagræðingarhópsins sem Vigdís og Guðlaugur Þór leiddu, og vildu í viðbót leggja niður Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ), sem nýtur mikillar virðingar erlendis fyrir framúrskarandi fagmennsku.

Forseti Íslands, og ófáir stjórnarþingmenn, ég tala ekki um vígreifan forsætisráðherra, fullyrða að allt sé á uppleið á Íslandi, og að sögn forsetans er endurreisn okkar eftir hrun á heimsmælikvarða og vekur addáun víða um heim. Samt höfum við ekki efni á að að hækka framlag okkar til þróunarástoðar, sem hefði átt að vera komin upp í 0,35% ef áætlun fyrri stjórnar hefði gengið eftir. Skyldi það líka vekja addáun víða um heim? Vekur það addáun að um leið og ríkisstjórnin sker niður fé til þróunarmála boðar hún útgjaldahækkun til hernaðar-tengdra mála. Vill einhver taka til máls um það?

Gunnar Bragi, það er ljótt að ljúga

Til viðbótar að lækka framlög til þróunarmála um nokkur hundruð milljónir, vill Gunnar Bragi utanríkisráðherra leggja Þróunarsamvinnustofnun Íslands niður og færa undir sitt ráðuneyti. ÞSSÍ er sjálfstæð stofnun sem nýtur virðingar erlendis fyrir gegnheila fagmennsku, svo mikillar að Evrópusambandið hefur beðið hana um að hafa umsjón með ýmsum verkefnum á þeirra vegum. Hvers vegna vill Gunnar Bragi leggja þessa virtu stofnun niður? „Það er búið að vinna margar skýrslur,“ sagði hann í viðtali, „um hvernig best sé að halda á þróunarsamvinnu. Þær hafa allar komist að þeirri niðurstöðu að það sé rétt að sameina þetta inn í ráðuneytin.“

Hér lýgur utanríkisráðherrann – og það er ljótt að ljúga

Og einfaldlega síðlaust þegar málið snýst um hungrið, sárafátæk börn í Afríku. Gunnar Bragi lét vissulega vinna skýrslu um þróunarsamvinnu Íslands, umhugsunarvert út af fyrir sig, að í stað þess að styrkja málefnið eru settar margar milljónir í skýrslugerð, og sú skýrsla hefur nánast verið skrúfuð í sundur af fagfólki. Fyrir utan skýrslu Gunnars er einungis til ein önnur, unnin innan ráðuneytisins í tíð Val-

PRÓUNAR-SAMVINNA



Jón Kalman Stefánsson
ríthöfundur

gerðar Sverrisdóttur, sem leggur það til að ÞSSÍ verði sameinað ráðuneytinu. Það er allt. Tvær skýrslur eru allt í einu orðnar „margar skýrslur“. Og Gunnar Bragi kys á að þjega um viðamikla skýrslu unna af stjórnsýslufræðingi fyrir nokkrum árum þar sem þung áhersla er lögð á að fylgja því skipulagi sem gilt hefur. En af hverju lýgur utanríkisráðherra? Og hvers vegna vill hann leggja niður stofnun sem hefur margsannað mikilvægi sitt og nýtur virðingar á alþjóðavísu? „Þetta er... sú leið sem langflest okkar nágranna- og samanburðarlönd hafa farið,“ segir Gunnar Bragi.

Það er í besta falli hálf sannleikur

Og hann nefnir ekki að í Hollandi hefur rannsóknarráð hollenska ríkisins gagnrýnt slíkt fyrirkomulag harðlega, með þeim orðum að þetta samblað af þróunarsamvinnu og diplómátíu hafi skert fagmennskuna til muna.

Af hverju fer Gunnar Bragi annaðhvort með rangt mál, eða hagræðir sannleikanum sér í hag? Hvað gengur honum til? Aldraður frændi minn, sem í áratugi var viðloðandi Framsóknarflokkinn, starfaði þar af heilindum í grasrótinni, fullyrðir í mín eyru að hér sé á ferðinni vilji til að nýta þróunarsamvinnu í því skyni að koma íslenskum fyrirtækjum á framfæri í Afríku, þar eru nefnilega mörg tækifærin. Ég verð nú að segja að þótt ég hafi sæmilegt ímyndunarafli, hafði mér ekki dottið í hug að íslenskur ráðamaður gæti upphugað jafn kaldriðjaða áætlun. Vill einhver taka til máls um það?

Kaldlynd þjóð?

Staðreynd: Framlag okkar til þróunarmála hefur ætíð verið langt undir því sem tíðkast hjá þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við. Svo lágt að það má heita þjóðarskömm. **Önnur staðreynd:** samt hefur núverandi stjórn lækkað framlagið um mörg hundruð milljónir, um leið og hún hækkar framlag til hermála. **Ein staðreynd til:** Gunnar Bragi hefur, þvert á vilja fagaðila, ákveðið að leggja Þróunarsamvinnustofnun Íslands niður, í besta falli með mjög hæpnar röksemdir að vopni, í versta falli síðlausar. Er ekki hægt að senda tillögur hans Ríkisendurskoðanda til umsagnar, um hvort þær samrýmist góðri stjórnsýslu? Eða skiptir góð stjórnsýsla ekki lengur máli?

Vigdís Hauksdóttir segir það gæluverkefni að hjálpa þeim sem þjást úti í heimi. Þingmenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins tóku undir það með því að samþykkja mikla lækkingu á framlagi til þróunarsamvinnu Íslands, og Gunnar Bragi vill flýta sér að leggja niður stofnun sem er virt innanlands sem utan fyrir fagmennsku og hæfni á vettvangi þróunarástoðar. Vill einhver taka til máls um þetta? Eða erum við einfaldlega sjálfhverf og kaldlynd þjóð, og þess vegna alveg sama?

Heildir 08.14

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Það er barntað að mismunna börnum eru líkamyri eða andlegri geu.



LJÓSÍÐ



Námskeið fyrir aðstandendur - ungmennahópar

Hefjast 2. október 2014

Lengd: 8 skipti - einu sinni í viku, 1½ klst. í senn

Fimmtudagar kl: 18.00 - 19.30 - aldur: 13-15 ára 8-9-10 bekkur

Fimmtudagar kl. 19:30-21:00 - aldur: 16-20 ára

Leiðbeinendur:

Elisabet Lorange, kennari og listmeðferðarfræðingur,
Alexander M. Elíasson ráðgjafi og Kristján Th. Friðriksson íþróttfræðingur.

Námskeiðin eru í boði fyrir ungmenni sem eru/hafa verið aðstandendur krabbameinsgreindra.

Hópurinn fær að kynna í gegnum ýmis verkefni til dæmis varðandi sjálfsmynd, hlutverk, líðan og hvernig þau styrkja og hlú að sjálfum sér.

Það fá allir tækifæri að skoða sín samskipti við fjölskyldu, vini og í skóla.

Hópurinn vinnur saman að því að gera eitthvað uppbyggilegt og skemmtilegt með aðstoð ráðgjafa. Hver og einn fær að tjá sig frjálst.

Námskeiðin eru ungmennunum að kostnaðarlausu

Skráning og upplýsingar í síma 561 3770

www.ljosid.is



LJÓSÍÐ

Höldum jól á Hilton

Njóttu þess að komast í jólasþap
á Hilton Reykjavík Nordica.

Jóladýrðin á Hilton

Föstudags- og laugardagskvöld, 21. nóvember – 13. desember

Ævintýrleg umgjörð og gómsætar veitingar frá matreiðslumeisturum VOX. Jógvan Hansen, Pálmi Sigurhjartar og Erna Hrönn skemmta gestum yfir borðum og ganga síðan til liðs við hljómsveit sem leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu. **Verð 9.400 kr.**

Jólin á VOX byrja 17. nóvember

Á VOX Restaurant verður einstakur jólamatseðill í boði fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð. Okkar sívinsælu jólahádegishlaðborð verða á virkum dögum og jólabrunch um helgar. **Verð 4.900 kr.**



Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is
Borðapantanir og nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is

V O X
RESTAURANT


Hilton
REYKJAVÍK NORDICA

VIÐ ERUM ÖLL
Í SAMAN LIÐI





Icelandair er aðalstyrktaraðili íslenskra landsliða

Í gær voru undirritaðir samstarfs- og styrktarsamningar Icelandair og íþróttahreyfingarinnar. Samningarnir eru þeir stærstu í íþróttasögu landsins og heldur Icelandair áfram að vera aðalstyrktaraðili íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og fjögurra sérsambanda innan þess, KSÍ, HSÍ, KKÍ og GSÍ.

Samningurinn felur meðal annars í sér að öll landslið Íslands í fótbolta, handbolta, körfubolta og golfi, sem og keppnisfólk á vegum ÍSÍ í öllum aldursflokkum kvenna og karla, geta nýtt sér áætlunarflug Icelandair til yfir 39 áfangastaða.

Við erum öll í sama liði.



    Vertu með okkur



HELGINN

Pétur Óskar Sigurðsson leikari

Lyftingar og partí

„Ég ætla að lyfta um helgina og reyna að ná 130 í deadlift. Ég ætla líka að skrifa og svo læra texta fyrir leiklistar-námskeið sem ég er á. Svo ætla ég að reyna að mæta í partí og ímynda mér að ég sé segull svo allir tali við mig. Sunnudagurinn fer svo í afslöppun og hugsanir um það hvort ég sé mögulega of svalur fyrir lífið.“



Benedikt Freyr Jónsson (Benni B-Ruff), plötusnúður og tónlistarmaður

Fjölskyldustundir og æfingar

Ég er ekkert að spila um helgina og verð því með fjölskyldunni allan tímann ásamt því að æfa með Dillalude fyrir tónleika 1. október á Kexi Hosteli.



Björn Stefánsson, tónlistarmaður og leikari

Úti um allt

Það er nóg að gera um helgina. Ég fer niður í Borgar-leikhús og sýni Línu Langsokk, spila svo Metallica-lög með Melrökkum á Rokkjötna-tónleikum í Vodafonehöllinni klukkan 16.00 og fer svo á Stóns æfingu.



Líf Magneudóttir varaborgarfulltrúi

Reynir að sofa út

„Við fengum næturpössun sem verður nýtt vel. Förum á forsyningu hjá Nönnu Kristínu sem er að fara að sýna stuttmynd sína Tvíliða-leik á Riff. Svo förum við á K-bar og fáum okkur hveitibjór og reynum að sofa út.“

Ljóskur sem draga úr heilastarfsemi karla

Birgir Snæbjörn Birgisson setti saman bók þar sem hann tekst á við hugmyndir manna um ljóshærðar konur og hvaða áhrif ljóskur geta haft á karlmenn.

Erla Björg Gunnarsdóttir

erlabjorg@frettabladid.is

Birgir Snæbjörn Birgisson myndlistarmaður hefur unnið með þemað um ljóskuna í tuttugu ár. Grein sem birtist í Sunday Times fyrir fáeinum árum kveikti enn eina hugmyndina um verk tengt ljóskubemanu. Þar var fjallað um hvaða áhrif ljóshærðar konur hafa á karlmenn.

„Greinin fjallaði um rannsókn sem var gerð og sýndi fram á að greindarvísitala karlmanna lækkar þegar þeir sjá ljósmýndir af ljóshærðum konum,“ segir Birgir.

Undanfarin misseri hefur Birgir orðið sér úti um hljómplötur, sem gefnar voru út á sjöunda, áttunda og níunda áratugnum, þar sem ljóshærðri konu hefur verið skellt framan á plötuumslagið. Hann hefur svo málað framan á umslögin og búið til myndverk þar sem ljóshærða fyrirsætan er

dregin fram. Úr fjögur hundruð myndum valdi hann svo 299 verk sem gefin eru út í bókinni Ladies, Beautiful Ladies, og er hún gefin út í tengslum við sýningu Birgis í Listasafni ASÍ.

„Fyrir utan það að kanna hvaða áhrif ljóskan hefur á karlmenn þá má segja að verkið standi sem rannsókn á hvernig ímynd ljóskunnar hefur verið notuð í gegnum tíðina og spegla það við samtímann, til dæmis hvernig konan birtist í tónlistarmyndböndum í dag. Ég tel að staða ljóskunnar sé mjög svipuð, ljóshært selur enn þá.“

Birgir telur ekki að ljóskan sjálf fari illa út úr verkum sínum. „Verkin snúast fremur um að við litum í eigin barm. Ljóskuumræðan snýst um ranghugmyndir okkar karla um ljóshærðar konur. Gagnrýnin snýr því að karlmönnum, hvernig við túlkum, upplifum og viðhöldum þessari mýtu um heimsku ljóskuna.“



SÝNING OG BÓK Bók Birgis með myndum af ljóskum framan á plötuumslögum er gefin út í tengslum við sýningu Birgis í Listasafni ASÍ.

“Ljóskuumræðan snýst um ranghugmyndir okkar karla um ljóshærðar konur. Gagnrýnin snýr því að karlmönnum, hvernig við túlkum, upplifum og viðhöldum þessari mýtu um heimsku ljóskuna.“

Kenning um ljóskusöguna

Birgir nefnir eina kenningu um hvernig ímynd ljóskunnar varð til og rekur það sig aftur til seinni heimstyrjaldar. Þá fóru konur út á vinnumarkað og urðu sjálfstæðari, upplifðu meira frelsi og gátu breytt ímynd sinni að vild. Til að mynda gátu þær keypt ódýran háralit og margar lituðu hárið ljóst eftir fyrirmyndum kvikmyndastjarna. Sagt er að karlmönnum hafi staðið ógn af þessum sjálfstæðu konum og þurft að mæta því með því að búa til þennan heimskustimpil á hana.



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD

TILNEFNINGAR TIL UMHVERFIS-VERÐLAUNA 2014

Ferðamálastofa óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna 2014

Verðlaunin eru hugsuð sem hvatning til ferðapjónustufyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga í ferðapjónustu sem þótt hafa skarað framúr á sviði umhverfismála

Allir geta sent inn tilnefningar

Nánari upplýsingar á www.ferdamalastofa.is



Hönnun: PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Iceland | Sími/Tel +354 535 5500 | Fax +354 535 5501
Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Iceland | Sími/Tel +354 535-5510 | Fax +354 535 5501



FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Á FJÖLSKYLDUTÓNLEIKA í kvöld á Rosenberg. Þar koma fram Rúnar Þórisson og Lára og Margrét Rúnarsdóttir ásamt hljómsveitinni Himbrima. Þeir hefjast klukkan 21.30 en hægt er að panta borð og fá sér bita fyrir tónleikana.



Á DISKÓ BERLÍN, níundu breiðskífu hljómsveitarinnar Nýdönsk, sem kom út fyrir í mánuðinum. Platan inniheldur fjölbreytilega popptónlist og hefur titillagið Uppvakningar fengið ágætis spilun á öldum ljósvakans. Hljómsveitin er með tónleika í Menningarhúsinu Hofi í kvöld af tilefni útgáfunnar.

KVÍÐASNILLINGANA, fyrstu

skáldsögu Sverris Norland. Í bókinni er saga þriggja drengja sögð, sem svo verða unglingar og fyrr en varir full-orðnir menn, og dregur höfundur upp frumlega mynd af hlutskipti karla í samtímanum.



Á STELPURNAR sem snúa aftur á Stöð 2 í kvöld. Fyrsti þátturinn í fimmtu þáttaröðinni af þessum vinsælu þáttum verður sýndur klukkan 20.05 þar sem margir af bestu gamanleikurum Íslands leggja saman krafta sína.



Eftir höfund *Hreinsunar*



Edgar er sannkallað kameljón og skiptir litum með nýjum ráðamönnum en lifir í stöðugum ótta um að upp um hann komist.

„... glæsilegasta verk Sofi Oksanen til þessa, hreint snilldarverk.“

Kaupalehti

„Djörf og mikilvæg skáldsaga ... sem sýnir hvernig sagan og pólitíkin stjórna lífi einstaklinga, móta það og leggja það í rúst.“

Aftonbladet





MÆÐGURNAR Ásta, amma Ástríðar, og Helena, móðir hennar, vilja segja sögu Ástríðar til þess að vekja athygli á því úrræðaleysi sem blasir við fíklum og aðstandendum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vildi komast á beinu brautina

Ung móðir stytta sér aldur á Vogji fyrr í mánuðinum eftir langa baráttu við vímuefnafíkn. Hún hét **Ástríður Rán Erlendsdóttir** og var aðeins 22 ára þegar hún lést. Móðir hennar, Helena Rós Sigmarsdóttir, og amma, Ástríður Grímsdóttir, segja hér frá baráttu Ástríðar Ránar, glímunni við kerfið og því úrræðaleysi sem blasir við fíklunum og aðstandendum þeirra. Eldri karlmenn nýti sér neyð kvennanna og ekki bara menn sem tengjast undirheimunum, líkt og var í tilfalli Ástríðar, þegar hún féll heima hjá einum slíkum.

Viktoría
Hermansdóttir
viktorija@frettabladid.is



Síðustu dagar hafa verið erfir hjá ástvinum Ástríðar Ránar. Alls konar tilfinningar hafa farið í gegnum huga þeirra líkt og líklega flestra sem missa nána ástvíni. Brostnar vonir og þrár um að Ástríður myndi ná sér aftur á strík, komast á beinu brautina og verða móðir sonar síns á ný. „Ég er hrygg og sorgmædd. Ef ég hefði ekki farið í þá miklu vinnu sem ég hef verið í undanfarið ár þá væri ég full af sjálfásökun í dag, en ég er það ekki. Mér finnst leiðinlegt að það hafi ekki verið nein almennileg úrræði,“ segir Helena Rós Sigmarsdóttir, móðir Ástríðar.

Fjölskyldan hefur gengið í gegnum ýmislegt undanfarin ár í baráttu Ástríðar við fíknina. Móðir hennar, Helena Rós, og amma, Ástríður Grímsdóttir, hér kölluð Ásta, sitja á heimili Helenu og fjölskyldu hennar og rifja upp síðustu ár í lífi Ástríðar. Baráttan hefur verið löng og ströng og endaði með því að Ástríður stytta sér aldur á meðferðarstofnuninni Vogji fyrir tveimur vikum.

Þó að stutt sé liðið frá því að Ástríður féll frá þá vilja móðir hennar og amma segja sögu hennar til að vekja athygli á því úrræðaleysi sem blasir við ungam fíklum og hættunum sem leynast í þeim heimi sem þeir lifa í.

Breyttist á einni nóttu

Ástríður var ósköp venjulegt barn sem ólst upp hjá móður sinni, fósturföður og bræðrum í Hafnafirði. Hún æfði fótbolta og var duglegur

námssmaður. Það breyttist skyndilega þegar hún var á fjórtánda ári, ný stelpa sem var í slæmum félagskap kom í bekkinn hennar. „Á einni nóttu breyttist hún úr venjulegri stelpu sem var nýbúin að taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni í að vera bara eins og hún væri andsetin. Við stóðum uppi úrræðalaus,“ segir móðir hennar. Ástríður hafði prófað ritalín hjá vini skólasysturinnar og það varð ekki aftur snúið. Hún kynntist eldra fólki í neyslu og var heilluð af undirheimunum. Við tók erfiður tími, fjölskyldan horfði á eftir dóttur sinni inn í heim sem þau þekktu ekki og höfðu engin tæk á að ná henni til baka. Ástríður hvarf oft og erfitt var að eiga við hana. Foreldrarnir vildu koma henni út úr því umhverfi sem hún var í og úr varð að hún var send á meðferðarheimilið Árbót í Aðaldal. Þar gekk henni vel en þegar hún kom í leyfi í bæinn lét hún sig hverfa. „Okkar markmið fyrst og fremst með því að kippa henni út úr samfélaginu var að hún myndi ekki skaða sig með fíkniefnaneyslu, myndi ekki steikja á sér heilann strax á unglingsárum þannig að það yrði óbætanlegt. Og það vildum við gera með öllum ráðum, hvort sem henni líkaði það betur eða verr,“ segir Helena.

Reyndi að byggja líf sitt upp

Ástríður var á Árbót þar til hún var 15 ára. Þá kom hún í bæinn, var í nokkrar vikur hjá fósturfjölskyldu úti á landi en entist ekki lengi þar og kom í bæinn. Næstu árin tóku við nokkrar meðferðir og föll inn á milli. Þó hélt Ástríður sig að mestu á beinu brautinni frá því hún var 17-19 ára. Á því tímabili eignaðist hún son sinn, vann mikið og reyndi að byggja líf sitt upp. „Hún gerði allt 120 prósent. Hún var til

dæmis harðdugleg í vinnu, var búin að vinna sig fljótt upp í vaktstjórn og hún ætlaði sér stóra hluti inn á milli,“ segir móðir hennar. „Við vorum búin að gera allt sem við gátum til að aðstoða hana við að stofna heimili, það leit allt vel út og við höldum að þessum kafla í lífi hennar væri bara lokið og hún væri komin á beinu brautina.“

Það reyndist því miður ekki vera raunin, fíknin sótti hart að henni. Leiðir hennar og barnsföður hennar skildi og þegar sonur hennar var um árs gamall fór að halla undan fæti á ný. Sumarið og haustið á eftir var hún í neyslu og endaði í meðferð í byrjun nóvember. Hún ákvað að vera í meðferðinni fram yfir jól og áramót og kom úr meðferðinni 1. janúar.

Eldri menn nýta sér neyð þeirra

„Þarna var hún á þeim stað að hún ætlaði að standa sig. Hún ætlaði að vera edru og hafði heilmikil áform um það. Hún byrjaði í skóla því hún ætlaði sér alltaf að verða eitthvað stórt. Þegar hún var lítil sagðist hún alltaf ætla að verða forseti en þegar hún var orðin eldri talaði hún oft um að hún vildi verða lögfræðingur,“ segir Helena en bæði hún og Ásta, amma Ástríðar, eru lögfræðingar.

„Síðan koma svona menn eins og þessi og setja allt úr skorðum,“ segir amma hennar og bendir á blað með útprentuðu samtali Ástríðar og þjóðþekktis manns á miðjum aldri. Maðurinn setti sig í samband við Ástríði á Facebook og byrjaði að tala við hana. „Það er vitað mál að það eru oft eldri menn sem eru með þessar stelpur sem hálfgerðar ambáttir en þetta sýnir að það eru ekki bara menn sem sjálfir eru í neyslu. Þarna er bara maður í finni



ÁSTRÍÐUR á myndinni er Ástríður ólétt af syni sínum. Frá 17 til 19 ára aldurs hélt hún sig að mestu á beinu brautinni og fjölskyldan hélt að þessum kafla í lífi hennar væri lokið.

HÖFUM OPNAÐ VERSLUN Í SMÁRALIND FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ*

TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM LAUGAR- OG SUNNUDAG Í A4 SMÁRALIND*

GÆÐAPAPPÍR



Vandaður 80 g pappír sem hentar í allar tegundir ljósritunarvéla, prentara og A4 faxtækja.

FERÐAVÖRUR



Samsonite

LÉTTLOPI



D2 - A1219

TEYGJUR



SPIL OG PÚSL



GILDIR
EINGÖNGU
Í A4
SMÁRALIND



*Tilboðin gilda einungis í A4 Smáralind og á meðan birgðir endast. Tax Free gildir af öllum vörum nema tilboðsvörum. Ríkissjóður fær sinn virðisaukaskatt (20.32%). Verðlækkunin er alfarið á kostnað A4. Birt með fyrirvara um prentvillur og vörufraunboð.

A4

Sími 580 0000 / www.a4.is

stöðu, miklu eldri sem fór að sýna henni áhuga," segir amma hennar.

Féll heima hjá manningum

„Þarna var hún búin að standa sig í einn og hálfan mánuð þegar þessi maður byrjar að pota í hana. Hún sagði mér strax af þessu og hló að því að þessi „gamli maður“ væri að tala við hana," segir amma Ástríðar. Þegar hún frétti af samskiptum mannsins við barnabarn sitt talaði hún við hann. „Ég sagði honum að láta barnið vera," segir hún alvarleg. Þá vissu þær ekki hvað samskiptin voru mikil. Á samskiptum þeirra á síðunni má sjá að þau ná yfir ellefu daga áður en hún fer að hitta hann. „Maður sér að hún er fyrst alltaf með undanbrögð af hverju hún komist ekki; hún segist vera að fara í skólann, á fund eða samkomu, þurfi að hvíla sig, sé með barnið sitt. Í nánast öllum þessum samskiptum á hann upptökin að samtalinu. Þegar ég les þetta yfir aftur þá þá spyr maður sig: Af hverju hættir ekki helvítis maðurinn? Af hverju djöflast hann áfram? Þessi fjöldi skilaboða sýnir hvað ásetningurinn er mikill, hann er að eiga við tvítuga stúlku, fimmtugur maðurinn," segir amma hennar.

„Síðan eftir nokkurra daga þrýsting frá honum lætur hún undan. Hún fer til hans og fellur heima hjá honum. Eftir þessa heimsókn fór allt niður á við hjá henni," segir amma hennar. Þær taka þó fram að þær séu ekki að kenna manningum um hvernig fór fyrir Ástríði á endanum. Þær vilja samt vekja athygli á því að þetta séu ekki alltaf menn sem sjálfir eru tengdir fíkniefnaheiminum sem séu að misnota sér neyð þessara stúlkna. Þær segja að mikilvægt sé fyrir foreldra sem eiga dætur í neyslu að skoða hverjir séu að setja sig í samband við stúlkurnar á samskiptasíðum. Í þessu tilfelli hafi verið um einbeittan ásetning að ræða þar sem maðurinn hafi áunnið sér traust hennar og lokað svo heim til sín, gefið henni áfengi og haft aðeins eitt í huga.

„Það er alveg skýrt að við erum ekki að leita að sökudólgi fyrir því hvernig fór. Þessi maður lagði samt sitt á vogarskálarnar við það," segir amma hennar. Samskiptin virðast hafa fjarað út eftir hittinginn. Þau spjalla aðeins lítilliga saman í nokkra daga á eftir en svo virðist maðurinn hafa misst áhugann á að tala við hana.

Kom eiginlega aldrei til baka eftir þetta fall

Eftir að Ástríður féll í þetta skiptið breyttist margt hjá henni. „Eftir þetta fall kom hún eiginlega aldrei til baka," segir mamma hennar. Fljótlega var hún komin í mikla neyslu og vafasaman félagsskap. Hún fór í nokkrar meðferðir í kjölfarið. Sambandið við fjölskylduna var takmarkað en þó alltaf eitthvað inn á milli. „Við vissum alltaf af henni og hún vissi að ef hún var að reyna að gera eitthvað í sínum málum þá var hún velkomin og við til staðar," segir móðir hennar. „Eftir þetta fundum við líka þá breytingu á henni að jafnvel þegar hún var nýkomin úr meðferð þá var hún ör og hefði þurft eitthvert utanumhald í framhaldi sem var ekki til staðar," segir amma hennar.

Úrræðaleysið algjört

Á þessum tíma bjó hún á ýmsum stöðum, leigði herbergi hjá vinkonu, vann inn á milli en fjölskyldan vissi lítið í hvaða ásigkomulagi hún var. Sonur hennar var hjá föður sínum og hitti hún hann sjaldan enda jókst neyslan mikið og hún var farin að sprauta sig. Inn á milli vildi hún komast á beinu brautina en það strandaði oft á úrræðum. „Í eitt skipti hringir hún í mig miður sín og segist vera að kveðja," segir amma hennar en það var ekki í fyrsta skipti sem hún kvaddi fjölskylduna. Ásta hringdi í vinkonu Ástríðar sem sagðist halda að hún væri á þeim stað að hún væri tilbúin til þess að fá hjálp. Í framhaldinu náði hún í hana og keyrði upp á bráðamóttöku geðdeilda. „Þegar ég kom var hún samt í nokkuð góðu jafnvægi, ég vissi ekki fyrr en síðar að í millitíðinni, frá því að ég tal-

aði við hana og þangað til ég sótti hana, þá hafði hún sprautað sig," segir Ásta. Þegar upp á geðdeild var komið var ekki laust pláss og þær beðnar að koma í hádeginu daginn eftir sem og þær gerðu. Þá var Ástríður í miklum fráhvörfum en engu að síður send aftur út þar sem ekki var laust pláss.

„Hún réð ekkert við sig, gat ekki stjórnað hreyfingum né því hvað hún sagði eða gerði," segir Ásta sem segist þá hafa sagt við lækinn að hann vissi að nú færi hún bara út og myndi fá sér skammt.

Læknirinn sagðist vita það en það væri ekkert annað hægt að gera, það væri ekki laust pláss. „Þannig að eins erfitt og það var, þá skutlaði ég henni vestur í bæ þar sem hún var búin að tryggja sér skammt og skildi hana eftir þar. Það var sárt en ég gerði það samt. Þarna var hún í þannig ástandi að hún hefði verið til í að gera eitthvað í sínum málum hefði hún komist inn, en hún var send aftur út á götu og fór aftur í sama far," segir amma hennar. Þetta var því miður ekki eina dæmið þar sem þau komu að lokuðum dyrum þegar hún var tilbúin til þess að fá hjálp. Dæmin eru fjölmörg og segja þær úrræðaleysið vera algjört. „Það skiptir svo miklu að ná á þessum tíma þegar fíkillinn er á þessum stað, nokkrum dögum seinna þegar pláss losnar þá er bara búið að redda sér meira og löngunin farin," segja móðir hennar.

Stjórnlaus neysla

Síðustu mánuðir hjá Ástríði voru stjórnlausir í neyslu. „Hún fór í rauninni bara hraðbyri niður. Við heyrðum alltaf af henni en sambandið var lítið. Ég gat til dæmis ekki talað við hana í síma, það endaði alltaf í öskrum þannig ég var farin að hafa öll okkar samskipti skrifleg, þá slapp ég alla vega við öskrin," segir móðir hennar.

Móðir hennar leitaði sér hjálpar fyrir ári í Fjölskylduhúsi. „Ég sæti ekki hér í dag að tala um þetta ef ég hefði ekki unnið í mínum málum. Ég var sjálf orðin svo tætt og fann að það var farið að koma niður á öðrum fjölskyldumeðlimum," segir Helena. Í Fjölskylduhúsi fékk hún stuðning frá foreldrum annarra fíkla sem voru í sömu stöðu. „Það hefur hjálpað mér mikið að skilja þennan sjúkdóm," segir hún.

Það var svo fyrir rúmum tveimur vikum að Ástríður kom inn í sína síðustu meðferð. Hún kom inn í meðferðina á miðvikudegi. „Hún skráði sig sjálf í meðferð og mér skilst að hún hafi verið í mjög slæmu ástandi þegar hún kom. Í vímu sem sýnir okkur að hún hafði vilja til að ná einhverjum bata," segir móðir hennar. Á föstudagskvöldinu komu síðan til þeirra tveir lögregluþjórnar og tilkynntu fjölskyldunni um það sem þau höfðu óttast að heyra allt of lengi. Ástríður var dái.

Þær segja að ekkert hafi bent til þess að hún hafi ætlað sér að svipta sig lífi. Hún hafi ekki skilið eftir nein skilaboð eða kvatt neinn. „En það er eins og við vitum að fíkniefni leiða til geðveiki eða dauða. Ég les þetta ekki öðruvísi en að þetta hafi verið stundarbrjálæði, algjör geðveiki sem veldur því að hún tekur þessa ákvörðun í lokin. Þessi stelpa sem þú sérð á þessari mynd," segir móðir hennar og bendir á fallega mynd af Ástríði sem stendur á borðinu, og heldur áfram: „Þessi stelpa hefði aldrei gert þetta. Þessi ótrúlega mynd og skemmtilega stelpa sem hún var þegar hún var ekki í neyslu," segir móðir hennar.

Mæðgurnar eru sammála um það að úrbóta sé þörf í þeim málaflökki sem snýr að ungum fíklum. „Það þarf meira utanumhald þegar út er komið. Meðferðirnar þurfa líka að vera lengri. Það er ekki nóg að koma út og þá sé fátt sem taki við. Af því að hún var orðin fullorðin var fjölskyldan aldrei höfð með í ráðum, aldrei búið til neitt stuðningsnet í kringum hana. Þó að það sé áfangaheimili er oft erfitt að komast inn á þau. Það þarf að vera öflugri stuðningur og betri úrræði," segir hún.



UPPLIFDU ÚRRÆÐALEYSI Mæðgurnar eru sammála um að úrbóta sé þörf í þeim málaflökki sem snýr að ungum fíklum. „Þessi stelpa hefði aldrei gert þetta. Þessi ótrúlega mynd og skemmtilega stelpa sem hún var þegar hún var ekki í neyslu," segir Helena.



LÖNG OG STRÖNG BARÁTTA ÁSTRÍÐAR VIÐ VÍMUEFNI

Ástríður Rán Erlendsdóttir fæddist 31. júlí 1992 og lést 12. september síðastliðinn, aðeins 22 ára gömul. Ástríður var ósköp venjulegt barn, dugleg í skóla og æfði fótbolta. Þegar hún var 14 ára gömul prófaði hún ritalín í fyrsta skipti og eftir það varð ekki aftur snúið. Baráttan var löng og ströng, hún fór í fjölmargar meðferðir en náði góðum tímabilum inn á milli enda vildi hún standa sig og vera syni sínum góð móðir. Síðustu mánuðir í lífi Ástríðar voru erfðir, neyslan var stjórnlaus og hún fór í sína síðustu meðferð fyrir rúmum tveimur vikum.



„En það er eins og við vitum að fíkniefni leiða til geðveiki eða dauða. Ég les þetta ekki öðruvísi en að þetta hafi verið stundarbrjálæði, algjör geðveiki sem veldur því að hún tekur þessa ákvörðun í lokin.

Ástríður, amma Ástríðar Ránar



Við hvetjum Alþingi að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp um textun á íslensku sjónvarpsefni

- talið er að allt að 45 þúsund Íslendingar þurfi að notast við textun á íslensku efni í sjónvarpi -



íslenskt táknmál - traustur grunnur - blómstrandi menning

UMBRIA

MARGRÓMAÐI FJÖLSKYLDUSÓFINN



Hnakkapúðar ekki innifaldir í verði.

369.990

FULLT VERÐ: 419.990

Stærð: 330X265 H: 78 cm.

Umbria sófarnir eru til í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

VÖNDUÐ SKANDINAVÍSK HÖNNUN

LONDON – HORNSÓFI



LONDON HORNSÓFI 2H2
Stærð: 220X220 H: 86 cm.
Eikargrind. Slitsterkt grátt áklæði.
Einnig til í svörtu leðri.

299.990

FULLT VERÐ: 359.990

289.990

FULLT VERÐ: 319.990

BRIGHTON – 3JA SÆTA SÓFI



BRIGHTON 3JA SÆTA SÓFI.
Stærð 3ja sæta: 202X77 H: 80 cm. 2ja sæta 150x77 H: 82 cm
Eikargrind. Svart, koniaksbrúnt og dökkbrúnt leður.
Einnig fáanlegur 2ja sæta. Fullt verð 259.990. **Tilboð: 229.990**

SMÁVARAN STREYMRIR Í HÖLLINA

iittala

ALESSI

IW
homeware

Rosenthal

by nord

VIDIVI
Väst och Västmanland

nuance

BLOOMINGVILLE

S.O.U.L
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

Rosti Mepal

b
broste
CORPORAAL

bodum

S.O.U.L
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

CAMBRIDGE
Loftljós
Þverm: 38 cm
Verð: 49.990

HARVARD
Standlampi
Verð: 89.990

Hæð:
180 CM

BY NORD
Koddaver
5.490 kr
Sængurver
17.990 kr.



IITTALA kertastjarkar Verð: 2.490–5.990 kr.

BY NORD
púði
60x60 cm
21.990 kr.
80x80 cm
29.990 kr.

MARS&MORE
púði 40x60 cm
5.990 kr

BLOOMINGVILLE
eldhúsvíkt
9.990 kr.

PAUL PAVA
könnur
2 saman
4.390 kr.

PAUL PAVA
Brúsi
6.990 kr.

PAUL PAVA Diskur minni 12.990 stærri 14.990 kr.

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bildshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

EGGERT

EGGERT
NÝTT
4 LITIR

METSÖLUSÓFINN FRÁ **IDdesign**

ÓTRÚLEGT
VERÐ
IDdesign

Verð og vörupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

EGGERT 3ja sæta sófi
Stærð: 186x84 H: 83 cm
Slitsterkt áklæði í fjórum litum,
ljós- og dökkgrátt, dökkblátt og
limegrænn. Viðarlappir.

79.990

FULLT VERÐ: 99.990

EGGERT stóll
Stærð: 82x84
H: 83 cm.
4 litir.

54.990

FULLT VERÐ: 69.990

HÚSGÖGN FYRIR LIFANDI HEIMILI

DC 4200 – 3JA SÆTA SÓFI



DC 4200 3ja sæta sófi.
Stærð: 211x82 H: 85 cm.
Eikargrind. Svart, koníaksbrúnt og dökkbrúnt leður.
Einnig fáanlegur 2ja sæta

299.990

FULLT VERÐ: 329.990

239.990

FULLT VERÐ: 269.990

UMBRIA – TUNGUSÓFI



UMBRIA Tungusófi
Stærð: 305x163 H: 85 cm.
Ljós- og dökkgrátt, turkisbláu og rautt slitsterkt áklæði.
Einnig fáanlegur í leðri.

Hnakkapúði ekki
innifaldir í verði.

MARGRETARSKÁLIN Í 60 ÁR – AFMÆLISTILBOÐ

AFMÆLIS-
TILBOÐ
MARGRETAR-
SKÁLIN

Margretarskálin á 60 ára afmæli í ár. Upprunalegu litirnir voru framleiddir á ný í tilefni afmælisins. Margretarskálin hefur fengið ótal hönnunarverðlaun og telst til sígildra hönnunargripa.

NÚNA ER TILBOÐ Á MARGRETARSKÁLUNUM Í ÖLLUM LITUM Í HÖLLINI.



HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI



GUÐRÚN S. GÍSLADÓTTIR „Ég held að íslenskar kellingar séu dálítið sérstakar, þær eru naglar sem bjarga sér við hvaða aðstæður sem koma upp.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Afskaplega íslensk kelling

Ein hver umdeildasta bók síðustu ára, *Konan við 1000°*, er orðin að leiksýningu. Aðalhlutverkið er í höndum **Guðrúnar S. Gísladóttur**, sem segist ekki láta álit annarra á persónunni hafa nokkur áhrif á sig og byggja túlkun sína á henni meðal annars á ömmu sinni og ömmusystur. Hún segir frá íslenskum kerlingum og lönguninni til að leika Pétur Gaut á sviði.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Konan við 1000° eftir Hallgrím Helgason var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi. Það er Guðrún S. Gísladóttir sem túlkar Herbjörgu Maríu Björnsson, einhverja eftirminnilegustu kvenpersónu sem íslenskar bókmenntir hafa alið. Hvaða skoðun hefur hún á þessari umdeildu persónu og hvernig hefur hún nálgast hana?

„Herbjörg er Ísland eins og það hefði orðið ef það hefði lent í skilvindu seinni heimsstyrjaldarinnar. Það er ekkert flóknara en svo. Persónan er náttúrulega um það bil að drepa á sviðinu, en þó þræðir Herbjörg þetta allt saman. Hún er bæði aðalpersóna verkisins og sögumaður þess og er á sviðinu frá upphafi til enda. Þetta er rosalega mikil saga; seinni heimsstyrjöldin og eftirhreytur hennar, rússneski herinn og þýski herinn, auk sögu Íslands frá upphafi síðustu aldar fram á þennan dag. Það var eðlilega nauðsynlegt að sleppa ansi miklu af því sem er í bókinni þar sem einungis sjö leikarar eru í sýningunni, en það held ég hljóti að hafa verið höfuðverkur höfundarins Hallgríms Helgasonar, sem sjálfur skrifaði leikgerðina. Það var hann sem þurfti að velja og hafna.“

Verkið er sýnt í Kassanum en Guðrún segist ekki vita hvað hafi ráðið þeirri ákvörðun. „Þetta hefði auðvitað orðið allt önnur sýning ef við hefðum verið á stóra sviðinu með kóra og sjötíu hermenn og svo

framvegis. En þetta litla rými og fáu leikarar skapa hins vegar nánd sem ekki hefði náðst á stóru sviði. Og áherslan hér er á þroskasögu konu.“

Bókin hefur notið mikilla vinsælda og valdið deilum en Guðrún segir það ekki skipta sig neinu máli. „Þessi persóna er auðvitað að minnsta kosti fimmtíu prósent skáldskapur og ég hef ekkert kynnt mér sögu fyrirmyndarinnar eða fylgst með þeim deilum sem spruttu upp um efni bókarnar. Ég skapa persónuna út frá þeim íslensku kellingum sem ég hef kynnt í gegnum lífið og verður oft hugsað til ömmu minnar og ömmusystur sem voru úr Húnavatnssýslunni og höfðu sannarlega munninn fyrir neðan nefið. Mér finnst Herbjörg nefnilega vera alveg afskaplega íslensk kelling. Ég held að íslenskar kellingar séu dálítið sérstakar, þær eru naglar sem bjarga sér við hvaða aðstæður sem koma upp. Kannski stafar það af því að við höfum alltaf þurft að vinna öll verk í þessu landi. Ég er ekkert viss um að slíkar kellingar fyrirfinnst alls staðar í heiminum.“

Vill leika Pétur Gaut

Talandi um íslenskar kellingar, það blossar alltaf annað slagð upp umræða um að bitastæð hlutverk fyrir leikkonur verði sífellt færri eftir því sem árunum fjölgi. Guðrún segir það vissulega vera alveg rétt, þótt hún viti svo sem ekki hvað valdi því. „Auðvitað er það ferlega fúlt að þegar maður er farinn að kunna miklu meira en maður gerði fyrir tuttugu árum þá sé ekkert hægt að nota það. Þetta er svo sem ekki íslenskt vandamál og það hafa alltaf verið mun færri kvenhlutverk í leikhúsinu. Við þurfum kannski að fara



KONAN VIÐ 1000°
Guðrún segir Herbjörgu Maríu vera afskaplega venjulega íslenska kerlingu.

að horfa öðrum augum á þessi stóru hlutverk. Mig hefur til dæmis alltaf langað til að leika Pétur Gaut og Ríkharð þriðja og alla þessa kalla og kannski á ég bara eftir að gera það.“

Guðrún hóf störf í Þjóðleikhúsinu strax að námi loknu en flutti sig yfir til Leikfélags Reykjavíkur og lék þar í tíu ár áður en hún sneri aftur í Þjóðleikhúsið. Hún segist bera sterkar taugar til Þjóðleikhússins og alls ekki vera sama um hvernig framtíð þess verður. Sú athugasemd leiðir talið að væntanlegum leikhússtjóranskipnum sem hún þvertur fyrir að vita nokkuð um.

„Hver er ráðinn hverju sinni er bara geðþóttaákvörðun hjá menntamálaráðherra hvers tíma. Við, starfsfólk hússins, höfum stundum reynt að hafa í frammi einhverjar skoðanir á því en það hefur aldrei verið hlustað á okkur. Mig dreymir um útlendan þjóðleikhússtjóra og reyndi að ræða það bæði við ráðuneytið og þjóðleikhúsráð, en það hafði enginn áhuga á þeirri hugmynd. Okkur vantar einhvern ókunnugan, óvenslaðan, ópólítískan fagmann til að stjórna leikhúsinu eitt tímabil. Ég skil ekki hvað ætti að vera svona hættulegt við það, nema það sé ein-

göngu litið á þetta sem pólitíska stöðu. Við Íslendingar megum hins vegar fara um allan heim og reka listasöfn og leikhús, enda þykir það sjálfsagt alls staðar í heiminum að ráða erlent fólk í slíkar stöður. Ég held að við séum bara svo hrædd um að klíkuskapurinn okkar myndi ekki virka ef það kæmi utanaðkomandi manneskja í stöðuna.“

Gengur allt í hringi

Það eru 37 ár síðan Guðrún lauk námi í leiklist og hún hefur meira og minna staðið á sviðinu síðan, hvað finnst henni hafa breyst mest

UMDEILD BÓK

Skáldsaga Hallgríms Helgasonar, Konan við 1000°, kom út haustið 2011 og vakti mikinn úlfabýt. Hallgrímur dró enga dul á það að kveikjan að verkinu væri ævi Brynhildar Georgíu Björnsson, barnabarns Sveins Björnssonar forseta, sem látist haðfi árið 2008. Ítrekaði þó í formála að sagan væri skáldskapur og bæri engan veginn að lesa hana sem ævisögu Brynhildar.

Dóttir Brynhildar, Guðrún Jónsdóttir, skrifaði grein í Fréttablaðið í janúar 2012 þar sem hún lýsti harmi sínum yfir bókinni og sagði meðal annars: „Prátt fyrir erfiða ævi þar móðir mín höfuðið hátt og sýndi andlega reisn og mikilfengleika til hinstu stundar. Nú er komin út skáldsaga langt fyrir neðan það plan. Þar á hún neistann en bara brotabrot af söguþræðinum. Þó verkið sé skáldsaga hlýtur það að vera atlaða að minningu hennar sem er dýrmæt fjölskyldu og vinum. Eftir sitja spurningarnar um hið siðferðilega.“

Páll Valsson, bókmenntafræðingur og rithöfundur, svaraði grein Guðrúnar á síðum Fréttablaðsins nokkrum dögum síðar.



HALLGRÍMUR HELGASON

Par sagði hann meðal annars: „Tæplega hvarflar að nokkrum lesanda að sá sé að lesa sanna ævisögu Brynhildar Georgíu, og skorinorð aðfaraorð höfundar taka þá af öll tvímæli í því efni. Þess vegna held ég að áhyggjur Guðrúnar af mannorði móður sinnar séu óþarfar. Þvert á móti held ég að skáldsaga Hallgríms kalli á bæði virðingu og samúð með söguhetjunni – og þá ef til vill á forvitni til þess að kynna sér raunverulega sögu þeirrar merkilegu konu sem blés skáldinu sagnaranda í brjóst.“

Margir fleiri lögðu orð í belg og sýndist sitt hverjum. Ýmist var Hallgrímur fordæmdur fyrir siðleysi eða vörnnum haldið uppi fyrir hann þar sem um skáldskap væri að ræða. Bókin var síðan tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs ári síðar og aftur skrifaði Guðrún grein í Fréttablaðið þar sem hún harmaði þá tilnefningu: „Það er ekki tilgangur minn

að ræða bókmenntalegt gildi verksins og því síður muninn á skáldskap og veruleika, hann þekki ég vel. Ég velti hins vegar upp stórum spurningum um siðgæði og trúir því seint að nokkur maður myndi kjósa að fjölskylda sín yrði gerð að féþúfu með þessum hætti. Með fullri virðingu fyrir tjáningarfrelsi og skapandi skrifum hlýtur það alltaf að vera á ábyrgð höfundarins hvernig hann byggir upp bók og hvað hann nýtir sér til þess. Hann á mikilvægt val varðandi friðhelgi einkalífs og hversu langt hann gengur í að særa með texta sínum.“

Hallgrímur sjálfur hefur sagt í ljósi viðbragða við bókinni að skáldskapur og sagnfræði séu sitt hvað og krafan um að „fara rétt með staðreyndir“ eigi ekki við skáldskap: „Skáldskapur snýst um allt annað en það. Hann snýst um að snúa á hvolf, fara rangt með, ýkja og setja í nýtt samhengi. Allt í þeirri von að skapa eitthvað sem lifir sjálfstæðu lífi, óháð sagnfræði og sannfræði. Um hvað eiga rithöfundar að skrifa ef það á að banna þeim að sækja sér innblástur í lífið í landinu eins og því hefur verið lífað?“ (Fréttatíminn 17.01. 2013)

í íslensku leikhúsi á þessum árum? „Það er nú það. Eitthvað hlýtur nú að hafa breyst, andskotinn hafi það. En ég bara get ekki svarað þessu, þetta gengur allt í einhverja hringi. Jú, eitt hefur mikið breyst. Þegar ég byrjaði í Þjóðleikhúsinu 1977 þá voru þar yfir þrjátíu fastráðnir leikarar, nú erum við innan við tíu, held ég. Annars eru tölur og ættaröfn ekki mín sterka hlið. En í fyrra þegar við vorum að leika Eldraunina þá þótti fólki það alveg stórkostlega gaman og furðulegt að sjá sýningu með svona mörgum leikurum, við vorum sautján. Fyrir tuttugu árum þótti bara eðlilegt að það væru þrjátíu leikarar eða meira í einni sýningu. Við gætum til dæmis alveg notað fjörutíu manns í Konuna við 1000° en við erum sjö. Auðvitað er fullt af lausráðnum leikurum við húsið sem hægt er að kalla til, en það er ekki það sama.“

Það er ekki hægt að taka viðtal við listakonu án þess að forvitnast um hvort henni finnst skipta máli að hafa konur við stjórn leikhúsa. Guðrún segist ekki álíta að það skipti máli. „Það fer bara eftir karakter manneskjunnar hvernig stjórnandi hún er, ekki eftir kyni. Hins vegar finnst mér þessi umræða á svolitlum villigötum. Fyrir það fyrsta finnst mér að við ættum að hafa sömu laun óháð kyni og þótt kona sé ráðin útvarpsstjóri eða verði menntamálaráðherra eða eitthvað þá breytir það ekki launamisréttinu. Svo er þessi kynjakvóti líka stundum notaður sem afsökun fyrir því að ganga fram hjá hæfu fólki. Núna segja allir: Nei, nei, það verður ekki kona þjóðleikhússtjóri næst, við erum búin að hafa konu. Afskaplega skrytið viðhorf og kemur listinni ekkert við. Mér finnst ansi mörg vopn hafa snúist í höndum okkar kvenmannanna.“

EKKI EINS MANNS STARF

Snúum okkur aftur að Konunni við 1000°. Hvernig hefur æfingafærlid gengið? „Það er búið að vera voða gaman að vinna þetta og mér list mjög vel á þessa ungu konu, Unu Þorleifsdóttur, sem leikstýrir og sömuleiðis Evu Signýju Berger sem gerir leikmyndina og Agnieszku Baranowski sem gerir búningana. Þetta er skemmtilegur hópur, sem er nú þegar upp er staðið það sem skiptir mestu máli. Starf leikarans er ekki eins manns starf og það er alveg sama hversu gott hlutverkið er, ef vinnan í hópnum er ekki skemmtileg þá deyr það í höndunum á manni.“

Það má ganga út frá því að nútíu prósent þeirra sem koma til að sjá verkið hafi ákveðnar skoðanir á því hvernig persóna Herbjörg er. Eykur það ekki álagið á leikkonuna? „Nei, mér er alveg sama um það. Ég lék Sölku Völku á sínum tíma og það höfðu nú aldeilis allir ákveðnar skoðanir á því hvernig hún ætti að vera. Maður getur ekki látið það hafa áhrif á sig. Ég skapa þessa persónu út frá minni reynslu af íslenskum konum og minni upplifun af henni. Ég er líka afskaplega þakklát þessum stórkarlalega kvantexta frá höfundinum, þetta eru virkilega orð í tíma töluð, enda er Herbjörg ekki mjög hrifin af þessari þjóð. Mér finnst hún alveg þrælskemmtileg persóna og tilsvörin hennar eru óborganleg, eini gallinn er að þau eru kannski að verða mér of tóm utan sviðs.“

HAUSTMÁNI VIÐ TJÖRNINA

Kínversk menningardagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur

27. september frá kl. 14:00–17:00

Við fögnum 10 ára starfsafmæli Konfúsíusar-stofnananna um víða veröld og bjóðum haustið velkomið með fjölbreyttri menningardagskrá.

Ber þar helst að nefna ljósmyndasýningu Vytautas Daraškevicius, íslenskar ljóðabýðingar á kínverskum ljóðum, kínverskar veitingar, tónlistaratriði og margt fleira.

Dagskrá á sviði:

- 14:00 Fiðlu- og píanódúett flytur kínverska tónlist
- 14:25 Sópransöngkonan Xu Wen syngur kínverskt lag
- 14:30 Hraðnámskeið í kínversku
- 15:00 Kynning á kínverskri skrautskrift
- 15:30 Sýnikennsla í mánakökubakstri
- 16:00 Taiji sýning og kennsla
- 16:30 Fiðlu- og píanódúett flytur kínverska tónlist, dúettinn skipa Björk Óskarsdóttir og Huang Liwen

Allir hjartanlega velkomnir

www.konfusius.is

Fasisminn klæðir sig í felubúning

Hægri öfgastjórnsmálaflokkar eru í uppgangi víða um Evrópu. Flestir eru þeir andsnúnir innflytjendum, fjölmenningu, alþjóðavæðingu og auknu valdi Evrópusambandsins. Nýlegt dæmi er gott gengi hinna umdeildu Svíþjóðardemókrata. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir að flokkar þjóðernispopúlísta hafi skipt um aðferðafræði eftir að fjármálakreppan reið yfir.



Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is

Uppgangur hægri öfgaflokka, eða þjóðernispopúlísta, hefur verið mikill í Evrópu undanfarin ár.

Flestir eru þeir andsnúnir innflytjendum úr röðum múslima, fjölmenningu, alþjóðavæðingu og auknu valdi Evrópusambandsins. Margir flokkanna hafa náð góðum árangri í þingkosningum heima fyrir og í kosningum til Evrópuþingsins, meðal annars með því að notfæra sér slæmt efnahagsástand heima fyrir í kjölfar



EIRÍKUR BERGMANN

kreppunnar. Svíþjóðardemókratar, sem eiga rætur að rekja til nýnasisma, náðu óvænt þrettán prósent fylgi í síðustu þingkosningum og er flokkurinn orðinn sá þriðji stærsti í landinu. Aðspurður segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, að árangur þeirra hafi ekki komið á óvart miðað við það sem hefur verið að gerast í nágrenna-

löndunum. „Svíþjóð hefur verið það ríki Norðurlandanna þar sem uppgangur svona flokka hefur komið seinast fram og stuðningurinn verið minnstur. Að því leyttinu er það eftirtektarvert hvað Svíþjóðardemókratar stökkva rosalega geyst fram núna. Fyrir fjórum árum fengu þeir fyrstu þingsætin og um fimm prósent atkvæða en núna eru þeir komnir í þrettán prósent,“ segir Eiríkur, sem er sjálfur að vinna að rannsókn sem snýst um að greina uppgang hægri öfgaflokka í Evrópu. „Svipað hafði gerst í Finnlandi 2010, þannig að Svíþjóðardemókratar eru seinustu þjóðernispopúlístar til að ná sterkri stöðu í Skandinavíu.“

Það sem er sérstakt við Svíþjóðardemókratana, að mati Eiríks, er að


þeir eru harðari þjóðernispopúlístar en aðrir flokkar, hafa mun skýrari tengingu við nýnasistahreyfingar og eru að mörgu leyti fasískari í ummælum. „Það sem er að gerast núna eftir fjármálakrísuna er að það er komin fram þriðja kynslóð þjóðernispopúlístaflakka frá því eftir seinni heimsstyrjöld. Hún er frábrugðin þeim fyrri því hún fjarlægir sig frá skýrum tengslum við nasisma og fasisma,“ segir hann. „Fyrsta bylgjan kemur upp úr 1970 með fólki eins og Jean-Marie Le Pen [fyrirverandi leiðtoga Þjóðfylkingarinnar í Frakklandi] sem setti sig meðal annars upp á móti fjölmenningsamfélaginu sem þá var komið fram í Evrópu. Síðan koma dálítið harðar hreyfingar, nýnasistahreyfingar, þar sem menn eru með fasískar tákmyndir alls staðar og halda þeim á lofti. Þetta gerðist eiginlega úti um alla Austur-Evrópu, hjá Jobbik-hreyfingunni í Ungverjalandi og víðar,“ bætir Eiríkur við.

„En það sem gerist eftir fjármálakrísuna er að þessar hreyfingar skipta um taktík og fara meira inn í meginstraumsstjórnsmál. Þær flytja sig af jaðrinum og inn í það þóknalega. Skýrasta dæmið um þessar breytingar er í Bretlandi. Þar hafði Breski þjóðernisflokkurinn mestan stuðning slíkra flokka, en meðlimir hans viðurkenndu að þeir væru rasistar. Þá kemur fram UKIP [Sjálfstæðisflokkur Bretlands] sem tekur þessa stöðu en þeir nota ekki fasíska retórík. Þetta er breytingin og þetta eru Svíþjóðardemókratar að gera. Þeir eru byggðir á flokki sem var beintengdur nýnasistum en skipta einfaldlega um nafn. Samt er sama fólk þarna og alltaf eru að nást á myndbönd ummæli sem voru þau sömu og þau voru fyrir. Þau bara nota þau ekki í opinberri umræðu.“

Eiríkur telur eðlilegt að hafa áhyggjur af þessum uppgangi hægri öfgaflokka í Evrópu, því oft kemur þjóðernispopúlísmi þeirra aftan að fólki. „Fasisminn felur sig alltaf. Hann klæðir sig í þann felubúning sem þykir ásættanlegur á hverjum tíma. Hann birtist ekki í sama formi og slíkar hreyfingar voru í annarri tíð, heldur í þeirri tíð sem gildir. Að því leyttinu til fer hann mjög leynt.“



Hægri-öfgaflokkar í Evrópu



→ Framsóknarflokkurinn býr yfir mörgum einkennum þjóðernispopúlístaflakka



SVEINBJÖRG BIRNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR

Hægri öfgaflokkar hafa ekki náð fótfestu hér á landi hingað til. Spurður hvort þjóðernispopúlísmi sé það sem koma skal á Íslandi, eins og gerst hefur í nágrennalöndunum, segir Eiríkur Bergmann: „Á Íslandi hefur það verið þannig í gegnum áratugin að sjónarmið sem þóttu óþóðleg víðast hvar í Evrópu og hróktust þar af leiðandi út á jaðarinn, lífðu ágætu lífi innan almennra stjórnmálaflokka á Íslandi. Þannig að það var ekki sama þörf til að stofna sérstaka flokka utan um slík sjónarmið,“ segir hann.

„Hins vegar höfum við séð að stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa núna í seinni tíð tekið upp sum af þeim stefnumálum og aðferðum sem er beitt í þjóðernispopúlístaflökum í Evrópu.“ Hann nefnir Framsóknarflokkinn sem dæmi og muskulíð sem tröllreið samfélaginu skömmu fyrir síðustu þingkosningar þegar Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti flokksins og flugvallarvina í Reykjavík, sagðist vilja afturkalla lóð til Félags múslima. Einnig nefnir hann fleiri dæmi úr Framsóknarflokknum eins og áherslu hans á þjóðmenninguna, að hið íslenska sé einhvers konar andsvar við hinu útlenska og að meiri afmörkun ætti að vera á milli „okkar“ sem tilheyrum þjóðinni og „hinna“ sem eru fyrir utan hana. „Ég hef notað tíu einkenni þjóðernispopúlístaflakka og íslenski Framsóknarflokkurinn tikkar í allmörg box af þeim,“ segir Eiríkur. „Framsóknarflokkurinn var ekki stofnaður sem þjóðernispopúlístaflökur en hann hefur mjög djúpar rætur til íslenskrar þjóðmenningar. Að því leyttinu til er hann á einhvern hátt þjóðernishreyfing.“ Að sögn Eiríks er Framfaraflokkurinn í Noregi líklega mýksta útgáfan af þjóðernispopúlístaflökum í Evrópu en Svíþjóðardemókratar myndu flokkast með hördum slíkum hreyfingum. „Það er klárt að ef við myndum flokka Framsóknarflokkinn með þjóðernispopúlístum þá væri hann svona í mýrki endanum.“

EFTIRTEKTARVERÐ UMMÆLI LEIÐTOGA

„Íslam eru ekki trúarbrögð, það er hugmyndafræði, hugmyndafræði um vangefna menningu. Ég er ósáttur við íslamskar hefðir, menningu, hugmyndafræði. Ekki múslima.“



Geert Wilder, leiðtogi Frelsisflokksins í Hollandi.

„Annaðhvort á fólk að erfa franskan ríkisborgararétt eða það verður að hafa unnið til hans.“



Marine Le Pen, leiðtogi Þjóðfylkingarinnar í Frakklandi.

„Að sjálfsögðu eru ekki allir innflytjendur glæpamenn en það eru tengsl þar á milli.“



Jimmie Akesson, leiðtogi Svíþjóðardemókrata í Svíþjóð.



Nýtt

JUDIT löber. B40xL140cm
Dökkgrænt **1.150,-**



Nýtt

FÄRGTON öskjur. Ø9, H5cm
Ýmsir litir **890,-/3 í pk.**



ERIKSLUND mynd í ramma
B72xH32cm. Draumatré **1.950,-**

390,-/30 í pk.



Nýtt

UTFÖRLIG servíettur. B33xL33cm
Hvítt/marglitt



Nýtt

FÖRNYBAR frystipokar, 5l
Grænt **390,-/30 í pk.**
Einnig til í fleiri stærðum

Heimilið nær nýjum hæðum

Það er skemmtilegt, og getur verið endurnærandi, að breyta örlítið til á heimilinu. Það þarf hvorki að vera tímafrekt né dýrt. Nýr púði í sófann, nýr uppáhaldstebolli eða nýr ilmur þegar kveikt er á kertunum eftir að farið er að skyggja, lífga upp á heimilið. Njóttu þess.



Nýtt

HAVERDAL rammar. Grátt
B13xH18cm **790,-**
B18xH24cm **990,-**



Nýtt

LUGGA ilmkubbakerti
Ø7, H10cm. Drappað
990,-/3 í setti
Einnig til í fleiri litum



Nýtt

NORDRANA
körfur. Inniheldur: 2 stk.
B9xL9, H11, 1 stk. B19xL19, H15,
og 1 stk. B29xL9, H11cm. Grátt
1.950,-/4 í setti



Nýtt

DUKNING skál Ø19,
H7cm. Marglitt **1.690,-**



Nýtt

BACKVIAL rúmteppi
B150xL250cm. Svart/hvítt **3.950,-**
Einnig til fyrir tvíbreitt rúm



Nýtt

ENIGT kannu. 36cl. H8cm
Hvítt/grænt

690,-

Nýtt



Nýtt

SVIRA kassar. Grátt/hvítt
B33xD39, H33cm eða
B39xD48, H19cm **1.990,-/stk.**



Nýtt

490,-/4 í pk.

ELLY diskapurkur. B50xL65cm
Hvítt/grænt



3.950,-



Nýtt

LUKTASTER púðaver. B65xL40cm
Marglitt **1.890,-** Innri púði seldur sér



Nýtt

SISSELA rúmföt. 100% bómull
B150xL200/B60xL50cm
Hvítt/dökkgrátt **2.450,-**



Nýtt

ENIGT hliðardiskur. Ø22cm
Hvítt/grænt **490,-**



Nýtt

NORDRANA körfur. Inniheldur:
1 stk. B27xL27 og 1 stk. B21xL22cm
Grátt **1.650,-/2 í setti**



Nýtt

LUGGA ilmkerti í glasi. H10cm
Drappað **1.290,-** Einnig til í fleiri litum



VEITINGASTAÐURINN

TILBOÐ: Lambaskanki með
kartöflumús, sósu og sultu
Til að njóta á staðnum ~~1.195,-~~

995,-



Aðeins
á matseðli
í september

Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is





SAMSTÍGA Pau segja lítið mál að vera saman í hljómsveit og sinna fjölskyldulífina líka.

”Petta kvöld vorum við að labba á Laugaveginum og þá kom miðaldra maður skælbrosandi upp að mér og sagði: „Hey, þú syngur Hossa hossa, þú dansar alveg rosalega asnalega!”
Steinunn

Mestu máli skiptir að hafa gaman

Steinunn Jónsdóttir og Magnús Jónsson, betur þekktur sem Gnúsi Yones, eru meðlimir í einni vinsælustu hljómsveit landsins um þessar mundir, Amaba Dama. Sumarsmellurinn Hossa hossa hefur hljómað á öldum ljósvakans í sumar en sjálf spá þau lítið í velgengninni og einbeita sér að því að leggja lokahönd á fyrstu plötu sveitarinnar og sinna syninum, Jóni Braga.

Viktoría Hermansdóttir
viktorija@frettabladid.is



Síðustu vikur hafa verið annasamar hjá þeim Steinunni og Gnúsa, forsprökkum hljómsveitarinnar Amaba Dama. Lag þeirra, Hossa hossa, er eitt vinsælasta lag sumarsins og þau hafa verið sveitt síðustu vikur við að leggja lokahönd á fyrstu plötu sveitarinnar. „Við erum kannski ekkert búin að vera spila neitt rosalega mikið í sumar af því við höfum verið að taka upp plötuna,” segir Steinunn þegar blaðamaður hittir skötu-hjúin á kaffihúsi í miðbænum eitt haustkvöld. Það er stund milli stríða, þau eru nýkomin úr hljóðprufu og á leið að fara að spila á tónleikum um kvöldið en gefa sér smá tíma í spjall meðan þau fá sér kvöldmat. Þau henda í sig samloku og djús og þegar þau eru búin ákveðum við að rölta á hljóðlátari stað. Á leiðinni út rekast þau á tvo hljómsveitarmedlímna og þeim er heilsað með faðmlagi. „Við erum alltaf að rekast á einhvern úr hljómsveitinni, við erum svo mörg,” segir Steinunn hlæjandi þegar við göngum út af staðnum. Það er kannski ekki skrítið í litlu Reykjavík því samtals eru hljómsveitarmedlímir tíu talsins. Þau segja þó ekki erfitt að ná öllum höpnum saman til að æfa. „Nei, það tekst alltaf. Við erum allavega með einn fastan tíma í viku fyrir æfingu,” segir hún í þann mund sem við göngum inn á rólegt kaffihús og finnum okkur sæti við borð á efri hæð staðarins.

Óhefðbundið fjölskyldulíf

Þau Steinunn og Gnúsi eru litrík í klæðaburði enda hefur það verið eitt meginþema hljómsveitarinnar; glæðvæir tónar og litrík föt í anda rastafarian. Þau segjast vera

nokkuð samstíga að flestu leyti en þau hafa verið saman í fimm ár. „Við kynntumst í partí hjá sam-eiginlegum vini,” segir Gnúsi eftir smá umræður þeirra á milli um það hversu langt sé síðan þau kynntust. „Síðan fórum við bara að hittast eftir það,” segir Steinunn brosandí. Fyrir einu og hálfu ári urðu þau svo foreldrar þegar sonurinn, Jón Bragi, kom í heiminn. „Hann er yndislegur og svo góður,” segir Steinunn stolt um soninn. „Alveg ótrúlega góður, svona eins og öllum finnst sín börn best,” segir Gnúsi hlæjandi.

Þau segja fjölskyldulífið kannski óhefðbundið að vissu leyti þar sem þau séu bæði í sömu hljómsveitinni og séu oft að æfa eða spila á kvöldin. „Það gengur samt allt upp, við erum svo heppin að eiga góða að sem eru til í að passa fyrir okkur,” segir Steinunn.

Pabbi mesti addáandinn

„Foreldrar okkar hjálpa okkur mikið. Við þurfum náttúrulega oft pössun á leiðinlegum tímum, eins og á kvöldin og svona,” segir Gnúsi. „Mamma hans og pabbi passa samt örugglega ofstaf því að pabbi minn mætir á eiginlega alla tónleika,” segir Steinunn hlæjandi og upplýsir að faðir sinn sé líklega mesti addáandi hljómsveitarinnar. „Hann passar samt oft þegar við erum á æfingum,” segir Steinunn og bætir við: „Síðan er það foreldrafélag Amaba Dama sem fylgir okkur eftir,” segir Steinunn. „Við vorum að spila á Akureyri um daginn og þá komu foreldrar okkar, foreldrar Sólku og fleiri í hljómsveitinni. Það var mjög skemmtilegt,” segir Gnúsi. „Þau fóru síðan á djammíð eftir tónleikana en við upp á hótél með strákinn okkar. Svona er rokkstjörnulífarnið,” segir hún brosandí. Þegar þau hafa verið að spila út á landi þá hefur Jón Bragi líka oft fengið að koma með þeim. „Hann er svo þægilegt barn. Við fórum til dæmis með hann á Rauðasand síðasta sumar, þá var hann

þriggja mánaða. Svo kom brjáláð veður en hann var með okkur allan tímann meðan við vorum að reyna halda tjalduinu svo það myndi ekki fjúka. Það er smá skrítið að hugsa til þess núna að við höfum tekið hann með svona ungan á tónlistarhátíð en okkur fannst það bara rétt þá,” segir Gnúsi og viðurkennir að þau séu ekki of mikið að stressa sig á hlutunum.

Ein stór fjölskylda

Steinunn hefur lagt stund á þjóðfræði og kvikmyndafræði við HÍ og á bara eftir að skrifa BA-ritgerðina sína, núna vinnur hún í miðasölu Borgarleikhússins. Gnúsi er upptökustjóri og hefur aðstöðu í bílskúrnum heima hjá þeim. „Núna er það reyndar undirlagt fyrir Amaba Dama-plötuna en hún fer að verða tilbúin,” segir hann. Hljómsveitin þeirra, Amaba Dama, vakti mikla athygli í sumar. Hljómsveitina stofnuðu þau skötu-hjú árið 2011 en það hafa orðið miklar mannabreytingar innan bandsins síðan þá. Nánast allir innan bandsins tengjast á einhvern hátt.

„Þetta eru mjög mismunandi tengsl, elskendur, systkini og alls konar,” segir hún. „Þetta er í raun bara eins og ein stór fjölskylda,” segir Gnúsi.

Reggí gott fyrir sálina

Bæði hafa þau mikinn áhuga á reggí tónlist. „Ég var í hiphoppinu áður og minn áhugi kemur þaðan,” segir Gnúsi en hann var áður í rapphljómsveitinni Subterranean. „Ég held ég hafi kynnst reggí í gegnum Magga. Ég hafði alveg hlustað á það áður en nú er ég heltekin,” segir Steinunn brosandí. „Við fáum svo mikið út úr því að hlusta á reggí, það er gott fyrir sálina,” segir hún.

Þau segjast spá mikið í óhefðbundnum hlutum. „Við þælum mikið í heiminum,” segir Steinunn. „Já, og geimverum,” segir Gnúsi. „Þær eru auðvitað hluti af heiminum,” segir hún. „Við reynum að

Vinsældirnar komu ekki á óvart

Lagið Hossa hossa skaust á methraða upp vinsældarlista útvarpsstöðvanna, myndbandið vakti líka mikla athygli en þar dansa þau og hrísta sig í takt við dillandi tóna lagsins. Þau segja að vinsældir lagsins hafi þó ekki komið þeim á óvart. „Við vorum búin að spila það lengi á tónleikum og því var alltaf mjög vel tekið. Fólk virtist kunna vel að meta það og fannst það skemmtilegt,” segir Gnúsi. Hljómsveitin hefur vakið athygli fyrir líflega og skemmtilega sviðsframkomu við reggískotna tónlistina. Þau segja það skipta mestu máli að hafa gaman. „Við leggjum mikið upp úr því að hafa gaman á sviðinu og dansa, það skilar sér til áhorfendanna,” segir hann.

HLJÓMSVEITIN HEITIR EFTIR EINFURUMUNGI

Hljómsveitin Amaba Dama var stofnuð árið 2011. Nafn hljómsveitarinnar er tilkomið vegna þess að amaba er uppáholdseinfurumungur Steinunnar. „Dama bættist við því það er hægt að spegla það Amaba Dama. Við fundum upp á þessu nafni einhvern tímann þegar við vorum að keyra um landið ég og Maggi,” segir Steinunn. Lagið Hossa hossa er eitt vinsælasta lag sumarsins og var ýmist efst eða ofarlega á toppi vinsældarlistanna í allt sumar. Meðlimir sveitarinnar eru tíu talsins en talsverðar mannabreytingar hafa orðið innan hennar síðan bandið var stofnað. Fyrsta plata sveitarinnar er væntanleg fyrir Iceland Airwaves-hátíðina.

vera opin fyrir öllu sem mörgum finnst örugglega geggjað en það finnst okkur gaman,” segir hann íbygginn. Trúa þau þá á geimverur? „Já, það er ekki annað hægt,” segir Steinunn. „Annað væri fátíttlegt miðað við hvað við erum lítill hérna og heimurinn stór. Það væri mjög skrítið allavega ef við værum ein hér,” segir hann.

Reggívæða þjóðina

Áhuginn á reggí hefur fleytt þeim til útlanda og hafa þau tvisvar farið til Spánar á reggíhátíð. „Við fórum fyrst og fremst til að njóta. Svo fær maður líka mikinn innblástur og hugmyndir að lögum, maður finnur einhverja örgu þarna,” segir Gnúsi. Aðspurð hvort þau ætli sér að reggívæða þjóðina segir Steinunn hlæjandi: „Hjálmur voru nú byrjaðir á því en við komum þarna á eftir kannski og höldum þessu áfram.”

„Þú dansar rosalega asnalega!”

Þau kippa sér lítið upp við aukna athygli eftir að lagið þeirra varð vinsælt en viðurkenna þó að stund-

um sé gjóað augum í átt til þeirra. „Við fórum lítið út á lífið núna af því við erum með lítið barn en fórum kannski frekar þegar við erum að spila,” segir Gnúsi. „Við fórum samt út um daginn og þá tók maður aðeins eftir því að fólk var aðeins gjóað augnum á okkur,” segir Steinunn. „Þetta kvöld vorum við að labba á Laugaveginum og þá kom miðaldra maður skælbrosandi upp að mér og sagði: „Hey, þú syngur Hossa hossa, þú dansar alveg rosalega asnalega!” segir hún og skellihrar.

Fyrsta plata sveitarinnar er svo væntanleg á næstunni. „Við erum að klára hana bara núna. Hún verður allavega tilbúin fyrir Airwaves,” segir Gnúsi en hljómsveitin spilar á hátíðinni. „Það verður örugglega mjög gaman, við spilum á tveimur kvöldum en síðan líka fullt af „off venue”,“ segir hún. Á Airwaves eru oft nýjar hljómsveitir uppgötvaðar og fá tækifæri í kjölfarið út í hinum stóra heimi. Langar þau þangað? „Það væri alveg gaman að spila einhvers staðar úti en það kemur þá bara í ljós,” segja þau pollróleg.

Erikur
veljið sjálf 3 stk.
1.299

Rafhlöðuborvél
14.4 V
3.995

Rafhlöðuborvél Power Plus
14.4V.
5245317

GÓÐ KAUP Í HÚSASMÍÐJUNNI

VÖRUTRILLA

5.995 kr



Vörutrilla Millarco
150 kg
5080149

RYKSUGA

7.795 kr



Ryksuga Power Plus
1200W. Ryksugar blautt og þurt.
5247007

HILLUREKKI

8.995 kr



Hillurekki Strong 265
200x120x50 cm
5803675

265
kg
HVER HILLA

HILLUREKKI

2.595 kr



Hillurekki Solid 50 Galva
150x75x30 cm
5803671

50
kg
HVER HILLA

VEGGMÁLNING

7.996 kr

9.995 kr



HarpaSjófn Polytex 7
Veggmalning 10 ltr. Litir: hvítt, beinhvitt og ljós antik.
7119970-77

10 ltr.

Matar- og kaffistell
f/6 24 stk svart Studio.
2201157

MATAR- OG KAFFISTELL

6.000 kr



LUKTIR
NÝ SENDING

VERÐ FRÁ
2.990 kr



HAUSTLAUKAR
EITT MESTA
ÚRVAL LANDSINS

KRÓSKUSAR 50 STK

999 kr

~~1.699~~



LAGERHREINSUN Á ÚTTVISTARFATNAÐI
Í SKÚTUVOGI



HELDUR ÁFRAM UM HELGINA 50-70% AFSLÁTTUR
ÚLPUR • JAKKAR • REGNFATNAÐUR • KULDAGALLAR • HLAUPAFATNAÐUR • FLÍSPEYSUR • STÍGVEL O.F.L.

blómaval

HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!



799 kr. pk.

Verð áður 998 kr. pk.
BBQ Spare Rib, 500 g



699 kr. kg

Krónu kjúklingaleggir

3799 kr. kg

Verð áður 4498 kr. kg
Lambafille, með eða án marineringar

HELGARSTEIK Í KRÓNUNNI



1299 kr. kg

Lambalæri kryddað eða ókryddað

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndabreytingu

Kauptu kökuform og þú færð 1 pakka af Shop Rite kökumixi í kaupauka

Nýtt



998 kr. stk.

Non Stick kökuform, 20 cm hringur eða 17x17 cm ferhyrnt form

398 kr. pk.

Senseo kaffipúðar, 4 teg., 12 í pk.

HREINLEGA FRÁBÆRT VERÐ!

20% afsláttur

639 kr. stk.

Verð áður 799 kr. stk.

Cillit baðherbergishreinsifroða eða fituhreinsir



20% afsláttur

Vanish blettaeyðir

Bleikur, 500 g 839 kr. ~~1049 kr.~~
Grænn, 500 g 679 kr. ~~849 kr.~~



20% afsláttur

Finish fyrir uppvottavélar

Töflur, 53 stk. 1279 kr. ~~1599 kr.~~
Hreinsir, 250 ml 359 kr. ~~449 kr.~~



Krónan og Neutral bregða á leik

Viltu vinna þvottavél?

Ef þú verslar vörur frá Neutral fyrir að lágmarki 2.000 kr. áttu möguleika á að vinna þvottavél frá AEG.

Vinningar:

1. AEG þvottavél að verðmæti 145.900
- 2-4. Neutral gjafakarfa
- 5-10. Neutral Face Care taska

Leikurinn stendur til 22. október 2014

Þú kemur kassakvittun ásamt þátttökuseðli í merktan kassa í næstu Krónuverzlun eða sendir til Nathan & Olsen, Klettagörðum 19, 104 Reykjavík, merkt Neutral leikur. Haft verður samband við vinningshafa.

Neutral®

verndar viðkvæma húð



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

VITLAUS VÍSINDI

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson hélt að hann fengi ekki að upplifa margt nýtt í sögulegum rannsóknum á sinni ævi.



Peim mun kátari varð hann þegar splunkunýjar rannsóknir skila óvæntum niðurstöðum.

Vísindin efla alla dád,“ en svo orti Jónas Hallgrímsson í kvæði til heiðurs herra Páli Gaimard, frönskum náttúrufræðingi sem stýrt hafði vísindaleiðangri til Íslands og meðal annars staðið á „tindi Heklu hám“ eins og líka segir í kvæðinu. Jónas og Gaimard voru báðir hluti af þeirri vísindabyltingu sem brotist hafði út á Vesturlöndum í kjölfar Upplýsingarinnar á 18. öld þegar loks tókst að losa hugsun Evrópumanna úr böndum sem steingeld trúarbrögð höfðu hneppt hana í öldum saman. Þetta voru æsandi tímar, menn fóru að skoða allt í kringum sig á nýjan hátt og velta við hverjum steini. En þeim mun sorglegra er að einmitt um þær mundir voru vísindamenn – eða köllum þá *meinta* vísindamenn – að leggja drög að „vísindum“ sem áttu ekki aðeins eftir að reynast kolvitlaus og eintóm blekking, heldur urðu á endanum bæði andstyggileg og stórhættuleg, og ábyrg fyrir dauða milljóna manna.

Ég á við „kynþáttavísindin“ svokölluðu. Þegar náttúruvísindin tóku að þróast með ógnarhraða undir lok átjándu aldar fóru menn að velta fyrir sér af hverju fólk væri ólíkt í útliti eftir búsetu. Það blasti bara við – í Afríku voru menn afar dökkir á hörund, í Evrópu mun fólari, í Kína og Suðaustur-Asíu var

augnaumbúnaður fólks nokkuð öðruvísi en annars staðar, og svo framvegis. Og menning var ólík, og tæknistig; hvornig skyldi standa á því? Hlaut ekki að vera hægt að finna á þessu vísindalegar skýringar?

Og eins og endranær, leitið og þér munuð finna. Brátt töldu menn svörin liggja í því að mannfólkið tilheyrði ólíkum kynþáttum. Þessir kynþættir hefðu vaxið upp hver í sínum heimshluta og þróað með sér ekki aðeins mismunandi útlit, heldur líka mismunandi eiginleika alls konar, sögðu forkólfar hinna nýju vísinda. Vopnaðir því sem menn vissu um erfðir og kynbætur plantna smíðuðu menn nú hátimbraðar kenningar um kynþættina sem mannkynið skiptist í, alls konar vísindamenn sem sjálfsagt voru velmeinandi eyddu ævinni í að mæla með tommustokkum höfuðkúpur eða neflengd eða hnakkalögun fólks á ólíkum svæðum – og svo voru hinir meintu kynþættir greindir niður eftir þessum og öðrum rannsóknum sem menn voru sannfærðir um að hefðu raunverulegt vísindalegt gildi.

Gallinn við þetta allt saman var sá að undir eins og menn þóttust geta skipt mannfólkinu upp í mismunandi hópa og jafnvel greint ólíka eiginleika hópanna, og loks metið – guð fjarri mér! – mismiklar gáfur þeirra, þá var farið að gera upp á milli.


Útrýma eins og meindýrum

Þau „kynþáttavísindi“ sem samtímamenn Jónasar Hallgrímssonar og herra Páls Gaimards þróðu enduðu svo eins og við vitum með skelfingu. Menn eru frá því í árdaga alltaf svolítið tortryggir í garð þeirra sem koma úr næstu sveit, tala nú ekki um ef þeir líta dálítið öðruvísi út en við, en yfirleitt er engin ástæða til að gera of mikið veður út af þeirri tilhneigingu. Þegar hún var hins vegar studd harðskeyttum „vísindum“ um að hyskið úr næstu sveit sé bæði heimskara og verr innrætt en við, þá var ekki von á góðu. Og það fór svo að jafnvel skikkanlegt fólk var farið að trúa því að sumar manneskjur væru „óæðri“ og ekki væri bara réttlætun heldur líka æskilegt að útrýma þeim eins og meindýrum. Og raunar væru þetta varla manneskjur yfirleitt.

Fjandskapur, þröngsýni og mannvonska

En kynþáttahyggjan, sem þóttist studd svo fínum „vísindum“, hún hleypti ekki aðeins upp á sig fjandskap og þröngsýni og mannvonsku og gat af sér útrýmingarþúfirnar Auschwitz, hún reyndist líka vera alröng og alls engin vísindi. Nú hafa vísindamenn sem betur fer til umráða skárri tæki en

UPPRUNI EVRÓPUMANNA



höfuðbeinatommustokka kynþáttufræðinganna, og niðurstaða þeirra er sú að „kynþættir mannkynsins“ í hinni fyrri merkingu orðanna eru alls ekki til. Þótt mismunandi umhverfi hafi þær afleiðingar að útlit fólks hafi þróast á nokkuð ólíkan hátt eftir heimshlutum, og þótt menningin hafi hökt mishratt af stað af öllum mögulegum ástæðum, þá greinir alls ekki svo mikið milli eðliseiginleika manna né erfðarþátta að réttlætunlegt sé að tala um ólíka kynþætti. Vísindamenn, sem vita upp á fyrirrennara sína skömmina, eru því hættir að tala um kynþætti í þeim skilningi sem gert var fyrrmeir.

En svo djúpt var þá buið að sá vitleysunni um „kynþættina“ að fjöldi fólks trúir henni enn þá og rasisminn sem sprakk af kynþáttahyggjuni er því miður ekki dauður enn. Meira að segja þegar ég var í barnaskóla – aldarfjórðungi eftir að kynþáttahyggjan hefði endanlega átt að hverfa með síðustu reykjarbólstrunum frá líkofnunum í Auschwitz – þá átti ég

að læra eins og páfagaukur í Axelsbekk í Melaskóla að mannkynið skiptist í þrjá kynþætti: hvíta menn, svarta og gula.

Af einhverjum ástæðum fór ég að hugsa um þetta þegar ég las nýlega fréttir í erlendum fjölmiðlum um nýjar rannsóknir um uppruna Evrópumanna. DNA-rannsóknir hafa eins og allir vita valdið byltingu í erfðarannsóknum og gert okkur kleift að rekja uppruna fólks langt aftur í tímann og til mismunandi hópa, án þess blessunarlega að kynþáttaruglið hafi upphafist á ný. DNA-rannsóknirnar hafa reyndar endanlega gert út af við hina „vísindalegu“ kynþáttahyggju: þær rekja spor okkar langt aftur í aldir og árdaga en sýna um leið svo greinilega að við erum öll eins innst inni. Þegar ég var strákur og lærði í Melaskóla að ég tilheyrði „hvíta kynþættinum“ sem upprunnin væri í Evrópu fylgdi yfirleitt aldrei sögunni hvaðan við værum komin, við virtumst hafa dúkkað upp eins og af sjálfu sér einhvers staðar í námunda við bæinn Cro-Magnon í Frakklandi og svo aukist að íþrótt og frægt í álfunni okkar, uns við sprungum út sem Grikkir og Rómverjar og eignuðumst fremstu menningu í heimi og lögðum undir okkur öll lönd af því það átti fyrir okkur að liggja. Þetta virtist allt klappað og klárt, og ég man eftir að hafa hugsað með mér: Æ, hvað það er leiðinlegt að ég skuli vera uppi núna, þegar við erum endanlega búnar að fatta þetta allt saman, ég fæ líklega ekki á minni ævi að upplifa spennuna sem fylgir nýjum uppgötvunum, einhverju sem byltir hinni gömlu heimssýn og sýnir okkur nýjan heim eins og „af tindi Heklu hám“.



„Kynþáttahyggjan, sem þóttist studd svo fínum „vísindum“ á sínum tíma, hún hleypti ekki aðeins upp á sig fjandskap og þröngsýni og mannvonsku og gat af sér útrýmingarþúfirnar, hún reyndist líka vera alröng og alls engin vísindi.“

Þrjú ólíkir hópar

En þetta var firra, heimssýnin er gjörbreytt frá því ég var strákur; sem betur fer stendur ekki lengur í sögubókum eða landafræði að mannkynið skiptist í þrjá kynþætti – eða er það nokkuð? En hins vegar er það skemmtileg tilviljun að hinar nýju erfðarannsóknir á uppruna Evrópumanna sýna reyndar að við „hvítu mennirnir“ erum komnir af þremur ólíkum hópum. Fyrstir á vettvang voru veiðimenn og safnarar sem komu til Evrópu í ísaldarhléi, líklega nokkuð beint frá Afríku, og skrimtu þótt hún skylli á aftur, það voru þeir sem í mínum kennslubókum hétu Cro-Magnon menn. En óvænt niðurstaða vísindamanna er sú að þeir hafi verið mjög dökkir á hörund, kannski svipað mest til Indverja nútímans, en hins vegar haft blá augu. Fyrir um 7.000 árum – eða kringum árið 5000 f.Kr. – þá sótti hins vegar nýtt fólk inn í álfuna frá Miðausturlöndum, bænda-fólk, töluvert ljósara á hörund en dökkegt. Og það útlit varð ráðandi um mestalla álfuna, aðallega þó í suðri, en erfðafni hinna dökku bláeygu Cro-Magnon manna mun vera sterkast í norðausturhluta Evrópu. En allra óvæntast var þó að merki fundust um þriðja hópinn – og hann kom til Evrópu austan úr Síberíu nokkuð á eftir bænda-fólkinu. Um tilvist þessa fólks vissi enginn þar til fyrir skömmu síðan, en það mun – ótrúlegt nokk – vera náskyldt indíánium í Norður-Ameríku. Já, þetta eru spennandi tímar!

Muna að drekka vatn

Frábær vatnsvél fyrir fyrirtæki



- Venjulegt vatn + sóðavatn
- Tengist beint við vatnslögn
- Sparar pláss þar sem ekki þarf vatnsdunk
- Hægt að stilla hitastig vatns frá 5-20°C
- Ljós kemur þegar þrifa þarf vél eða skipta um filter



Veit á vandaða lausn

FERÐIR

LAUGARDAGUR 27. SEPTEMBER 2014

Kynningarblað

Hjólaferðir
Árshátíðarferðir
Fimm stjörnu dýrahótel
Októberfest
Ferðalög barna



Hjólað um flatt og fagurt Holland

Petra Sigurðardóttir hjólaði fjögur hundruð kílómetra langa leið á fimm dögum í fallegu og flötu landslagi Hollands. Ferðin heppnaðist mjög vel og er Petra ákveðin í að fara í aðra hjólaferð síðar en það heillar hana að hjóla og njóta umhverfisins um leið. Ferðalangarnir voru þó ekki alveg lausir við vandræðin því fyrsti dagurinn var frekar skrautlegur þegar hvert óhappið rak annað.

Ferðin gekk vonum frammar og voru ferðalangarnir sammála um að þetta væri besta ferð sem þau höfðu farið í. „Við fórum saman þrenn hjón sem eru von að ferðast og fara til dæmis í skíða- og golfferðir. Við erum mjög samhentur hópur sem þekki vel sem er kostur í svona ferð. Það var ekki leiðinlegt í fimm mínútur, mikið að sjá á leiðinni og alltaf góðir og fallegir staðir til að stoppa á. Gististaðirnir voru allir mjög góðir og við fengum alls staðar rosalega góðan mat. Það er svo gott fyrir sálina að hreyfa sig svona allan daginn og ekkert rými fyrir neitt nema gleði,“ segir Petra ánægð.

Holland hentugt til hjólaferða

Ferðaplanið var að hjóla í kringum stærsta vatn Hollands sem

er norður af Amsterdam og heitir IJsselmeer. Reyndar er vatnið flói sem hefur verið lokaður af með þrjátíu kílómetra löngum stíflugarði þannig að vatn hefur myndast. Þar er mikið um landfyllingar og landslagið því afar flatt og hentugt til hjólaferðalaga.

„Við hjóluðum í fimm daga samtals um fjögur hundruð kílómetra leið. Við gistum í litlum þorpum á leiðinni en allt hafði verið pantað fyrir fram. Joost, hollenskur

vinur okkar sem býr hér á landi ásamt íslenskri konu sinni og voru þau með í ferðinni, skipu-

lagði alla ferðina, pantaði hjól sem við leigðum og alla gistingu og lagði upp leiðina. Það eina sem við þurftum að gera var að æfa okkur að hjóla hér heima fyrir ferðina og hlýða honum þegar út var komið.“

Allir komust á leiðarenda

Áður en ferðalangarnir fóru út höfðu þau mest hjólað 57 kílómetra hér á landi og fannst þeim það frekar erfitt. Þeim fannst hins vegar ekki eins erfitt og þau bjuggust við að hjóla úti í Hollandi.

„Fyrsti dagurinn úti var hundruð kílómetrar og allir komust á leiðarenda. Landið er flatt og hjólreiðastígar sléttir og góðir víðast hvar. Við fengum reyndar stundum ansi mikinn mót-vind svo rokið er víðar en á Íslandi. Það er þó engin spurning um hvort ég fari aftur í svona ferð, það er svo frábært að hjóla. Maður kemst tiltölulega hratt yfir en er í svo góðum tengslum við umhverfið, öll skilningarvitin eru virk. Mig langar samt ekki í svona fjallahjólamennsku, það heillar mig meira að hjóla á venjulegu hjóli og njóta umhverfisins án þess að erfiða of mikið eða leggja mig í hættu,“ segir Petra. Hún bætir því við að hún mæli með því að fólk fari í svona ferð. „Það geta allir gert það sem við gerðum, þeir sem eru eldri eða í verra formi geta hjólað styttri vegalengdir á dag. Í Hollandi ▶



Hópurinn skálaði í freyðivíni og gæddi sér á ostum á leið meðfram IJsselmeer. ABSENDAR MYNDIR



Hallur og Petra í einu sjávarþorpanna sem eru meðfram IJsselmeer.



Hallur Halldórsson og Joost fararstjóri rýna í kort.



Hópnum fannst tilvalið að stoppa aðeins á þessum steinbekk sem þau komu að til að hvíla sig eftir að hafa hjólað gegnum skóg.



Stór hluti af fyrsta deginum fór í vandræði og viðgerðir.



Á einu gistiheimilinu var morgunverðurinn framreiddur milli vínrekka enda vínbúð á neðri hæð gisti-hússins. Þar sátu ferðalangarnir að snæðingi þegar fyrstu viðskiptavinir búðarinnar mættu.

► er mjög stutt á milli þorpa og ekki nauðsynlegt að hjóla langt til að finna næstu gistingu. Það sem kom mest á óvart var hversu fallegt er í Hollandi. Ég hef oft komið til Hollands en mest verið í borgum en ekki mikið í þessum sjávarþorpum sem eru meðfram vatninu. Mikið er um seglskútur og alls konar báta, alls staðar síki og falleg torg í hverjum bæ og allt svo ótrúlega snyrtilegt og fínt.“

Vandamáladagur sem endaði vel

Af eftirminnilegri ferð segir Petra fyrsta daginn vera þann eftirminnilegasta. „Við vorum nýlögð af stað klukkan tíu um morguninn þegar hnakkurinn spýttist af hjólinu mínu. Þá var

ekkert annað að gera en að snúa við og fara í hjólaleiguna þar sem eftir töluverða mæðu fékkst annað hjól. Eftir þetta rak hvert óhappið annað, það sprakk tvisvar á einu hjólinu og fleiri vandamál komu upp. Það endaði með því að maður frá hjólaleigunni kom til okkar þangað sem við vorum komin, rétt fyrir utan Amsterdam, og lagaði það sem bilað var og lét okkur fá fleiri varahluti.“

„Þegar við loksins komumst endanlega af stað var klukkan orðin tvö og við áttum eftir að hjóla yfir níutíu kílómetra þann daginn. Loftið seig svo smám saman úr aðalvandamálahjólínu svo síðustu kílómetrana var hjólað á felgunni í sterkum mótvindi. Þegar við komum á

leiðarenda klukkan níu um kvöldið keyrði gisti-hússeigandinn okkur á veitingastað þar sem við rétt náðum fyrir lokun, sveitt í hjólagallanum og illa lyktandi. Gistingin var síðan á efri hæð en á neðri hæðinni var vínbúð sem rekin var af sömu hjónum og gisti-húsið. Við máttum ná okkur í það sem við vildum drekka, áttum bara að skrifa það á miða. Þetta var eina kvöldið sem var bókstaflega ótakmarkað aðgengi að víni en líka eina kvöldið sem við vorum of þreytt til að taka aðeins á því! Morgunverðurinn var síðan framreiddur milli vínrekka næsta morgun og þar sátum við að snæðingi þegar fyrstu viðskiptavinir dagsins komu í búðina. Mjög heimilislegt,“ segir Petra hlæjandi.



Petra kastar mæðinni í miðjum hjólatúr.



Bragi Hinrik Magnússon er annar eigandi Gaman Ferða sem skipuleggja árshátíðarferðir til útlanda frá A til Ö og hnyta afþreyingu af öllum toga utan í ferðirnar til að gera þær eftirminnilegri. MYND/PIETUR

„Þegar fólk er búíð að fara oft í árshátíðarhelgarferðir heima er það farið að þyrsta í tilbreytingu og úr verður skemmtileg helgarferð ytra þar sem árshátíð er eitt kvöldið en restin af tímanum frjálst til eigin útúrdúra og ævintýra.“

Elska fólk og ferðir

Nú færst í móð að fara í árshátíðarferðir til útlanda með tilheyrandi gleði og upplýftingu. Gaman Ferðir skipuleggja árshátíðarpakka með öllu tilheyrandi til heimsborganna Parísar, Lundúna, Berlínar, Barcelona og fleiri áfangastaða.

Við elskum hópa og við elskum fólk. Við höfum yndi af því að skipuleggja hópferðir því viðbrögðin láta ekki á sér standa frá kátum og himinlifandi ferðalöngum þegar heim er komið,“ segir Bragi Hinrik Magnússon hjá Gaman Ferðum.

Gaman Ferðir skipuleggja ferðalög fyrir allt frá tíu manna hópum upp í 400 manns.

„Þetta er alls konar hópar; vinahópar, íþróttahópar og ekki síst árshátíðarhópar því nú færst í aukana að starfsmannafélög haldi utan um árshátíðarferðir til útlanda. Þá leita þeir til okkar eftir hugmyndum um áfangastaði og verð og á því sviði veitum við heildarþjónustu; allt frá flugi og hóteli upp í það að sjá um veisluna í heild með veislu-

stjóra, tónlist, myndatökum og tilheyrandi,“ segir Bragi.

Gaman Ferðir hnyta líka utan í ferðina tónleika, fótboltaleiki, skoðunarferðir, verslunarferðir, go cart, teygjustökk, hjólaferðir og gönguferðir til að gera skemmtiferðina sem eftirminnilegasta.

„Vinsælustu áfangastaðir til árshátíðarferða eru Berlín og Lundúnir sem báðar eru uppfullar af afþreyingu og áhugaverðum stöðum. Í haust bætast við heimsborgirnar Barcelona og París sem báðar eru töfrum gæddar og einstakar heim að sækja en ferðirnar skorðast þó ekki við þessar fjórar borgir þótt þær séu vinsælastar. Flestir fara í þrjá til fjóra daga, sem er virkilega veglegur pakki, og fólk mætir endurnært til baka í vinnu

sína.“ Bragi segir verðið líka koma þægilega á óvart.

„Árshátíð í útlöndum trompar alla aðra starfsmannagleði og er raunhæfur möguleiki enda alltaf hægt að mæta hópum með skemmtilegri ferð á góðum kjörum. Þegar fólk er búíð að fara oft í árshátíðarhelgarferðir heima er það farið að þyrsta í tilbreytingu og úr verður skemmtileg helgarferð ytra þar sem árshátíð er eitt kvöldið en restin af tímanum frjálst til eigin útúrdúra og ævintýra,“ segir Bragi hjá Gaman Ferðum sem eru rómaðar fyrir hlýja og persónulega þjónustu.

„Við tökum þetta frá A til Ö, erum alltaf með símann opinn og alltaf til taks.“

Sjá nánar á gaman.is

Gæludýr á fimm stjörnu hóteli

Margir geta ekki hugsað sér að ferðast án gæludýra sinna. Það getur verið erfitt ef hótelið leyfir ekki dýr. Ef fólk er vel efnað þarf það þó ekki að hafa áhyggjur því til eru fimm stjörnu hótél sem sérhæfa sig í að taka á móti gæludýrum.

Þeirra á meðal er The Milestone, fimm stjörnu hótél í Kensington-hverfinu í Lundúnum. Hótelið er í glæsilegri byggingu í viktorískum stíl, byggt árið 1689. Það sem fólk þekkir sem VIP þýðir á þessu hóteli „Very Important Pet“ og bendir til þess að hótelið sé sérlega gestrisið gagnvart gæludýrum.

Þegar gestir koma með gæludýrið sitt fær það sérstaka gjafakörfu með leikföngum og sælkeramat. Að sjálfsögðu er einnig upplýsingablað um hvað er í boði fyrir dýrið á hótelinu. Sérstakir matseðlar eru fyrir hunda og aðrir fyrir ketti. Auk þess er dýrapassi og kassi með ýmsu skyndihjálpardóti, sem meðal annars inniheldur poka fyrir úrgang. Hótelið útvegar pössun fyrir þá ferfættu og gönguferðir með fagfólki.

„Á þessu hóteli vitum við hversu erfitt það er að skilja gæludýrið eftir heima svo við erum glöð að geta boðið sérstaka gæludýraþjónustu,“ segir á heimasíðunni. Sérþálfað fólk starfar við að aðstoða gesti með gæludýrin sín. Að sjálfsögðu fá dýrin mjúk og góð rúm, teppi og koddar. Þau fá einnig skálar fyrir mat og hreint vatn. Dýrin fá líka sérkort þar sem stendur: „Ekki trufla/dýrið sefur“ sem þjónustufólkið virðir.



Það fer ekki illa um ferfætlingana á fimm stjörnu hóteli.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmaður auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@is, s. 512-5445

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÍTALSKAR SÖNGPERLUR

Kristín R. Sigurðardóttir sópransöngkona og Julian Hewlett píanóleikari flytja vinsælustu ítölsku söngperlurnar í Hörpu á sunnudaginn klukkan 17. Sönglög, dægurlög og vinsælar ariur á borð við O, sole mio og La donna e mobile verða á dagskrá.

30% afsláttur
Íbúfen 400 mg, 30 stykki

LYFSALINN
Glæsibæ | lyfsalinn.is | 517 5500
Opíó: virka daga 8:30 til 18:00
laugardaga 10:00 til 14:00

Parftu að pissa oft á nóttunni?

PRO-STAMINUS
Öflugt efni fyrir karlmenn 50+
Einfalt - 2 töflur á dag
www.gengurvel.is
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða



AFRÍSKT MANGÓ

- Eykur brennslu
- Brýtur fitu hraðar niður
- Dregur úr matar- og sykurþörf



L-CARNITINE

- Skilvirkari brennsla
- Eykur orku og þrek
- Bætir frammistöðu



HINDBER

- Eykur brennslu
- Hindrar fituuppbyggingu
- Dregur úr matar- og sykurþörf



GRÆNT TE

- Eykur orku og þrek
- Styður efnaskipti
- Hreinsar líkamann

SÖLUSTAÐIR

Fæst í fjölda apóteka, Heilsuhúsinu, Heilsutorgi Blómavals, Heilsuveri, Heimkaupum, Fjarðarkaupum og Sportlífi.

OFURBLANDA FYRIR ÞYNGDARSTJÓRNUN

BALSAM KYNNIR RASPBERRY KETONES Blend frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja auka brennslu, hindra fituuppbyggingu, bæta frammistöðu og draga úr matar- og sykurþörf. Styður allar hliðar þyngdarstjórnunar.

HINDBERJAKRAFTUR

RASPBERRY KETONES er náttúrulegt andoxunarefni sem unnið er úr blöndu af hreinum hindberjum og er ein vinsælasta lausn við þyngdarstjórnun í heiminum í dag. Hindber hafa jákvæð áhrif á hormónið adiponectin sem við höfum öll að geyma í líkamanum í mismiklu magni. Adiponectin hefur mikil áhrif á það magn fitu sem líkaminn geymir ásamt því að stýra blóðsykursjafnvægi og insúlínæmi. Raspberry Ketones hjálpar líkamanum að auka adiponectinmagnið í blóðrásinni og þar með auka brennslu, hindra fituuppbyggingu og jafna blóðsykur sem dregur úr matar- og sykurþörf.

GLÆNY OFURBLANDA

RASPBERRY KETONES-FÆÐUBÓTAREFNI frá Natural Health Labs inniheldur nýja ofurblöndu af hreinum hindberjum, grænu tei, afrísku mangói og L-Carnitine sem vinnur gríðarlega vel saman fyrir þyngdarstjórnun, hreysti og vellíðan.

GRÆNT TE er allra meina bót og styður m.a. efnaskipti, hefur orkugefandi áhrif, hreinsar líkamann, jafnar blóðsykur og

inniheldur andoxunarefnið pólfenól sem hjálpar til við að brjóta niður fitu í meltingarvegnum,

AFRÍSKT MANGÓ styður þyngdartap með því að hafa áhrif á myndun hormónsins leptíns, sem er oft kallað „seddu-hormónið“, og þar með draga úr svengd og sætuþörf, og draga úr kólesteróli ásamt því að brjóta fitu hraðar niður.

L-CARNITINE er aminosýra sem flytur fitusýrur til hvatbera (orkugjafa fruma) til orkuframleiðslu. Með því að auka magn L-Carnitine í líkamanum verður fitubrennsla mun skilvirkari sem eykur orku, þrek og úthald. Nýlegar rannsóknir á L-Carnitine hafa einnig sýnt fram á betri frammistöðu í íþróttum og styttri endurheimt.

AÐEINS HÁGÆÐA HRÁEFNI

„Raspberry Ketones-fæðubótarefni frá Natural Health Labs styður þyngdarstjórnun og eykur hreysti. Fæðubótarefnið inniheldur aðeins hágæða hráefni, engin litarefni, engin rotvarnarefni og er framleitt eftir ströngustu gæðakröfum, er GMP-vottað,“ segir Ómar Þór Ómarsson framkvæmdastjóri Balsams ehf.



ÓMAR ÞÓR ÓMARSSON
framkvæmdastjóri Balsams



salcura 100% náttúruleg húðmeðferð í úðaformi

Þjáist þú af sveppasýkingu eða þurrki í slímhúð?

Topida Intimate Hygiene Sprey er sérlega áhrifaríkt við sveppasýkingu, kláða, særindum, þrusku og pírungi í slímhúð.

Helga Torfadóttir mælir hikaust með Topida Intimate Hygiene Sprey.

Útsölastaðir: flest apótek og heilsubúðir.

natures aid

3 mest seldu þyngdarstjórnunarefni í heiminum í dag
Nú í einu hylki!

Green Tea Extrakt

Garcinia Cambogia

Green Coffee Extrakt - með SVETOL

Jafnar blóðsykur • Minnkar sykurlöngun • Brennir umframfitu • Dregur úr matarþörf • Eykur vellíðan

Opið hús

LEIÐSÖGUNÁM OG FARARSTJÓRN ERLENDIS

Kynning á námi í máli og myndum fer fram í skólanum að Bildshöfða 18 fimmtudaginn 18. sept. frá kl. 18 til 20.

Kjartan Trausti Sigurðsson, fararstjóri til fjölda ára, mætir á svæðið.



Ferðamálastólur Íslands

Bildshöfða 18, sími 567 1466
www.menntun.is

Prófaðu áskrift frítt í 30 daga!
-engin skuldbinding!



Tónlist.is

Hlustaðu hvar og hvenær sem er. Þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.

TÖFRANDI OG GÓÐ

HELGIN Eyrún Anna Tryggvadóttir á sér tvö andlit. Annað sýnir góðhjartaðan viðskiptafræðing úr Árbænum en hitt rammgöldrótta og gullslegna töfrakonu.

Víktoría töfrakona er sannarlega töfrandi. Hún er með ljóst slegið hár, í gylltum gammósíum og gullfallegum töfrahetjubúningi. Víktoría tók sér óvænt bólfestu í lífi Eyrúnar í byrjun sumars þegar Eyrún útskrifaðist sem viðskiptafræðingur úr Háskólanum í Reykjavík.

„Þá hafði ég hugsað mér að taka árshlé til að gera eitthvað öðru vísi og skemmtilegt áður en ég héldi utan til framhaldsnáms og taldi mig vera gabbaða í faldala myndavél,“ segir Eyrún og vísar í fund á Café París með töframanninum Einari Mikael.

„Við Einar vorum kunningjar og ég hafði eitt sinn aðstoðað hann við töfrabrögð á Degi rauða nefnsins. Á Café París lagði hann niður plön sín fyrir árið, sagðist verða með töfrahetjubætti á Stöð 2 með haustinu og að sig vantaði töfrakonu sem góða fyrirmynd fyrir stúlkur. Ég varð auðvitað meira en undrandi en þegar Einar sannfærði mig um að ég smellpassaði í hlutverkið gat ég ekki annað en tekið þessu tilboði.“

Við tóku töfraherbúðir þar sem Eyrún lærði allt frá spilagöldrum upp í stór töfraatriði sem innihalda flóknustu sjónhverfingar.

„Skyndilega var ég stödd í raunverulegum töfraheimi þar sem hver dagur er ævintýr. Ég hefði ekki á nokkurn hátt getað spáð þessu en í dag er ég töfrakona sem skemmtir með dýrum og börnunum og það gerir lífið einmitt svo skemmtilegt; að maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér.“

GOTT AÐ GLEÐJA BÖRNIN

Eyrún segir forréttindi að geta glatt aðra og komið fólki á óvart með töfrabrögðum.

„Að hitta börn og sjá þau hrífast með töfrunum er virkilega gefandi og fyrir það er ég þakklát hvern einasta dag.“

Einar Mikael lagði til að Eyrún stykki beint út í djúpu lauginu sem Víktoría töfrakona.

„Þá fórum við til Grænlands þar sem ég stóð ein á sviðinu og töfraði á stórum sýningum og í heimsókn á heimili munaðarlausra barna. Eftir sýningarnar, þegar börnin vildu setjast hjá mér, knúsa mig og spjalla, hugsaði ég: „Ókei, það er ekkert annað sem ég vildi vera að gera akkúrat núna.“ Og þegar vinnudagarnir eru langir hugsa ég iðulega til Grænlands og finn að þetta margborgar sig. Því sem maður skilur eftir hjá börnunum munu þau aldrei gleyma.“

Víktoría varð fyrir valinu sem sviðsnafn Eyrúnar.

„Einar hvatti mig til að taka mér sviðsnafn til að vernda einkalífið. Ég er aðeins farin að finna fyrir því að börn þekki mig á götum úti en það vissi ég að yrði í upphafi og er alveg tilbúin í.“

SKÓLI LÍFSINS DÝRMÆTUR

Töfralíf Víktoríu hefur undið hratt upp á sig og segist Eyrún vera í hlutverkinu af lífi og sál.

„Mér liggur ekkert á að fara strax í framhaldsnám því maður er aldrei of gamall til að setjast á skólabekk. Ég væri líka til í að hasla mér völlu á sviði sjónvarpsþáttagerðar því ég hef lært mikið af hæfileikaríku fólki á bak við tjöldin við gerð töfraþáttanna. Þannig er skóli lífsins dýrmætur líka og þar hef ég lært meira á



HRÍFANDI Eyrún Anna Tryggvadóttir er Víktoría töfrakona. Hér er hún með hrafninum Krummu sem tekur þátt í Sýningu aldarinnar með þeim Einari Mikael og fleiri töfradýrum.

MYND/GVA

þremur mánuðum en á síðustu þremur árum í háskóla.“

Helstu áhugamál Eyrúnar eru heilsusamlegt lífni, ferðalög, fjallgöngur, útivist og samvistir með kærastanum og stórum vinkvennahópi.

„Svo hef ég vitaskuld nýtilkominn áhuga á töfrabrögðum,“ segir hún hlæjandi. „Það kom mér á óvart hversu mikið töfraæði er á Íslandi og hvað fólk á öllum aldri hefur gaman af töfrum. Töfrabrögð gera lífið einfaldlega skemmtilegra og á hverri einustu sýningu skynjar maður þakklæti áhorfenda.“

FYNDNIR SAMSTARFSFÉLAGAR

Eyrún tók þátt í Fegurðarsamkeppni Íslands árið 2011 og varð í öðru sæti í Ungfrú Reykjavík sama ár.

„Það var spennandi lífsreynsla sem nýttist mér vel núna þegar ég þarf að standa fyrir framan myndavélarnar.“

Hún segir töfrakonur þurfa að vera vel á sig komnar. „Maður þarf að hoppa úr og ofan í kassa, skríða, svífa og fleira en líka að vera brosandi og hress því sú útgeislun smitast yfir til áhorfenda.“

Eyrúnu gekk vel að læra sjónhverfingar undir handleiðslu Einars Mikael.

„Einar er afbrigðis kennari og æfingir skapar meistarann. Meðan á náminu stóð vildi ég í aðra röndina ekki vita hvernig hulunni var svipt af þeim. Mér þykir líka skondið að heimavinnan fyrir fáeinum mánuðum var að gera viðskiptaáætlanir en heimavinnan nú er að gera töfrabrögð fyrir fjölskylduna.“

Samstarf þeirra Eyrúnar og Einars Mikael er gott. „Einar er frábær yfirmaður þótt við litum frekar á okkur sem samstarfs-

félaga. Hann hefur kennt mér margt, eins og að vera jákvæð og líta á vandamál sem tækifæri. Það er gaman að vinna með Einari og hann er fylginn sér og hikar ekki þegar kemur að hugmyndum sem öðrum þræði eru óyfirstíganlegar.“

Eyrún segir vinnu með dýrum gera vinnudaginn 100 prósent skemmtilegri.

„Sú vinna hefur oft verið hlægileg en líka erfið. Við erum með sirkushund sem gerir kúnstir, hest sem ég læt leggjast, talandi páfagauka í snúsnú og hrafninn Krummu sem mér þótti í fyrstu óhugnanleg en er svo fluggáfuð að sýni maður henni eitthvað einu sinni er hún búin að læra það um leið.“

BJARGAÐI LÍFI MANNIS

Á fermingarárinu drýgði Eyrún hetjudáð ásamt tveimur vinkonum sínum.

„Þá vorum við að koma inn í blokk hjá vinkonu minni og heyrðum neyðaróp úr kjallaranum. Upp kom maður sem hafði skorið sig illa á ljósaperu og rífið í sundur slagæð, taugar og vöðva. Á einni mínútu breyttumst við í litlar og læknakunnandi hetjur, fórum með manninn niður, fundum handklæði, bundum um sárið, héldum hendinni uppi, hringdum á sjúkrabíl, kældum hann og héldum með meðvitund á meðan beðið var eftir sjúkraliði. Við vorum örugglega á réttum stað á réttum tíma því manninn var að blæða út þegar sjúkrabíllinn kom og eftirminnilega góð tilfinning þegar allt fór á endanum vel. Þarna munaði mjóu og fyrir björgunina fengum við nammikörfur frá fjölskyldu mannsins.“

thordis@365.is

MUN BETRI AF RISTILKRAMPANUM

ICECARE KYNNIR Bio-Kult Candéa-hylkin geta virkað sem vörn gegn sveppasýkingu í meltingarvegi. Berglind Káradóttir er betri af ristilkrampa og líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Candéa-hylkin inn reglulega.

Bio-Kult Candéa-hylkin geta fyrirbyggt sveppasýkingu í meltingarvegi. Berglind Káradóttir er með óþol fyrir nokkrum fæðutegundum og fékk reglulega ristilkrampa, uppþembdan maga og ógleði. „Ég hef þurft að passa vel upp á mataræðið, ekki síst þegar ég fór í veislur þar sem ég gat ekki vitað hvað var í matnum og fékk krampa í kjölfarið. Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist þetta og maginn og ristillinn eru til friðs. Ég tek tvö hylki með morgunmat og ristilkramparnir heyra sögunni til. Ég, systir mín og dóttir tókum allar Bio-Kult með góðum árangri,“ segir Berglind.

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi



kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki svo sem munnangur, fæðuþol, þirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í líðum, mígreni eða ýms húðvandamál.

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.



LÍÐUR BETUR
Berglind Káradóttir líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Candéa og ristilkramparnir heyra nú sögunni til.



VAKNAR ÚTHVÍLD

Melissa Dream fær þig til að sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta eru ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið fól og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann. Það er ekki óalgengt að vinir og samstarfsmenn hafi áhyggjur af þér. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifa- rík pyntingaraðferð.

SOFÐU BETUR

Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prófa Melissa Dream-töflurnar. Sítrónumelis-töflurnar (lemon balm) viðhalda góðum og endurnærandi svefni.

MELISSA DREAM

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), melissa officinalis, verið vinsælt meðal



grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessi vísindalega samsetta náttúruvara er hönnuð til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og inniheldur ekki efni sem hafa sljógandi áhrif. Sítrónumelis-taflan (lemon balm) inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.

SLAKAR BETUR Á

Unnur Hjartardóttir hefur lengi átt erftit með svefn og fundist erftit að slaka á vegna þreytu og verkja. „Eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream fyrir fjórum mánuðum hef ég fundið miklar breytingar til hins betra. Ég tek tvær töflur um það bil klukkutíma fyrir svefn á kvöldin og ég finn að ég slaka betur á og þreytuverkir og fótapirringur hafa minnkað mikið. Ég vakna úthvöld og mér líður almennt betur í líkamanum eftir að ég byrjaði að taka Melissa.“



BYLTINGARKENNDAR TÖFLUR Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsfulltrúi hjá Icecare, segir Chili Burn vera byltingarkenndar töflur sem hjálpi til við brennslu á náttúrulegan máta.

FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Helene Jensen hefur lagt af eftir að hún fór að taka Chili Burn.

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt,“ segir Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare, sem flytur inn Chili Burn.

Chili Burn-töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmyntuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíum. „Chili Burn virkar þannig með þreföldum hætti, það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.“

LOKSINS FUNDIÐ ÞAÐ SEM VIRKAR

Helene Jensen hefur tekið Chili Burn-töflurnar inn daglega í rúma tvo mánuði. „Ég hef lagt af og ekki bætt kílóunum á mig aftur. Ég nota minni fatastærðir og það er frábært.“ Hún segist hafa barist við hliðarspik og stóran maga í mörg ár, reynt allt til að grennast en ekkert gengið. „Þegar ég las að chili væri náttúrulega efnið í Chili Burn-töflunum

fór ég strax í næstu heilsuverslun og keypti mér pakka – og þá fór eitthvað að gerast! Eftir að ég fór að taka Chili Burn inn hef ég minnkað matarskammtana aðeins. Mér líður betur í maganum og ég er ekki eins þrútin og útþanin eins og ég var áður eftir máltíðir. Ég var næstum búin að gleyma því hvað manni getur liðið vel þegar maður lítur vel út. Ég mun aldrei verða þybbin aftur og mun halda áfram að taka inn töflurnar.“

FRAMLEITT OG PRÓFAÐ Í SKANDINAVÍU

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chili-plöntunni. Þykkunin hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda catechins-andoxunarefni. Klínískar rannsóknir sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu „Obesity“ sýna fram á að sama magn af þeim

innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamshættu. Sérfræðingarnir bættu piparmyntuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi. Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka bestu gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.



habitat 

Tilboðsverð: frá 148.000 kr.

Tilboðsverð: 11.920 kr.

Tilboðsverð: 18.000 kr.

20%+ AFSL. AF

**BORÐSTOFU-
BORÐUM OG
-STÓLUM**

**BORÐSTOFUDAGAR
Í SEPTEMBER**

**FJÖLDI
TILBOÐA**

Tilboðsverð: 29.500 kr.

Tilboðsverð: 111.200 kr.

Tilboðsverð: 99.200 kr.

Tilboðsverð: 4.720 kr.

Tilboðsverð: 34.500 kr. 2 stk.

Tilboðsverð: 22.500 kr. 2 stk.

2 FYRIR 1

**TEKK
COMPANY**

TEKK COMPANY OG HABITAT
KAUPTÚN 3
SÍMI 564 4400
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18
og sunnudaga kl. 13-18



KJÚLLI Í KAFFINU

HELGIN Reykjavík International Film Festival stendur nú sem hæst en fót-boltamarkvörðurinn Róbert Örn Óskarsson úr FH ætlar að reyna að ná sem flestum myndum á hátíðinni enda annálaður kvikmyndaáhugamaður.

Það sem ber hæst þessa helgina hjá Róberti Erni Óskarssyni, markverði FH, er stórleikur Hafnarfjarðarliðsins gegn Val á sunnudag. Hann hvetur fólk til að tryggja sér miða í forsölu „þar sem miðarnir eiga víst bara eftir að hækka og hækka“.

Á hvers konar bíómyndir horfir þú? Ég er eins og Billy Walsh. Ég horfi á allar bíómyndir.

Með hverjum? Öllum. Nema óvinum mínum auðvitað.

Uppáhaldsmyndin? Godfather I og II.

Ætlarðu að fara á einhverja mynd á RIFF? Ég ætla að reyna að ná sem flestum. Ég verð hins vegar að sjá Light Fly, Fly High eftir Hofseth og Østigaard. Ég er mikill áhugamaður um hnefaleika.

Hefurðu farið einn í bíó? Nei. Er of meðvitaður um sjálfan mig.

Hver er óskamorgunmaturinn um helgar? Auðvelt. Amerískar pönnukökur og beikon.

Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn? Kaffi.

Sefur þú út um helgar? Ég er á æfingum klukkan hálf ellefu á laugardögum þannig að ég sef ekki lengi þá. En ég bæti mér það alltaf upp á sunnudögum.

Vakir þú fram eftir? Já.

Færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin? Að sjálfsgöðu. Nachos og eitt-hvað svaðalegt dip. Uuusss!

Ertu með nammidag? Hvaða nammi færðu þér? Engan sérstakan nammidag. Það er hræðileg hugmynd. Ég er nautnaseggur.

Hvað er í sunnudagskaffinu? Ég er meiri matmaður en sælkeri eins og allir mennirnir í fjölskyldunni. Þannig að kjúklingavængir eru mjög líklegir.

Hvað er annars að fréttu? Það er helst að fréttu að epíkin Grafir og bein eftir Anton Inga Sigurðsson verður frumsýnd 31. október næstkomandi. Mynd sem á eftir að vinna hug og hjórtu gagnrýnenda og raska svefni hörðustu manna.

RÓBERT ÖRN ÓSKARSSON
Róbert stendur á milli stanganna í marki FH í stórleikum gegn Val á sunnudaginn.
MYND/VALLI



ÍDÝFA MEÐ SNAKKINU

Þegar gera á vel við sig á kósíkvöldi eru margir sem velja að fá sér snakk. Það er gaman að prófa nýjar ídýfur og þessar hérna eru afar bragðgóðar.

Ef einhverjir eru sammála Róberti Erni, markverði FH, hér að ofan og finnst gott að fá sér snakk og ídýfu um helgar eru hérna tvær einfaldar og góðar uppskriftir sem fljótlegt er að skella í fyrir kósíkvöldið.



SPÍNAT-PARMESAN ÍDÝFA

300 g spínat, smátt niðurskorið
1 bolli sýrður rjómi
¼ bolli rifinn parmesanostur
1 hvítlauksgeiri, niðurskorinn
½ tsk. salt
¼ tsk. pipar

Hræðið saman í skál spínat, sýrðan rjóma, parmesan, hvítlauk, salt og pipar. Berið fram með snakki eða niðurskornu grænmeti.

GRÁÐOSTAÍDÝFA

Salt og pipar
1 hvítlauksgeiri, smátt skorinn
2 ½ tsk. rauðvínsedik
1 tsk. blóðberg, smátt skorinn
250 g gráðostur, rifinn
1 bolli sýrður rjómi
¾ bolli majónes

Stráðið salti yfir hvítlaukinn á meðan hann er saxaður það smátt að hann verður að nokkurs konar þykkni. Blandið honum svo saman við edik og blóðberg í skál. Bætið gráðostinum við og síðan sýrða rjómanum og majónesinu. Bætið svo salti og pipar við eftir smekk.

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



VETRARARUNDIRBÚNINGUR BIFREIÐA

Kynningarblað



Aukið öryggi með nýjum reglum

Kröfur um mynsturdýpt hjólbarða að vetrarlagi hafa verið hertar. Öryggissjónarmið liggja að baki breytingu á reglugerð.

Ný reglugerð um mynsturdýpt dekkja tekur gildi 1. nóvember 2014 en kröfur um mynsturdýpt að vetrarlagi hafa verið hertar. Þannig er lágmarksmynsturdýpt að sumarlagi, frá 15. apríl til 1. nóvember, áfram 1,6 millimetrar, en yfir vetrartímann, frá 1. nóvember til og með 14. apríl, skal mynsturdýptin vera minnst 3 millimetrar. Það er sama tímabil og

heimilt er að aka á negldum hjólbörðum. Á vef Samgöngustofu kemur fram að þessar breytingar séu alfarið gerðar í þágu aukins umferðaröryggis og með hliðsjón af þeim reglum sem gilda annars staðar á Norðurlöndum þar sem akstursskilyrði að vetrarlagi eru svipuð og á Íslandi. Þar kemur einnig fram að við undirbúning þessara breytinga hafi verið

haft fullt samráð við til dæmis lögreglu, tryggingafélög og rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Með aukinni mynsturdýpt mun veggrip hjólbarðanna aukast og hemlunarvegalengdir styttest. Þess er vænst að breytingarnar muni fækka þeim bílum sem þurfa á aðstoð að halda við minnstu breytingar á færð og jafnframt stuðla að fækkun umferðarslysa.

Sjóvá hefur útbúið mynd sem sýnir áhrif mynsturdýptar og ökuhraða á veggrip (miðað við 3 mm vatnsdýpt). Þessar upplýsingar undirstrika mikilvægi þess að fylgjast vel með mynsturdýpt dekkja.



VEGGRIP
Miðað við 3 millimetra vatnsdýpt á veginum

Munstur- dýpt í cm	Lagmarks mynsturdýpt 1,6 mm munstur	Höfuðbaki 4 mm munstur	Ágti bakki 8 mm munstur
5 km/h	100% veggrip	100% veggrip	100% veggrip
75 km/h	10% veggrip	10% veggrip	10% veggrip
125 km/h	0% veggrip	1% veggrip	4% veggrip



HARÐKORNADÉKK

...öruggust
í prófunum*

RANNSÓKNIR FAGAÐILA TALA SÍNU MÁLI...

Samkvæmt rannsókn Sweden Vej og Traffic Institut (VTI*) á vetrardekkjum komu Harðkornadekkinn mun betur út en önnur þekkt merki á markaðnum, m.a. þegar skoðuð var virkni dekkjanna við frostmark. Við þær aðstæður verða flest óhöpp í umferðinni. Einnig kom í ljós að nagladekk höfðu lengri bremsuvegalengd bæði á blautu og þurru malbiki, en við þær aðstæður er ekið 98% af tímanum s.s. á höfuðborgarsvæðinu. Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi, þar sem þau valda hverfandi svifryki og eru endurnytt hráefni. Traustir og kröfuharðir íslenskir viðskiptavinir okkar eru sama sinnis.

Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemarntar sem...

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- ná í gegnum slitlag dekkisins

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is



Gott er að undirbúa bílinn áður en færðin verður svona.

MYND/PJETUR

Er bíllinn tilbúinn fyrir veturinn?

Ýmislegt má gera til að búa bíllinn undir veturinn og gott að gera það fyrr en síðar því annars er hætt við að fólk lendi í örtröð. Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB blaðsins, lumar á nokkrum góðum ráðum, svo sem að láta yfirfara rafgeyminn, smyrja læsingar og að fylla bíllinn þegar bensín er tekið. Einnig er gott að bóna bíllinn svo salt og óhreinindi festist síður á bílnum og hann ryðgi.

Nú stýttist í að veturinn skelli á með öllum sínum kulda og frosti. Til að hann komi ekki aftan að fólk og það sitji fyrsta frostdaginn úti í vegarkanti á bíl sem er dauður eða komist ekkert áfram í svellinu á sumardekkjunum er sniðugt að sýna fyrirhyggju og láta yfirfara bíllinn nú á næstu dögum.

„Það fyrsta sem gefur sig í frosti er rafgeymirinn. Því er ágætt að fara með bíllinn til rafgeymasala eða á verkstæði og fá geyminn mældan og rafkerfið yfirleitt,“ segir Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB blaðsins og vefs FÍB. „Í sumum tilvikum er hleðsluspenna bíla of lág og það skapar vanda þegar lofthitinn lækkar. Lág hleðsluspenna dregur úr líftíma rafgeymis. Hafi bíleigandi grun um að hleðsluspenna sé ekki næg er ástæða til að láta bifreiðaverkstæði mæla spennuna.“

Að sjálfsgöðu þarf að huga að

hjólbörðum bifreiða áður en veturinn gengur í garð. Stefán vill sérstaklega vekja athygli á nýrri reglugerð um mynsturdýpt. Lágmarks mynsturdýpt að sumarlagi eða frá 15. apríl til 1. nóvember er áfram 1,6 millimetrar en yfir vetrartímamann eða frá 1. nóvember til og með 14. apríl skal mynsturdýptin vera minnst 3 millimetrar. „Góðir hjólbörðar eru grundvallaröryggisþáttur og geta skipt sköpum við erfiðar vetraraðstæður. Áríðandi er að hafa réttan loftþrýsting í hjólbörðum til að þeir endist vel og virki rétt. Þegar kólnar í veðri er nauðsynlegt að skipta yfir í vetrar- eða heilsársdekk. Slitsóli þessara hjólbörða er úr gúmmíblöndu sem ekki stífnar í kuldu, sem eykur veggrip og rásfestu ökutækja. Gúmmíblandan í sumarhjólbörða byrjar að harðna þegar hitinn er kominn niður fyrir +7°C. Við -15°C verða sumarhjólbörðar álíka harðir og hart plastefni! Tjara og

önnur óhreinindi sem festast á hjólbörðum í vetrarumferðinni, draga úr veggripi og öðrum eiginleikum og því mikilvægt að þrifa hjólbörða bílanna reglulega með þar til gerðum efnum,“ segir Stefán.

Þrífið og bónið bíllinn áður en fer að frysta, salt og óhreinindi loða síður við bónaðan bíl. „Saltið er alls ekki gott fyrir bíllinn, góð bónhúð ver ytra byrðið og bíllinn ryðgar síður. Einnig er nauðsynlegt að smyrja læsingar með lásaolíu því þá eru minni líkur á að allt frjósi fast. Berið varnar efni, sílikon, á þéttilista dyra til að fyrirbyggja að hurðirnar festist í frosti. Svo er gott ráð að fylla bíllinn í hvert skipti sem bensín er keypt. Hætt er við að loftraki þéttist á veggjum bensíntanks sem fylltur er óreglulega og safnist fyrir í tankbotni. Í frosti verður klakamyndun og íshrönglið getur stíflað bensínleiðslur með tilheyrandi gangtruflunum. Til



Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB blaðsins og vefs FÍB.

varnar þessu er ráðlagt að blanda ísvara í bensíni á haustin. Almennt er talið nægjanlegt að nota 0,2 lítra af ísvara við þriðju hverja áfyllingu.“

Fleiri ráð til að búa bíllinn undir veturinn má sjá á vef FÍB.

„Góðir hjólbörðar eru grundvallaröryggisþáttur og geta skipt sköpum.“

Betra start fyrir þig og þína

TUDOR er hannaður til þess að þola það álag sem kaldar nætur skapa. Forðastu óvæntar uppákomur.

TUDOR betra start!

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshófa 12 110 RVIK 5771515 skorri.is

opið virka daga frá 8:15 - 17:30

TUDOR

EYÐSLA EYKST Í KULDANUM

Eldsneytiseyðsla bíla getur orðið allt að tuttugu prósent meiri í vetrarkuldanum. Raftæki bílsins taka einnig til sín meira rafmagn svo sem rúðu-, spegla- og sætishitarar og miðstöðin.

Fyrstu mínúturnar eftir að bíllinn er settur í gang eru orkufrekastar. Þá hitnar bíllinn ekki til fulls í styttri ferðum. Þetta slítur vélinni og eyðir miklu eldsneyti.

Hægt er að setja vélahitara í bíllinn en ef ekki er hægt að koma því við mætti reyna að nota afturrúðu-, sæta- og speglahitara sem minnst. Passa að loftþrýstingur í dekkjum sé samkvæmt handbók bílsins og jafnvel 0,2 loftþyngdum hærrí þegar kaldast er.



Verið vel undirbúin fyrir veturinn.


Keyrið vélina á sem lægstum snúningi og sleppið stuttum snattferðum.

www.fib.is

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmaður auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, 512-5446

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



HEILBRIGÐIS- OG UPPLÝSINGATÆKNIDEILD Hugbúnaðarsérfræðingur

Landspítali óskar eftir að ráða öflugan hugbúnaðarsérfræðing til starfa við umsjón og rekstur hugbúnaðarkerfa. Í boði eru fjölbreytt og spennandi verkefni hjá traustri stofnun með umfangsmikinn upplýsingatæknirekstur. Gott starfsumhverfi, spennandi verkefni auk virkrar endurmenntunar og möguleikum á starfsþróun. Leitað er að jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala sér um rekstur fjölda hugbúnaðarkerfa og er meginhluti þeirra á sviði rafrænnar sjúkraskrár. Auk þess fer fram á vegum deildarinnar umfangsmikil þróun og samþætting kerfa.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Hafa umsjón með og bera ábyrgð á rekstri upplýsingakerfa
- » Undirbúa uppsetningu á nýjum útgáfum og skipuleggja innleiðingu þeirra
- » Þjónusta, upplýsingagiöf og ráðgjöf til notenda.
- » Greining á þörfum notenda og þátttaka í verkefnum
- » Verkefnastjórn og samskipti við birgja.

Hæfnikröfur

- » Háskólapróf í tölvunarfræði, heilbrigðisverkfræði, eða sambærileg menntun
- » Þekking og reynsla af gagnasafnvinnslu og forritun
- » Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- » Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- » Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- » Reynsla af hópvinnu og verkefnastjórn

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2014.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Upplýsingar veitir Hannes Þór Bjarnason, rekstrarstjóri Hugbúnaðarlausna, hannesb@landspitali.is, sími 543 5391.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

HVAR ER VALLI?

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Einnig hefur sviðið eftirlit með upplýsingatæknikerfum eftirlitsskyldra aðila og sinnir tölvurannsóknunum. Viðkomandi þarf því að hafa mikla þjónustulund og góða þekkingu á tölvum og tækniumhverfi. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi þar sem þjónusta við starfsfólk og eftirlitsskylda aðila er lykilatriði.

Helstu verkefni

- Þjónusta við notendur tölvukerfa
- Uppsetning og viðhald tölvubúnaðar
- Rekstur gagnagrunna
- Annað sem til getur fallið á upplýsingatæknisviði

Hæfni sem m.a. er horft til

- Viðeigandi menntun í kerfisrekstri eða tölvunarfræðum
- Reynsla af rekstri tölvukerfa
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL server
- Frábær hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, kraftur og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Jón Andri Sigurðarson framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs (jonandri@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 13. október nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Sérfræðingur í áhættustýringu

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga óskar eftir að ráða sérfræðing í áhættustýringu. Um er að ræða nýtt stöðugildi hjá sjóðnum en starfsmaðurinn mun sjá um áhættustýringu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME um áhættustýringu lífeyrissjóða. Starfið verður fjölbreytt og snertir öll svið sjóðsins.

Starfssvið:

- Mótun á áhættustefnu lífeyrissjóðsins
- Áhættumat, vöktun og greining
- Gerð og þróun áhættulíkana
- Skýrslugjöf til stjórnenda og stjórnar
- Úrvinnsla og framsetning talna og gagna

Menntunar- og hæfniskröfur:


- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á fjármálamarkaði
- Reynsla af vinnu við áhættustýringu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni



Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2014. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is



VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ MÓTA KRAFTMIKIÐ OG LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI?

Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% uppítíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum öflugt fólk. Einstaklinga sem við treystum fyrir lyklinum að mikilvægustu upplýsingatæknikerfum landsins. Það eru ekki margir sem uppfylla þau skilyrði, ert þú einn af þeim?

Við trúum á öfluga líðsheild og lífum og brennum fyrir áskoranir sem felast í flóknum og krefjandi verkefnum. Við viljum að tími þinn hjá RB sé besti tími starfsævi þinnar.

Við leitum að öflugum einstaklingum í eftirfarandi störf:

Rekstrarstjóri (Service Delivery Manager)

Um starfið:

Rekstrarstjóri er nýtt starf sem mun stýra litlu en vel skipuðu teymi sem verður ábyrgt fyrir að reka tölvuumhverfi valins viðskiptavinar. Hlutverk rekstrarstjórans er að standa við gerða samninga og tryggja að viðskiptavinurinn sé ánægður með veitta þjónustu. Staðan er stjórnunarstaða sem er þjónustulegs, viðskiptalegs og tæknilegs eðlis og mun sá sem er ráðinn í stöðuna fá tækifæri til þess að móta þetta hlutverk enn frekar. Þetta er krefjandi og skemmtilegt starf sem biður eftir réttum einstaklingi.

Hæfniskröfur:

- Að minnsta kosti 15 ára starfsreynsla í upplýsingatækni
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, en ekki nauðsynleg
- Mikil skipulagshæfni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni
- Metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu með 100% að markmiði

Kerfisstjóri í grunnþjónustu (IT Infrastructure)

Um starfið:

Það tekur mörg ár að verða framúrskarandi kerfisstjóri. Ef þín sýn og vilji er að sjálfvirknivæða hlutina og starfa í hópi jafningja sem hafa sömu sýn þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Tækniteymin okkar eru ábyrg fyrir þeirri vinnu sem þau skila og þau hafa frelsi til þess að gera það sem þarf til þess að ná frábærum árangri. Kerfisstjóri er hluti af 30 manna tæknirekstrardeild sem ber ábyrgð á rekstri allra upplýsingatæknikerfa RB auk þess að reka flest miðlæg bankakerfi á Íslandi. Kerfisstjóri mun koma að uppbyggingu og rekstri á sýndarumhverfi, IaaS umhverfi (Infrastructure as a Service) sem og öðrum grunnþjónustum RB. Um er að ræða krefjandi og skemmtilegt starf fyrir öflugan einstakling.

Hæfniskröfur:

- Mikil reynsla af rekstri á grunnþjónustum eins og sýndarlausnum, diskalausnum og netþjónalausnum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, en ekki nauðsynleg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt.
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni

Við bjóðum góða vinnuáðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka .

Spariskór eru sérstaklega velkomnir.

Hægt er að sækja um á www.rb.is til 5. október 2014. Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Eyjólfur Ólafsson forstöðumaður Tæknireksturs, eyjolfur.olafsson@rb.is, sími 569 8611. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánar um RB

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Markmið RB er að gegna lykilhlutverki í hagræðingu innan íslenska fjármálamarkaðarins með því að lækka upplýsingatæknikostnað fjármálafyrirtækja.

Hjá RB starfar mikið af öflugasta IT-fólki landsins – og þó víðar væri leitað.

REIKNISTOFA BANKANNA | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is



Framtíðarstörf hjá Epli.

Þjónustufulltrúi

Ef þú býrð yfir ríkri þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum, ásamt því að hafa óþrjótandi áhuga á tölum og tækni, þá erum við að leita að þér. Við ætlum að bæta við þjónustufulltrúa í framtíðarstarf þar sem gerðar eru kröfur um faglega framkomu, frumkvæði, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

Heildsala

Við leitum að þjónustulundduðum og fram-sæknum starfsmanni í heildsölu Epli sem sér um sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Starfið felur m.a. í sér þjálfun og aðstoð við samstarfsaðila. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölustörfum og mikinn áhuga á tölum, græjum og tækni.

Sendu okkur umsókn ásamt ferilskrá á netfangið: atvinna@epli.is

Umsóknarfrestur er til 5. október.

Epli er sölu-, þjónustu- og dreifingaraðili Apple á Íslandi.



atvinna@epli.is

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

capacent

HELSE PERSONAL AS

Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie, respiratorteam og bofelleskap.

Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og god oppfølging. Dekker bolig og reise etter fastsatte satser.

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske norsk, dansk eller svensk språk både skriftlig og muntlig.

Fredag 31/10-14 kl 12.00 til 18.00 er vi å møte på jobbmesse på Plaza Hotell, Reykjavik. Send oss gjerne en mail i forkant med din cv.

Kontaktinformasjon:
Helse Personal, post@helsepersonal.no
tlf 00 47 902 80 287
www.helsepersonal.no

Aðstoð í eldhús Samskipa

Við leitum að áhugasömum, bjartsýnum og jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að starfa með okkur af fagmennsku og áhuga.

Vinnutími er frá kl. 07.00 - 15.00.

Starfslýsing:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Aðstoð við salatbar, smurbräuðsgerð og aðrar veitingar
- Uppvask og þrif

Hæfniskröfur:

- Þekking á eðli þjónustu og framúrskarandi þjónustulund
- Góður skilningur á verklagsreglum og færni til að fylgja þeim
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, reglusemi og góð ástundun

Umfram allt þarf starfsmaður að hafa að leiðarljósi gildi Samskipa: **Frumkvæði, þekkingu og samheldni.**

Vinsamlega sækjið um starfið á vef Samskipa, www.samskip.is
Umsóknarfrestur er til 5. október nk.

samskip
Saman náum við árangri

Eigum við samleið?



Ef þú ert hress, eldklár og langar að vinna við fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg verkefni fyrir viðskiptavinum víða um heim þá er bæði þinni leit og okkar lokið.

FORRITUN

Helstu verkefni

- ✓ Hönnun og forritun sérlausna fyrir viðskiptavinum
- ✓ Vörupróun eigin lausna fyrir innlandan og erlendan markað
- ✓ Stillingar og aðlaganir á Microsoft Dynamics CRM fyrir viðskiptavinum
- ✓ Samþætting við önnur kerfi

Æskileg reynsla og þekking

- ✓ Góð þekking og reynsla í .Net forritun og C#
- ✓ Reynsla í útfærslu veflausna með HTML, JavaScript og CSS
- ✓ Reynsla í notkun vefþjónusta (web services)
- ✓ Grunnþekking á SQL fyrirspurnum og gagnagrunnum
- ✓ Vakandi auga fyrir góðu notendaviðmóti

TÆKNILEG ÞJÓNUSTA

Helstu verkefni

- ✓ Uppsetning tæknilegs umhverfis fyrir Microsoft Dynamics CRM hjá viðskiptavinum
- ✓ Stillingar og aðlaganir á Microsoft Dynamics CRM
- ✓ Notendaaðstoð
- ✓ Samþætting við önnur kerfi

Æskileg reynsla og þekking

- ✓ Rík þjónustulund
- ✓ Góð þekking á Microsoft hugbúnaði á útstöðvum og netþjónum
- ✓ Reynsla og færni til bilanagreininga á hugbúnaði
- ✓ Microsoft prófgráður eru æskilegar
- ✓ Þekking á Microsoft Dynamics CRM er kostur

Upplýsingar

Nánari upplýsingar um störfin veitir Sigurður Hilmarsson, framkvæmdastjóri í síma 571 9700. Sendu umsókn á netfangið job@xrmssoftware.is ef þú telur að leit okkar sé lokið og þú hefur áhuga á að starfa í spennandi og ört vaxandi hugbúnaðar fyrirtæki. **Algjörum trúnaði er heitið.**

xRM Software er eina íslenska fyrirtækið sem sérhæfir sig eingöngu í innleiðingu og ráðgjöf í Microsoft Dynamics CRM hugbúnaði.

xRMSoftware
www.xrmssoftware.is

Stjórnstöð - Hafnarfirði

566276

Gámaþjónustan hf. óskar eftir starfsmanni í stjórnstöð akstursdeildar. Í starfinu felast m.a. samskipti við viðskiptavinum, verkstjórn, skipulagning aksturs auk fjölbreyttra verkefna í samráði við yfirmann. Leitað er að jákvæðum og kraftmiklum starfsmanni með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tæknimenntun æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Stjórnstöðin er staðsett í Hafnarfirði og er opin frá kl. 7:00-18:00.

Starfsmenn í stjórnstöð skiptast á um að opna og loka starfsstöðinni og einnig skipta þeir með sér helgarvöktum.

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW.VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Deildarstjóri á heimili fyrir börn – Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Laust er til umsóknar starf deildarstjóra í sértæku húsnæðisúrræði fyrir börn í Reykjavík. Sólarhringsþjónusta er veitt á heimilinu. Þjónustan miðast við að efla færni, auka sjálfstæði og auka lífsgæði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber faglega ábyrgð á og hefur umsjón með framkvæmd þjónustunnar.
- Gerð og eftirfylgd einstaklingsáætlananna.
- Stýrir daglegum störfum annarra starfsmanna, í samráði við forstöðumann.
- Veitir leiðsögn og tilsögn um framkvæmd þjónustu.
- Tekur virkan þátt í þróunar- og uppbyggingarvinnu.

Hæfniskröfur

- Starfsleyfi sem þroskajálfi eða háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda.
- Reynsla af starfi með fötludum einstaklingum.
- Reynsla af og þekking á einhverfu æskileg.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Stefania Björk Sigfúsdóttir í síma 533-1125 og 865-3000 eða með því að senda fyrirspurnir á stefania.bjork.sigfusdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 11. október n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

ÓSKUM EFTIR STARFSKRAFTI

ca. 8 tíma á viku í þrif og símvörslu
Upplýsingar í síma 8959503, Svava



Touch hárstofa Háaleitisbraut 68 - S: 553-7171 www.touch.is

Múararanemi

Óska eftir að ráða nema í múrverk.

Fjölbreytt og lifandi starf.
Þarf að hafa bíl til umráða.

Múrdeildin ehf.
s: 899-2346



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Embætti héraðsdómara laust til setningar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur til setningar frá og með 1. janúar 2015 til og með 30. júní 2015, vegna leyfis skipaðs dómara. Dómsmálaráðherra setur í embættið að fenginni ábendingu dómstólaráðs, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Áskilið er að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) núverandi starf, 2) menntun og framhaldsmenntun, 3) reynslu af dómstörfum, 4) reynslu af lögmannsstörfum, 5) reynslu af stjórnábyrgðum, 6) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 7) reynslu af stjórnun, 8) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 10) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 11) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi yfirmenn/samstarfsmenn sem geta veitt bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 12) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskríteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefn fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfíð postur@irr.is, eigi síðar en 13. október 2014.

Innanríkisráðuneytinu,
25. september 2014.

PLÁSS FYRIR FERSKA HUGSUN



★ SERRANO ★

LEITAR AÐ MARKAÐSSTJÓRA

Serrano óskar eftir reyndum og ráðsnjöllum markaðsstjóra til starfa, með auga fyrir tækifærum, nef fyrir viðskiptum og munninn fyrir neðan nefið.

Starfið

Út á við

Markaðsstjóri Serrano rýnir í tölræðina, greinir markaðstækifæri, skipuleggur og tímasetur aðgerðir með auglýsingastofu og hefur umsjón með öllu efni til birtingar.

Inn á við

Umsjón með útliti á veitingastöðum Serrano, matseðlum, fræðsluefni og öðru slíku. Markaðsstjóri vinnur auk þess markvisst að því að gleðja starfsfólk Serrano með viðburðum leikjum og öðru sem eykur starfsánægjuna.

Netið og tengslanetið

Umsjón með uppfærslu á heimasíðu og framsetningu efnis á samfélagsmiðlum. Markaðsstjóri mótast stefnu í styrkjámálum, annast umsóknir og kemur í ferli í samræmi við markaðsstarf fyrirtækisins.

Menntun, reynsla og hæfni

- BA í markaðsfræði eða diplóma í markaðssamskiptum
- Minnst 3 ára starfsreynsla af markaðsstjórn á neytendamarkaði
- Þekking og reynsla af vinnslu tölræði-upplýsinga og greiningu markaða

Serrano er framsækin íslensk skyndibitakeðja sem leggur áherslu á hollustu og hágæðahræfni. Í dag eru starfræktir átta Serrano staðir á höfuðborgarsvæðinu og einn á Akureyri. Umsóknarfrestur er til og með 5. okt. 2014. Umsóknir sendist á pósthólfíð emil@serrano.is


serrano
FRESH ★ HAPPY ★ MEX

www.vinna.is

Lögfræðingur

Fjármálafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa í lögfræðideild, þar sem unnið er að lögfræðiráðgjöf og skjalagerð fyrir öll útlánasvið fjármálafyrirtækisins.

Helstu verkefni

- Lögfræðiráðgjöf
- Sérhæfð skjalagerð
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini vegna lána og trygginga
- Samskipti við innlendar og erlendar lögfræðistofur
- Þátttaka í ýmsum starfs- og verkefnahópum

Hæfniskröfur

- Meistarapróf í lögfræði
- Lögmannsréttindi æskileg
- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Mikil reynsla af láns- og tryggingaskjalagerð
- Mjög góð kunnátta og reynsla í félaga- og veðrétti
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfni í að tjá sig í ræðu og riti
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Jákvætt viðmót og þjónustulund

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is


HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Ríkiskaup eru ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki í fremstu röð sem veitir opinberum stofnunum og fyrirtækjum almenna þjónustu og ráðgjöf á sviði innkaupa. Ríkiskaup annast einnig beina framkvæmd útboða, innkaupa, rammásamninga og eignasölu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Ríkiskaup leggja metnað í að ætíð séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Gæða- og skjalastjóri

Ríkiskaup óska eftir að ráða í starf gæða- og skjalastjóra sem heyrir beint undir forstjóra. Starfið er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum.

Meðal helstu verkefna eru:

- Innleiðing, rekstur og þróun gæða- og skjalastjórnunarkerfa
- Skipulagning og umsjón gæðastarfs og reglulegra innri úttekta
- Skjalfesting verkferla og viðhald rekstrarhandbókar í samráði við stjórnendur
- Ýmis verkefni tengd skjalastjórnun í gagnagrunni
- Eftirfylgni reglna um skjalastjórnun og þjálfun starfsmanna á því sviði
- Afhending skjala- og gagnasafna til Þjóðskjalasafns

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í gæðastjórnun, bókasafns- og upplýsingafræðum eða sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti 3ja ára þekking og reynsla í gæða- og skjalastjórnun skilyrði
- Mikil tölvufærni og haldgóð þekking á gæða- og skjalastjórnunarkerfum
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti, þekking á Norðurlandamáli kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður

Ríkiskaup stefna að vottun gæðakerfis í samræmi við ISO 9001 og frágangi skjala í samræmi við lög og reglur um opinbera skjalavörslu.

Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 13. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Laun skv. kjarasamningum BHM.


HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða þrjá metnaðarfulla og áhugasama starfsmenn



SÉRFRÆÐINGAR Í FYRIRTÆKJATÖLFRÆÐI

Þrjú metnaðarfullir og áhugasamir starfsmenn óskast til starfa við þróun, uppbyggingu og framleiðslu á fyrirtækjatölfræði.

Um er að ræða krefjandi og spennandi störf við uppbyggingu fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar og framleiðslu á tölfræði um rekstur og afkomu fyrirtækja eftir atvinnugreinum og landsvæðum.

HÆFNISKRÖFUR

- ✓ Háskólapróf í hagfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- ✓ Hæfni í greiningu ársreikninga er æskileg.
- ✓ Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu er æskileg.
- ✓ Þekking á íslensku atvinnulífi er kostur.
- ✓ Þekking á vinnslu gagnagrunna er kostur.
- ✓ Góð íslensku- og enskukunnátta.
- ✓ Samskiptafærni.
- ✓ Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til **13. október 2014**

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík
Sími 528-1000
Netfang starfsumsokn@hagstofa.is
Upplýsingar Helga Hauksdóttir [helga.hauksdottir@hagstofa.is]



Hagstofa Íslands

Grunnskóli Borgarfjarðar auglýsir eftir kennara



Að Varmalandsdeild skólans vantar okkur umsónarkennara til starfa vegna forfalla. Húsnæði í boði á staðnum.

Laun samkvæmt kjarasamningi KI og LS.
Umsóknarfrestur til 3. október 2014.

Umsóknum skal skilað skriflega til skólustjóra með upplýsingum um menntun, réttindi og starfsreynslu, ásamt ábendingu um meðmældur.

Mikilvægt er að umsækjendur hafi gaman af því að starfa með börnum og ungmönnum og séu tilbúnir að vinna eftir stefnu og gildum skólans. Sjá heimasíðu <http://www.gbf.is/>

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólustjóri í síma 847-9262/433-7302 netfang: ingibjorg.inga@gbf.is

Miðbæjarradíó ehf.

óskar eftir metnaðarfullum og söludrifnum einstaklingi til starfa. Mikilvægt er að viðkomandi hafi ríka þjónustulund, sé áreiðanlegur, hafi jákvætt viðmót og sýni frumkvæði og metnað í starfi.

Starfssvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf
- Innkaup og lagerhald
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun- og hæfniskröfur

- Rafeindavirkjun eða rafvirkjun æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góða framkomu og vandað málfar
- Góð enskukunnátta

Miðbæjarradíó er rótgróið fyrirtæki sem sækir fram á markaði. Vinnustaðurinn er reyklus.

Umsókn skal senda á **starf@mbr.is**.

Frekari upplýsingar veitir Kristinn í síma **786-2435**.



Leikskólakennari óskast

Leikskóladeild Reykhólaskóla óskar eftir að ráða leikskólakennara (deildarstjóra í tímabundið starf) í 100% starf til eins árs frá og með 15. október. Vinnutími er frá 08:00 – 16:00.


Hæfniskröfur

- Réttindi sem leikskólakennari skv. 3. gr. laga nr. 87/2008*
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæðni og sjálfstæði í starfi.
- Stundvísi.
- Jákvæðni og áhugasemi.

Reykholaskóli er sameinaður leik- og grunnskóli. Á leikskóladeildinni er einn deild með 16 börnum á aldrinum 1 – 5 ára. Einkunnarorð skólans er „vilji er vegur“. Lögð er áhersla á skapandi starf og nám í gengum leik.

*Ef ekki berst umsóknir frá leikskólakennurum sem uppfylla hæfniskröfur er heimilt að ráða leiðbeinanda í stöðuna tímabundið til eins árs.

Upplýsingar veitir skólustjóri Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir í síma 434 -7731 eða á netfanginu skolastjori@reykholar.is.



LYFLÆKNINGASVIÐ

Yfirlæknir lyflækninga krabbameina

Laust er til umsóknar starf yfirlæknis lyflækninga krabbameina. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. janúar 2015 eða eftir nánara samkomulagi, til 5 ára, sbr. 2. ml., 5 mgr., 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Fagleg ábyrgð, í samráði við framkvæmdastjóra lyflækningasviðs og framkvæmdastjóra lækninga
- » Fjárhagsleg ábyrgð, í samráði við framkvæmdastjóra lyflækningasviðs
- » Starfsmannaábyrgð

Áhersla er lögð á uppbyggingu, skipulag og þróun lyflækninga krabbameinslækninga við sjúkrahúsið. Yfirlækni ber einnig að vinna að frekari uppbyggingu kennslu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum og vísindastarfi á deildinni

Hæfniskröfur

- » Íslenskt sérfræðileifi í krabbameinslækningum eða almennum lyflækningum með krabbameinslækningar sem undirgrein
- » Leiðtogahæfileikar
- » Stjórnunarreynsla
- » Reynsla af kennslu og vísindastörfum
- » Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 20. október 2014.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2 maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
- » Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til Hlífur Steingrímisdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH, E7 Fossvogi.
- » Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlækniseimbættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mati stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.
- » Fylla þarf út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ýtarlegri upplýsingar í umsókn fyrir læknisstöðu, sjá vef Landlæknis. Óskað er eftir að umsækjendur skili kynningarbréfi með framtíðarsýn umsækjenda varðandi starfið og deildina auk rökstuðnings fyrir hæfi.
- » Upplýsingar veitir Hlíf Steingrímisdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs, hlifst@landspitali.is, sími 824 5498.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.



LYFLÆKNINGASVIÐ

Yfirlæknir Blóðlækninga

Laust er til umsóknar starf yfirlæknis blóðlækninga. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. janúar 2015 eða eftir nánara samkomulagi, til 5 ára, sbr. 2. ml., 5 mgr., 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Fagleg ábyrgð, í samráði við framkvæmdastjóra lyflækningasviðs og framkvæmdastjóra lækninga
- » Fjárhagsleg ábyrgð, í samráði við framkvæmdastjóra lyflækningasviðs
- » Starfsmannaábyrgð

Áhersla er lögð á uppbyggingu, skipulag og þróun blóðlækninga við sjúkrahúsið. Yfirlækni ber einnig að vinna að frekari uppbyggingu á kennslu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum og vísindastarfi á deildinni

Hæfniskröfur

- » Íslenskt sérfræðileifi í lyflækningum með blóðlækningar sem undirgrein
- » Leiðtogahæfileikar
- » Stjórnunarreynsla
- » Reynsla af kennslu og vísindastörfum
- » Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 20. október 2014.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2 maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
- » Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til Hlífur Steingrímisdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH, E7 Fossvogi.
- » Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlækniseimbættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mati stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.
- » Fylla þarf út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ýtarlegri upplýsingar í umsókn fyrir læknisstöðu, sjá vef Landlæknis. Óskað er eftir að umsækjendur skili kynningarbréfi með framtíðarsýn umsækjenda varðandi starfið og deildina auk rökstuðnings fyrir hæfi.
- » Upplýsingar veitir Hlíf Steingrímisdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs, hlifst@landspitali.is, sími 824 5498.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.



Sérfræðilæknir í brjóstaskurðlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í skurðlækningum með undirsérgræinina brjóstaskurðlækningar. Starfshlutfall er 100% eða samkvæmt samkomulagi og veitist starfið frá 1. febrúar 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni, m.a. þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskaðningum
- » Aðgerðir tengdar meðferð brjóstakrabbameina
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar samkvæmt samkomulagi
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Sérfræðivíðurkenning í almennum skurðlækningum og/ eða brjóstaskurðlækningum
- » Viðtæk reynsla af aðgerðum vegna brjóstakrabbameina
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 13. október 2014.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2 maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósritum af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
- » Fylla þarf út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ýtarlegri upplýsingar fyllist út í umsókn fyrir læknastöðu, sjá vef Landlæknis.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Upplýsingar veitir Páll Helgi Möller, yfirlæknir, netfang pallm@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

AÐSTOÐARHÓTELSTJÓRI ÓSKAST

Keahótel ehf. óska eftir að ráða aðstoðarhótelstjóra á Hótel Borg og Apotek Hotel í Reykjavík. Um er að ræða framtíðarstarf.

Starfssvið er m.a.:

Umsjón með daglegum störfum á hótelinu.
Starfsmannahald, kennsla, bókanir, upplýsingagjöf, reikningagerð, afgreiðsla o.fl.

Vinna að sölu- og markaðsmálum hótelsins.

Hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla af hótelstörfum nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Navision bókunarkerfi æskileg
- Sjálfstæði og metnaður til að skila góðu starfi

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð, vera reyklaus, 28 ára eða eldri og geta hafið störf strax. Umsóknarfrestur er til 3. október.

Keahótel ehf. er í örur vexti og verður Apotek Hotel sjöunda hótél keðjunnar þegar það opnar í nóvember n.k. að Austurstræti 16.

Umsækjendur sendi starfsferilskrá með mynd á netfangið olafur@hotelborg.is merkt: aðstoðarhótelstjóri



www.keahotels.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Verkefnisstjóri – Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili

Laus er til umsóknar staða verkefnisstjóra á Droplaugarstöðum. Um er að ræða 80-100% starf.

Helstu verkefni og ábyrgð :

- Skipulagning á daglegu starfi einingar með 26 íbúum
- Ábyrgð á hjúkrun og veittri þjónustu á einingu
- Framkvæmd og eftirfylgd hjúkrunaráætlana
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi

Hæfniskröfur :

- Íslenskt hjúkrunarleyfi, sérnám í öldrunarhjúkrun æskileg
- Reynsla af hjúkrun aldraðra kostur
- Frumkvæði, sveigjanleiki, þolinmæði og jákvætt viðhorf
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þekking á Sögu kerfinu æskileg
- Góð þekking á RAI kerfinu æskileg
- Góð íslensku kunnátta og góður frágangur á texta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún Erlendsdóttir, hjúkrunarstjóri í síma 4149503 og 822-2380 og Ingibjörg Ólafsdóttir, forstöðumaður í síma 414-9502 og 822-3178 eða með því að senda fyrirspurnir á sigrun.erlendsdottir@reykjavik.is eða ingibjorg.olafsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 11. október n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglgi það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

Libra

Þar sem fjármálaþekking
verður að hugbúnaði



Viltu starfa hjá Libra við hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkaðinn?

Libra ehf. leitar nú að öflugum og jákvæðum einstaklingi í spennandi verkefni við þróun og þjónustu Libra hugbúnaðar.

Við leitum að öflugum tæknimanni

Starfssvið

- Tæknileg þjónusta við viðskiptavinum
- Uppsetningar á Libra hugbúnaði hjá viðskiptavinum
- Umsjón með rekstrarumhverfi Libra

Hæfniskröfur

- Reynsla af rekstri Windows server, IIS og Microsoft Sql Server
- Reynsla af Oracle gagnagrunnum er kostur
- Góð samskiptafærni
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Menntun og reynsla af rekstri tölvukerfa

Hjá Libra ehf. starfa um 35 starfsmenn. Við erum leiðandi hugbúnaðarfyrirtæki á fjármálamarkaði á Íslandi. Okkar helstu vörur, Libra Loan og Libra Securities, eru í notkun hjá flestum fyrirtækjum og stofnunum á íslenskum fjármálamarkaði. Hjá okkur muntu fást við krefjandi verkefni í samhentum hópi sérfræðinga sem leggur áherslu á gott skipulag og stöðugar umbætur. Við erum með ánægt og hæft starfsfólk og við vinnum náð með viðskiptavinum okkar.

Starfsumsókn og ferilskrá sendist á robert@librasoft.is fyrir 10. október. Nánari upplýsingar fúslega veittar í síma 595-8760. Bendum einnig á frekari upplýsingar og umsóknarform á vef okkar: www.librasoft.is

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR

Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Hugbúnaðar- sérfræðingur /gúru/snillingur

MyTimePlan ehf. þróar, selur og þjónustar samnefnt tímastjórnunarkerfi á Netinu sem leysir öll viðfangs-efni vaktaskipulagningar, tímaskráningar, útreiknings á tímum til launa og tengist launakerfum. Kerfið auðveldar stjórnendum stýringu mikilvægustu auðlindar fyrirtækisins, þ.e.; mannaúðnum og stuðlar að auknum lífsgæðum og framleiðni. Nánar á www.mytimeplan.is



Starfið:

- Sérfræðingur í MTP sem sér um yfirstjórnun og stillingar á kerfinu.
- Greina og kortleggja þarfir viðskiptavina og laga MTP að þeim.
- Hámarka hagnað viðskiptavina af notkun MTP í eigin rekstri.
- Samskipti við þróunarteymi ásamt því að leiða verkefni í þróun og innleiðingu.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða öðru er nýttist í starfi skilyrði.
- Reynsla af innleiðingu á umfangsmiklum, flóknum og sveigjanlegum hugbúnaði skilyrði.
- Framúrskarandi skilningur og áhugi á hugbúnaði og hugbúnaðarþróun skilyrði.
- Rökhugsun og greiningar-eiginleiki skilyrði.
- Framúrskarandi skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Reynsla og/eða menntun í hugbúnaðarþróun er kostur.
- Reynsla og þekking á launavinnslu kostur.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku.

Þjóðum sveigjanlegt og gott starfsumhverfi. Áhugasamir sendið umsókn á mytimeplan@mytimeplan.is Farirð verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Starfsfólk skrifstofunnar ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra, annast samskipti við borgarþúa og aðra samráðs- og hagsmunaaðila innan- og utanlands, annast skipulagningu viðburða ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Undir skrifstofuna heyra mannaúðsmál, upplýsinga- og vefmál, hagnám, atvinnumál og Borgarskjalasafn.

Erindreki gagnsæis og samráðs

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um starf erindreka gagnsæis og samráðs. Um er að ræða nýtt starf sem sem felur í sér spennandi tækifæri til að útfæra, móta og þróa starfið.

Meginverkefni erindreka gagnsæis og samráðs:

- Að vinna að auknu gagnsæi og bættri upplýsingamiðlun hjá Reykjavíkurborg
- Að vinna að umbótaverkefnum sem miða að aukinni þátttöku íbúa og auknu íbúalýðræði
- Að veita ráðgjöf innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar
- Að starfa með stjórnkerfis- og lýðræðisráði að verkefnum þess
- Að halda utan um vinnu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs

Menntunar og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Reynsla af vinnu innan opinberra stjórnsýslu
- Þekking og áhugi á nýtingu upplýsingatækni og samfélagsmiðlun í starfsemi Reykjavíkurborgar
- Þekking og áhugi á verkefnum á sviði íbúalýðræðis
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar,

www.reykjavik.is/storf til og með **13. október nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Sérfræðingur hjá skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins

Skrifstofan sinnir margvíslegum verkefnum í borgarlandinu s.s. leyfisveitingum vegna afnota af borgarlandi, hreinsun gatna og gönguleiða, vetrarþjónustu, grasslætti, umhirðu opinna svæða, götu og torgsölu, gerð framkvæmdaheimilda, rekstri og umhirðu umferðarljósa og skilta, garðyrkju, vinnu gegn veggjakroti og fleira. Næsti yfirmaður starfsmanns er skrifstofustjóri.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Útgáfa framkvæmdaheimilda og graftrarleyfa vegna viðburðarhalds og framkvæmda.
- Formleg samskipti við framkvæmda-, ábyrgðar-, og hagsmunaaðila.
- Gerð umsagna vegna leyfisveitinga og framkvæmda.
- Yfirferð gagna í tengslum við leyfisumsóknir og framkvæmdir.
- Verkbókhald, yfirferð og samþykkt reikninga.
- Sérfræðivinnu vegna annarra verkefna skrifstofu m.a. aðstoð við afgreiðslu mála er varða götu og torgsölu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í verkfræði, tæknifræði, skipulagsfræðum eða sambærilegum tæknigreinum á háskólastigi sem nýttist í starfi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Reynsla og þekking á verkefnastjórn.
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni.
- Reynsla af skýrslugerð.
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Frumkvæði, áráðni og röggsemi til verka.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góð þekking á MS Office, sér í lagi Word og Excel.
- Góður skilningur á verkboðhaldi.
- Kostur að hafa þekkingu á starfsemi Reykjavíkurborgar og stofnunum hennar.

Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélagas.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðjóna Björk Sigurdardóttir skrifstofustjóri skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins (guðjona.b.sigurdardottir@reykjavik.is) sími 411 1111.

Umsóknarfrestur er til og með **13. október 2014**. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir „Laus störf“ – „Sérfræðingur á skrifstofu reksturs og umhirðu“.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

SÖLUMENN

ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA SÖLUMANN Í FULLT STARF OG SÖLUMANN Í HLOTASTARF

Leitum að kraftmiklum sölumönnum bæði í fullt starf og hlutastarf. Viðkomandi þurfa að hafa mikinn áhuga á raftækjum og vera 22 ára eða eldri. Heiðarleiki, góð tölvukunnátta og rík þjónustulund skilyrði.

Sjónvarpsmiðstöðin er ein rótgrónasta raftækjaverslun landsins þar sem mikið er lagt upp úr góðri og persónulegri þjónustu.

Áhugasamir vinsamlega fyllið út umsóknareyðublað á www.sm.is – smellið á „Upplýsingar“.



Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is

Ert þú brosmildi bókarar-, sölufulltrúa-, snillingurinn sem við leitum að?

Starfssvið er m.a.:

Reikningagerð, innheimta, dagssölufirilt/sölupantanir, mikil samskipti við viðskiptavini og starfsfólk, og sala (tilboðsgerð) ásamt símsvörun).

Leitað er eftir manneskju í 100% starf, með góða reynslu af bókhaldskerfi, tölvukunnáttu, sölu, góða íslenskukunnáttu. Unnið er í Tok bókhaldskerfi.

Veislan er veisluþjónusta selur veitingar úr eldhúsi, smurbrauðsdeild og handverksbakarí ásamt því að leigja sal og fleira.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda ferilskrá og umsókn á arny@veislan.is



Veislan veisluþjónusta

Austurströnd 12/170 Seltjarnarnes
sími 5612031 www.veislan.is



Skóladeild Akureyrarbæjar

Laus er til umsóknar 100% staða ráðgjafa við Skóladeild Akureyrarbæjar

Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á gott samstarf og góða þjónustu. Einnig er mikilvægt að viðkomandi geti unnið utan dagvinnumarkna þegar það á við. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið:

- PMTO foreldraráðgjöf.
- Almenn uppeldisráðgjöf fyrir foreldra.
- Ráðgjöf/samstarf við kennara og annað fagfólk í Grunnskólum Akureyrar.
- Ráðgjöf við SMTO leikskóla vegna innleiðslu á SMTO – skólafærni.
- Aðstoð og kennsla foreldranámskeiðum PMTO og PTC.
- Söfnun og úrvinnsla gagna vegna SMTO og PMTO.
- Önnur þau verkefni sem honum eru falin og falla að verksvið hans.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt. Umsóknarfrestur er til og með **10. október 2014**.



Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • Bréfasími 460 1001

VANTAR ÞIG BETRI VINNU

FRÁBÆR AÐSTAÐA, GÓÐ STEMNING
OG FAGLEG VINNUBRÖGÐ



- tékkaðu á okkur -

- facebook.com/tolvumidlun -

VERTU MEÐ

Leitum að:

- Framúrskarandi forritara

- Kraftmiklum vörustjóra

- Skipulögðum launafulltrúa

Frekari upplýsingar og umsóknir á:
www.tolvumidlun.is/teamtolvumidlun

 TÖLVUMÍÐLUN



Við leitum að snillingum í samskiptum

Vegna aukinna umsvifa leitum við að innheimtufulltrúa til að starfa í nýrri starfsstöð okkar á **Sauðárkróki**

INNHEIMTU- FULLTRÚAR

